




Í faðmi fjalla blárra náttúra **32**



Geisluðu á rauða dreglinum fólk **50**



Tíu ár frá árásunum 11. september hryðjuverk **24**



spottið **16**


FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

10. september 2011
211. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt gæmsluhlutunum. Copyright Grönn og hvít - Sími 2011



Mikil rannsóknarvinna

Höfundar Heimsendisþáttanna ræddu lengi við starfsfólk og vistmenn geðdeilda til undirbúnings. **sjónvarp 22**

Sælkeri gettósin

Coolio, Dolly Parton og Tony Danza eru meðal frægðarfólks sem gefið hefur út matreiðslubækur. **matur 30**



Halda upp á Goonies

Sveppi, Villi og Góí treysta hver öðrum og hafa svipaða afstöðu til lífsins. **krakkasíðan 42**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Heimili&Hönnun | Allt
| Allt atvinna



SPAUGSTOFUSTUÐ Þeir Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson, Örn Árnason og Karl Ágúst Úlfsson voru reffilegir í Bankastrætinu í gær á leið sinni í Hörpuna þar sem haustkynning Stöðvar 2 fór fram. Spaugstofan hefur göngu sína 24. september, en fram undan er annar vetur grínþáttarins vinsæla á Stöð 2 en sá 21. í sögu Spaugstofunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

52% vilja Ólaf ekki í framboð

Rúmur helmingur landsmanna er því andvígur að Ólafur Ragnar Grímsson gefi kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þeim fækkar heldur sem vilja hann í framboð.

KÖNNUN Tæplega helmingur landsmanna vill að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gefi kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið í forsetakönnun sem fara fram á næsta ári, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 47,6 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni vilja að Ólafur Ragnar bjóði sig fram að nú, en 52,4 prósent eru því andvíg.

Þegar Fréttablaðið kannaði síðast afstöðu fólk til forsetans, 24. febrúar síðastliðinn, sögðust 50,2 prósent vilja að Ólafur Ragnar


færi fram á ný, en 49,8 prósent vildu það ekki.

Talsverður munur er á afstöðu fólks til mögulegs framboðs Ólafs Ragnars eftir því hvaða stjórnmálaflokk það styður. Alls sögðust um 56 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokksins vilja að Ólafur Ragnar byði sig fram aftur. Um 30 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar og tæp 32 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna voru sömu skoðunar.

Íbúar á landsbyggðinni eru hlynntari framboði Ólafs Ragnars en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Framboð til forseta

Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður á næsta ári?



Um 52,2 prósent íbúa landsbyggðarinnar vilja að hann bjóði sig fram aftur, en 45,4 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 8. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Finnst þér að Ólafur Ragnar Grímsson ætti gefa kost á sér fyrir fimmta kjörtímabilið sem forseti Íslands þegar kosið verður á næsta ári? Alls tóku 89,4 prósent afstöðu til spurningarinnar.

- bj / sjá síðu 8

TILBOÐ

199 kr.

Allir kaffidrykkir

Caffe latte, Espresso, Macchiato, Sviss Mocca, Cappuccino.

399 kr.

Klassískur Panini

Skinka og ostur salatblað, gúrka og grænmetissósa

Kíktu á www.stodin.is og sjáðu hvar þín næsta stöð er staðsett.



Lilja, er tjaldíð fallið?

„Já, og vonandi gerist eitthvað núna á bak við tjöldin.“

Lilja Dögg Jónsdóttir er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Stúdentar reistu tjaldbúðir fyrir utan Háskólann á fimmtudag til að vekja athygli á hús-næðisvanda háskólanema.



LEITAD Í BÍLUM Aukinn viðbúnaður er í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjamenn varir um sig:

Hætta sögð á hryðjuverkum

BANDARÍKIN, AP Bandarísk stjórnvöld telja raunverulega hættu á því að hryðjuverkamenn reyni að gera árástir í Washington og New York á morgun, þegar tíu ár verða liðin frá árásunum 11. september 2001.

Hillary Clinton utanríkisráðherra segir að trúverðugar upplýsingar liggi fyrir, þótt óstaðfestar séu, um að samtökin al-Kaída standi að baki fyrirhuguðum árásum.

Það eru heimildir frá Pakistan sem herma að reynt verði að sprengja bílasprengjur einhvers staðar í þessum tveimur borgum.

Öryggisgæsla í Washington og New York hefur af þessum sökum verið óvenju mikil nú allra síðustu dagana. - gb

Upprættu landaverksmiðju: Rúmir þúsund lítrar af gamba

LÖGREGLUMÁL Lögreglan uppgötvaði stóra landaverksmiðju í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi í gærmorgun. Lögreglumaður á svæðinu rann á lyktna af landanum.

Rúmlega þúsund lítrar af gamba fundust í verksmiðjunni og 300 lítrar af tilbúnum landa. Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögsluþjónn segir í samtali við Vísi að ekki sé algengt í seinni tíð að verksmiðjur af þessu tagi uppgötvist. - sv

Framlengdur frestur uppreisnarmanna í Líbíu rennur út í dag:

Átök hafa harðnað á ný í Líbíu

LÍBÍU, AP Stuðningsmenn Múammar Gaddafí skutu í gær flugskeytum frá borginni Bani Walid að hersveitum uppreisnarmanna, sem hafa dögum saman hótast því að ráðast á borgina.

Uppreisnarherinn, sem hefur að mestu náð völdum í landinu, hafði gefið stuðningsmönnum fyrri stjórnar frest til dagsins í dag til að gefast upp.

Auk Bani Walid hafa stuðningsmenn Gaddafí tvær aðrar borgir enn á valdi sínu, Sirte og Sabha. Harðir bardagar voru í nágrenni bæði Bani Walid og Sirte í gær,



SIGURVISSIR Uppreisnarmenn í Líbíu búa sig enn undir lokaorrusturnar.

NORDICPHOTOS/AFP

daginn áður en uppreisnarmenn höfðu sagst ætla að láta til skarar skrifa.

Uppreisnarmenn segja að stuðningsmenn Gaddafí séu inni-króaðir og sé sárlega farið að skorta vistir.

Deir hafa einnig sagst hafa umkringt Múammar Gaddafí, án þess þó að hafa upplýst hvar hann á að vera niðurkominn.

Gaddafí, sonur hans Seif al-Islam og Abdullah al-Senoussi, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustu Gaddafí, eru einu mikilvægu einstaklingarnir úr röðum fyrri ráðamanna landsins sem uppreisnarmenn segja enn vera í felum. - gb

Verðhrun beggja vegna hafs:

Bankar falla hratt í verði

BANDARÍKIN, AP Beggja vegna Atlantshafsins féllu verðbréf á mörkuðum í gær. Hlutabréf í bönkum féllu hraðast.

Skuldavandi evruríkjanna ógnar stóru bönkunum, sem þessi skuldugu ríki hafa tekið lán hjá. Takist ríkjunum ekki að greiða afborganir lenda bankarnir í vanda.

Í Bandaríkjunum er hagvöxtur hægur og atvinnuleysi mikið. Loforð Obama forseta um að draga úr atvinnuleysinu hafa greinilega ekki stappað stálinu í markaðinn. - gb

Segja samkynhneigð synd og fá ekki styrk

Hætt er við fjárstyrk frá borginni til Íslensku Kristskirkjunnar því söfnuðurinn telur samkynhneigð glæp. Það samræmist ekki mannréttindastefnu borgarinnar. Forstöðumaður segir söfnuðinum mismunað vegna siðferðisskoðana.

REYKJAVÍKURBORG „Reglurnar bitna á okkur því við höfum þá skoðun að samlíf samkynhneigðra sé ekki gott og hollt fyrir okkur,“ segir Friðrik Schram, safnaðarprestur Íslensku Kristskirkjunnar, sem fær ekki fyrirhugaðan fjárstyrk frá Reykjavíkurborg vegna skoðana safnaðarins á samkynhneigð.

Kirkjubyggingasjóður samþykkti í júní að veittir yrðu átta styrkir. Íslenska Kristskirkjan skyldi fá 700 þúsund krónur vegna viðbyggingar. Borgarráð vísaði málinu hins vegar til skoðunar hjá Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra borgarinnar, vegna gruns um að stefna trúfélagsins samræmst ekki mannréttindastefnu borgarinnar.

„Á heimasíðu safnaðarins er að að finna grein þar sem mörg dæmi eru um þá skoðun forstöðumanns safnaðarins að samkynhneigð sé óeðlileg, að hún sé synd og að það að samþykkja samkynhneigð sé í sjálfu sér að samþykkja þjófnað eða lygar,“ segir í umsögn Önnu, sem mælti gegn styrkveitingunni. Því ákvað stjórn Kirkjubyggingasjóðs að strika söfnuðinn út af listanum fyrir styrkþega að þessu sinni.

Í greininni sem Anna vísar til segir Friðrik Schram að uppaxandi kynslóð þarfnist góðrar fyrirmyndar. „Stöndum því vörð um unga drengi og stúlku, að enginn dragi þau, viðkvæmar sálir, á talar og leiði til samkynhneigðar og/eða saurlifnaðar hverju nafni sem hann nefnist,“ segir safnaðarpresturinn meðal annars.

Friðrik segir ljóst að mannréttindaskrifstofan hafi fundið eitthvað sem henni líki ekki við.



VIÐBYGGING ÍSLENSKU KRISTSKIRKJUNNAR Forstöðumaður safnaðarins segir starfið við viðbygginguna að langmestu leyti unnið í sjálfbodavinnu. Hinir 300 meðlimir trúfélagsins verði einfaldlega að leggja harðar að sér fyrst borgin neiti félaginu um styrk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ANNA KRISTINSDÓTTIR



DAGUR B. EGGERTSSON



FRÍÐRIK SCHRAM

„Þau í mannréttindaráðinu eru í raun búin að að búa til sínar eigin mannréttindareglur sem þau ætla okkur öllum að fara eftir. Þessar reglur bitna á okkur því við höfum þá skoðun sem hefur verið kirkjuleg skoðun í tvö þúsund ár. Algjör minnihluti kristinna kirkna í heiminum aðhyllist aðra skoðun,“ segir Friðrik, sem finnst söfnuði sínum mismunað.

Skýringa verði leitað. „Við höfum ákveðna skoðun í siðferðismálum og mannréttindaráð Reykjavíkurborgar álitur að okkar skoðun sé svo vond að það sé ekki hægt að veita okkur smá styrk en það megi styðja aðra.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs sem í fyrradag staðfesti breytta tillögu Kirkjubyggingasjóðs, segir málið vissulega óvenjulegt. „En þarna vöknudu spurningar og því var tillögu Kirkjubyggingasjóðs vísað til mannréttindastjóra með þessari niðurstöðu,“ segir Dagur.

gar@frettabladid.is

Allsherjarverkfall vofir yfir:

Félagsráðgjafar vilja verkfall

KJARAMÁL Félagsgjafar hjá Reykjavíkurborg munu fara í allsherjarverkfall hinn 26. september næstkomandi náist ekki kjarasamningar fyrir þann tíma. Kosning um boðun verkfallsins fór fram dagana 7. til 9. september. Í tilkynningu frá Félagsgjafafélagi Íslands segir að mikill meirihluti félagsgjafara vilja verkfall, eða 94 prósent af þeim sem kusu. 83 prósent félagsmanna greiddu atkvæði.

Hjá borginni vinna 106 félagsgjafar sem starfa meðal annars á þjónustumiðstöðvum borgarinnar, Barnavernd Reykjavíkur og á skrifstofu Velferðarsviðs. - sv

Landsfundur Samfylkingar:

Jóhanna býður sig aftur fram

STJÓRN MÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ætla að gefa kost á sér áfram sem formaður Samfylkingarinnar á landsþingi flokksins í næsta mánuði. Í tölvuskeyti sem hún sendi félögum sínum í Samfylkingunni í gær segist hún vilja leiða til lykta ýmis mikilvæg mál sem Samfylkingin hafi sett á dagskrá. - gb



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

SLYS

Vinnuslys í Búðarhálsvirkjun

Vinnuslys varð í Búðarhálsvirkjun í gær. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli skarst starfsmaður þar við vinnu sína. Lögregla og sjúkralið fóru á staðinn en maðurinn reyndist ekki alvarlega slasaður.

Námskeið við svefnleysi

-með aðferðum HAM



- Átt þú erfitt með að sofa á kvöldin eða vaknar um miðjar nætur eða snemma á morgnana og nærð ekki að sofa aftur?
- Finnst þér oft að þú fái ekki nægilega góðan nætursvefn og ert oft syfjaður á daginn?
- Hefur þú miklar áhyggjur af svefnleysi og afleiðingum þess?

Sjú vikna námskeið við svefnleysi (insomnia). Námskeiðið er byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar þar sem veitt er fræðsla um svefn, og þátttakendur aðstoðaðir við að breyta svefnhegðun og hugarfari sem grefur undan svefni.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 14. sept kl. 15.00

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is

Bók um flóttakonurnar frá Írak sem settust að á Akranesi kemur út eftir helgi:

Flúðu allt sem þær þekktu

BÓKMENNTIR Þrjú ár eru liðin síðan átta flóttakonur af palestínsku bergi brotnar settust að á Akranesi. Saga kvennanna vakti strax forvitni Sigríðar Víðis Jónsdóttur og nú er væntanleg bók hennar sem segir þá sögu.

„Ég er sjálf frá Akranesi og mér fannst merki-legt þegar þær fluttu í bæjarfélagið að þarna voru konnar konur sem tengdu saman Írak, Palestínu og Ísland á mjög sérstakan hátt. Og það lá í augum uppi að þeirra saga var samofin sögu einhverra stærstu pólitísku mála undanfarinna áratuga, hernámsins í Palestínu og innrásarinnar í Írak. Mér fannst saga þeirra líka áhugaverð vegna þess að í gegnum hana var hægt að fjalla um hvernig það er að þurfa að flýja allt sem þú þekkir og verða flóttamaður,“ segir Sigríður spurð um tildrög bókunnar, sem hún hefur varið bróðurparti undanfarinna þriggja ára í að skrifa.

„Ég ætlaði fyrst að tala einungis við eina eða tvær kvennanna en svo kom í ljós að þær vildu allar tala við mig. Til að fylla inn í myndina tók ég viðtöl við ættingja þeirra, hjálparstarfsfólk, embættismenn og fleiri,“ segir Sigríður sem fór



ÁNÆGÐAR Bókin féll vel í kramið hjá flóttakonunum þegar þær skoðuðu hana í vikunni, nokkrum dögum áður en hún kemur formlega út. MYND/RAUÐI KROSSINN

einnig til Íraks, Ísraels og Palestínu til að afla efnis fyrir bókina sem ber nafnið Ríkisfang: Ekkert.

Útgáfu bókunnar verður fagnað á Akranesi næsta þriðjudag. - sbt / sjá síðu 34

30%

AFSLÁTTARHELGI*

Fatnaður • Búsáhöld • Ljós



Útivistar-fatnaður
30% afsláttur*



Verðdæmi
9.793,-
~~13.990,-~~

Verðdæmi
2.793,-
~~3.990,-~~

Verðdæmi
8.990,-
~~12.990,-~~

Gönguskór
Vandaðir ítalskir. Gartex öndun.
5863237-43

Flíspeysur barna
St. 116-176
5870184-220

Skíðaúlpá
St. XS-XXL
5869922

Búsáhöld
30% afsláttur*



Verðdæmi
2.163,-
~~3.090,-~~

Verðdæmi
14.690,-
~~20.990,-~~

Steikarhnifapör 12 stk
2000749

Pottasett 10 stk
2100031



Verðdæmi
3.490,-
~~4.990,-~~

Matarstell fyrir fjóra
Toronto
2009444

Ljós
30% afsláttur*



Verðdæmi
12.530,-
~~17.900,-~~

Verðdæmi
3.493,-
~~4.990,-~~

Loftljós Kirkenes
Grátt, hægt að hækka og lækka.
6010670

Loftljós Athena
Gler.
6000696



Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikistur ný sending frábært verð

48.900

Frystikista
G115. H 84,5cm B 57cm D 55cm, 103 ltr.
Orkunýting A+
1805483

LÆGSTA LAGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



Pylsur og kók aðeins 99 kr



Ís aðeins 99 kr

Kaffi Garður Skútuvogi opið til 17 um helgar.

LÆGSTA LAGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

***LÆGSTA LAGA VERÐ HÚSASMÍÐJUNNAR**

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.



HÚSASMÍÐJAN

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	116,51 117,07
Sterlingspund	185,63 186,53
Evra	160,72 161,62
Dönsk króna	21,579 21,705
Norsk króna	21,393 21,519
Sænsk króna	18,116 18,222
Japanskt jen	1,4983 1,5071

SDR 183,55 184,65

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,9881

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Réttarhöld í handrúkkunarmáli Black Pistons-manna taka óvænta stefnu: Unglingur bætist í hóp ákærðu

DÓMSMÁL Réttarhöldin í handrúkkunarmálinu gegn tveimur liðsmönnum vélhjólagengisins Black Pistons tóku óvænta stefnu í gær þegar halda átti áfram aðalmeðferð þess í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í ljós kom að fórnarlambið hafði bendlað þriðja manninn við hrottafengna árás á sig og hefur ákæra verið gefið út á hendur honum vegna málsins.

Þriðji maðurinn er rétt tæplega sautján ára, og var áður á lista yfir vitni í málinu. Vitað var að hann hefði verið viðstaddur árásina á heimili eins hinna ákærðu,

Ríkharðs Júlíusar Ríkharðssonar, forsprakka Black Pistons.

Í vikunni tók lögregla enn eina skýrsluna af fórnarlambinu, og bar það þá til tíðinda í framburði þess að árásarmönnum hafði fjölgað úr tveimur í þrjá; sá ungi sem áður hafði bara fylgst með árásinni var skyndilega orðinn þátttakandi.

Hann var í kjölfarið handtekinn og yfirheyrður og hefur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, gengist við að hafa tekið einhvern þátt í árásinni. Ekki hefur náðst í piltinn til að birta honum ákærðuna.



MÆTA Í DÓM Ríkharð Júlíus Ríkharðsson og Davíð Freyr Rúnarsson eru ekki lengur einu sakborningarnir í málinu.

Fyrirhugað er að aðalmeðferðin haldi áfram að viðbættum hinum nýja sakborningi 12. október. -sh

HF Verðbréf annast söluferlið: Selja Sparisjóð Norðfjarðar

VÍÐSKIPTI HF Verðbréf hafa auglýst allt stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar til sölu. Söluferlið er opið fjárfestum sem uppfylla hæfniskilyrði laga um verðbréfavíðskipti.

Stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar var 625,8 milljónir í lok árs 2010 og er fjöldi stofnfjáraðila 86. Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkissjóðs í sparissjóðnum en hann nemur 49,5 prósentum af stofnfé.

Heildareignir sparissjóðsins voru metnar á um 5,223 milljarða króna í lok árs 2010. Var eiginfjárhlutfall hans 20,3 prósent. -mpt



BRANDUGLAN Í VALBIRNI Uglan sveim- aði á milli skipa og leyfði áhöfnunum að mynda sig í bak og fyrir.

MYND/FINNBJÖRN ELÍASSON

Sjaldgæf sjón á skipi:

Brandugla um borð í Valbirni

DÝRALÍF Brandugla leit við um borð hjá Valbirni ÍS í vikunni þegar hann var á rækjuveiðum við Óxarfjörð. Uglan flakkaði á milli skipa á svæðinu og staldraði stutt. Frá þessu var greint að fréttavef Bæjarins besta.

Finnbjörn Eliasson skipstjóri segir uglur um borð sjaldgæfa sjón. „Fálkar koma stundum, en það er sjaldan að við fáum uglur. En hún var falleg, greyið,“ segir hann. „Hún kom og settist fyrst á annað skip og var þar mynduð í bak og fyrir. Svo kom hún til okkar og leyfði okkur að mynda sig áður en hún flaug burt.“ -sv

ÁRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að Magnús Scheving hefði selt hlut sinn í Latabæ. Hið rétta er að Magnús hefur ásamt eiginkonu sinni, Ragnheiði Melsteð, lagt hlut sinn að fullu inn í nýtt félag sem þau eiga ásamt Turner Broadcasting System. Engin peningagreiðsla kemur fyrir en þau geta selt hlut sinn að þrem til fjórum árum liðnum, að uppfylltum skilyrðum.

Fáir taka afstöðu til flokka

Tæplega helmingur þeirra sem tóku þátt í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 styður einhvern af flokkunum fimm sem eiga fulltrúa á Alþingi. Ríflega helmingur þeirra sem taka afstöðu styður Sjálfstæðisflokkinn.

KÖNNUN Innan við helmingur þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 á fimmtudag, 48,8 prósent, sagðist myndu kjósa einhvern þeirra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi.

Þetta bendir til þess að óánægja með hefðbundna þingflokka sé síður en svo á undanhaldi, enda hlutfallið talsvert lægra en í síðustu skoðanakönnunum.


Svo lágt svarhlutfall þýðir að skekkjumörk í könnuninni eru hærrí en ella, og taka verður niðurstöðum hennar með fyrirvara. Þó vekur athygli að um 80 prósent svara könnuninni, svo um 30 prósent þeirra 800 sem hringt var í eru ýmist óákveðnir, ætla að kjósa aðra flokka, myndu sleppa því að kjósa eða skila auðu.

Af þeim sem tóku afstöðu til flokka sögðust 50,3 prósent styðja Sjálfstæðisflokkinn. Stuðningur við flokkinn eykst úr 44 prósentum í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem gerð var snemma í apríl.

Fengi Sjálfstæðisflokkurinn svo mikið fylgi í kosningum fengi hann hreinan meirihluta á þingi með 33 þingmenn. Flokkurinn er með 16 þingmenn í dag.

Fylgi Vinstri grænna virðist samkvæmt könnuninni í frjálsum falli. Flokkurinn nýtur samkvæmt henni stuðnings 12,4 prósentu kjósenda. Stuðningurinn mældist 17,7 prósent í apríl, en flokkurinn fékk stuðning 21,7 prósentu í síðustu kosningum. Vinstri græn fengu miðað við þetta sjö þingmenn, en er með tólf í dag eftir afföll á yfirstandandi þingi.

Stuðningur við Samfylkinguna virðist minnka lítillega milli kannana. Um 22,6 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú, en hann naut stuðnings 24,8 prósentu í síðustu könnun. Samfylkingin fengi



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Þrír af fjórum styðja ekki ríkisstjórnina

Aðeins rúmur fjórðungur þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 segist styðja ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Þrír af hverjum fjórum styðja ekki stjórnina. Alls segjast 26,5 prósent styðja stjórnina, sem er lægra en hlutfall þeirra sem segjast ætla að kjósa annan hvorn stjórnarflokkanna. Um 73,5 prósent sögðust ekki styðja stjórnina.

Stuðningur við stjórnina hefur dalað mikið frá því í mars í fyrra. Þá sögðust 38,9 prósent styðja stjórnina en 61,1 prósent studdi hana ekki.

Um 83,8 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar styðja stjórnina, og 88,2 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna. Staðan er önnur meðal stuðningsmanna annarra flokka. Aðeins 7 prósent stuðningsfólks Framsóknarflokksins styðja stjórnina, og 4,4 prósent þeirra sem kjósa myndu Sjálfstæðisflokkinn ef kosið yrði nú.

Spurt var: Styður þú núverandi ríkisstjórn? Alls tóku 84,8 prósent afstöðu.



26,5% þeirra sem tóku afstöðu í könnuninni styðja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

miðað við þetta 14 þingmenn, en er með 20 í dag.

Hreyfingin mælist nú með 1,3 prósentu fylgi, samanborið við 4,1 prósent í apríl. Það myndi ekki skila flokknum neinum þingmanni, en hann hefur þrjá þingmenn í dag.

Stuðningur við Framsóknarflokkinn eykst á milli kannana, og mælist nú 13,8 prósent. Í könnun í apríl mældist fylgi flokksins 9,4 prósent. Miðað við þessa niðurstöðu fengi Framsóknarflokkurinn 9 þingmenn, sama fjöldi og hann er með í dag, eftir að Guðmundur Steingrímsson alþingismaður sagði sig úr flokknum.

Umræður um nýtt framboð Guðmundar og skoðanasystkina hans virðast lítil áhrif hafa haft enn sem komið er, og segist lítið brot þeirra sem afstöðu tóku ætla að kjósa aðra flokka.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 8. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsætu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 48,8 prósent afstöðu. brjann@frettabladid.is

LÁTTU Í ÞÉR HEYRA!

Námskeið fyrir unglunga með félagskvíða hefst 28. september

Kannastu við óryggi, að hafa áhyggjur af álitum annarra, að forðast félagslegar aðstæður eða að draga þig í hlé? Þá er þetta námskeið fyrir þig!

Kvíðameðferðarstöðin, í samstarfi við Stofuna - sálfræðipjónustu, stendur fyrir 12 vikna námskeiði við félagskvíða unglunga. Unnið er markvisst að því að draga úr kvíða og óryggi um leið og áhersla er lögð á þjálfun í félagsfærni, ákveðni, lausn vandamála og auknu sjálfstrausti. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku foreldra, m.a. er foreldrum boðin fræðsla og handleiðsla þeim að kostnaðarlausu samhliða námskeiðinu.

Umsjón:
Hrund Prándardóttir og
Margrét Birna Þórarinsdóttir, sálfræðingar

Skráningar og fyrirspurnir: símar 5340110, 8487619 og 8625572, kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

BJART OG FALLEGT
Bjart víðast hvar á landinu í dag og skaplegt veður fyrri partinn. Hvasst við suðausturströndina í fyrstu en vaxandi norðaustanátt annars staðar er líður á daginn. Ákveðin norðaustanátt næstu daga með vætu einkum austan til en þurr vestra.

Á MORGUN 10-18 m/s.

MÁNUDAGUR 10-18 m/s.

HEIMURINN

Alicante	31°
Basel	29°
Berlín	23°
Billund	20°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	29°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	28°
London	24°
Mallorca	31°
New York	27°
Orlando	31°
Ósló	17°
París	28°
San Francisco	21°
Stokkholmur	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Viðskiptalausnir

eiga heima hjá Skýrr

SKEYTAMIÐLUN

RAFRÆN VIÐSKIPTI

HAGRÆÐING MEÐ RAFRÆNUM VIÐSKIPTUM

Skeytamiðlun Skýrr er þjónusta fyrir rafræn viðskipti í atvinnulífinu. Þjónustan er miðlæg og tryggir örugga rafræna dreifingu pantana og reikninga milli aðila sem tengjast miðluninni.

Flest fyrirtæki og stofnanir geta núna með einföldum hætti tekið upp pappírslaus viðskipti.



„Við höfum starfað náið með Skýrr við upptöku rafrænna reikninga og það samstarf hefur verið mjög gott og gefandi. Árangur af rafrænum reikningum er ótvíræður og þjónusta Skýrr hefur verið til fyrirmyndar.“

Jónas Skúlason, deildarstjóri borgarbókhalds Reykjavíkurborgar

HELSTU KOSTIR:

Markviss notkun á Skeytamiðlun Skýrr með hentugum viðskiptalausnum getur haft mikinn ávinning.

- Flýttir fyrir skráningu gagna og fækkar skráningarvillum
- Tengist flestum viðskiptakerfum
- Hraðar vinnslu á pöntunum
- Örugg rafræn viðskipti
- Einfaldar afgreiðslu reikninga
- Verulegur sparnaður
- Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvort þú getir ekki hagrætt í rekstri með Skeytamiðlun Skýrr.

HELSTU KOSTIR:

Fjárhagur, Vörustýring og Verkbókhald ÓPUSallt hentar fjölbreyttri starfsemi.

- Sterkar handtölvutengingar og markviss viðskiptagreind
- Öflugar rafrænar tengingar og miklir samþættingarmöguleikar
- Einfalt, alíslenskt og hlutverkaskipt notendaviðmót
- Reyndir ráðgjafar og traustur samstarfsaðili
- Hagkvæmt í rekstri og uppfærslu
- Hægt að kaupa eða leigja kerfið
- Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvort þú getir ekki hagrætt í rekstri með ÓPUSallt.

ÓPUSallt

VIÐSKIPTALAUÐN

TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

ÓPUSallt er í notkun hjá fjölda íslenskra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum. Ráðgjafar Skýrr hafa mikla reynslu og þekkingu sem tryggir notendum góða og trausta þjónustu um land allt. ÓPUSallt uppfyllir þínar þarfir hvort sem um er að ræða innflutning, dreifingu, framleiðslu, verkbókhald, bókhaldsþjónustu eða handtölvulausnir.



„ÓPUSallt hefur haldið utan um alla sölu, birgðastöðu og fjárhagsmál fyrirtækisins í mörg ár. Kerfið er nútímalegt, með einfalt íslenskt viðmót og viðráðanlegt í kostnaði. Við erum einstaklega ánægð með þá góðu og persónulegu þjónustu sem Skýrr veitir, sem er hluti af ástæðunni fyrir því að við völdum ÓPUSallt.“

Þórarinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Heilsu ehf.

Hafðu samband



Enok Jón Kjartansson
Sími: 440 9000
enok.kjartansson@skyr.is



David Hjaltested
Sími: 440 9000
david.hjaltested@skyr.is

SKÝRR

KJÖRKASSINN



Fylgistu með deilum um Kvikmyndaskóla Íslands?

Já 43,1%
Nei 56,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Latibær framtíð fyrir sér?

Segðu þína skoðun á vísir

vísir

Fyrirum sambýlingur þingkonu: Neitar að hafa njósnað um Siv

DÓMSMÁL Þorsteinn Húnbogason, fyrrverandi sambýlismaður Sivjar Friðleifsdóttur, lýsti sig saklausan af því að hafa njósnað um þingkonuna við þingfestingu ákeru á hendur honum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þorsteinn er ákærður fyrir brot á fjarskiptalögum með því að hafa komið staðsetningarbúnaði fyrir á bíl sínum í því skyni að geta fylgst með ferðum Sivjar. Hann hafði aðgang að upplýsingum á tæstu vefsvæði.

Þorsteinn mætti í héraðsdóm í gærmorgun og neitaði sök. - sh



KRÓNUR OG AURAR Útgjaldahækkun hins opinbera skýrist af hækkun í félagslegum tilfærslum til heimila, hæri launakostnaði og hækkun í kaupum á vöru og þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afkoman batnar milli ára:

Tekjuafkoma ríkisins versnar

EFNAHAGSMÁL Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 23,6 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi. Afkoma er nokkru hagstæðari en á öðrum ársfjórðungi í fyrra en mun lakari en hún var á fyrsta ársfjórðungi í ár, þegar hún var neikvæð um 17 milljarða.

Tekjuhallinn nam 5,9 prósentum af landsframleiðslu og 14,4 prósentum af tekjum hins opinbera. Tekjur ríkisins hækkuðu um 5 prósent milli ára og útgjöld um 2,8 prósent á sama tíma.

Tekjuhækkunin skýrist af 6 milljarða króna aukningu í sköttum en aðrar tekjur ríkisins drógu saman. - mþl

Kjúklingaúrgangur úr Reykjarðri lak úr fitugildru og ofan í Ytri-Rangá vegna mistaka við losun:

Verulegir annmarkar eru á veitukerfinu

UMHVERFISMÁL „Sveitarfélagið er með ábyrgð á veitunni og það eru verulegir annmarkar á veitukerfinu. Umræðan hefur verið einhleitt og mér finnst sveitarfélögin hafa verið að skýla sér á bak við okkur," segir Sigurður Árni Geirsson, framleiðslustjóri Reykjarðs. „Það hefur enginn komið með almennilegar útskýringar á því hversu mikið þetta var. Enginn frá okkur hefur farið og skoðað þetta, en fulltrúar frá sveitarfélaginu gera nú ekki mikið úr þessu.“

Úrgangur úr kjúklingasláturhúsi Reykjarðs flæddi niður

í Ytri-Rangá um fjögurleytið á fimmtudag. Sigurður segir að mistök hafi átt sér stað við losun á fitugildru við sláturhúsið. Sjónarvottar sögðu við fréttastofu RÚV að úrgangurinn hefði verið svo mikill að veiðimönnum hefði blöskrað.

Fyrirtækið Lax-á er leigutaki Ytri-Rangár. Áin hefur um árabil verið ein allra aflahæsta á landsins og samkvæmt síðustu tölum var hún í efsta sæti yfir þær ár sem skilað höfðu flestum lögum á land. Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá Lax-á, vildi lítið tjá sig um

málið. „Það er bara alveg ömurlegt að þetta skuli gerast," segir Stefán.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti Rangárþings ytra, segir að tæknileg mistök hafi orðið við losun með þeim afleiðingum að úrgangur fór inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins. Hún segir að búið sé að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja að slíkt geti gerst aftur. „Þetta umrædda atvik er ekki á ábyrgð sveitarfélagsins þar sem það er ekki heimilt að losa úrgang inn á fráveitukerfið," segir hún. - sv



HELLA Sláturhús Reykjarðs er á Hellu og lak kjúklingaúrgangur frá því út í Ytri-Rangá. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Langflest börn fædd árið 2009 með pláss

Búið er að tryggja 1.700 börnum af 1.740 fæddum árið 2009 leikskólapláss í Reykjavíkurborg. Leikskólaplássum var fjölgað um rúm 200 hinn 1. ágúst síðastliðinn. Langflest börn fædd árið 2010 fá ekki pláss fyrr en á næsta ári.

MENNTAMÁL Öll börn fædd á árinu 2009 hafa fengið boð um leikskólapláss í Reykjavíkurborg á þessu ári. Þó til sé fermetrarými í sumum leikskólum til að taka við börnum þá hafa stöðugildi í leikskólum í sumum hverfum verið flutt til svo hægt sé að koma 2009 árganginum fyrir.

„Á árunum 2009 og 2010 fjölgaði fæddum börnum í borginni mjög – það varð sannkölluð barnasprengrja," segir Sigrún Björnsdóttir, upplýsingafrulltrúi leikskólavæðs. „Til að mæta því án þess að

70 Gert er ráð fyrir sjötíu nýjum leikskólaplássum í Reykjavík árið 2012.

kosta til miklum fjármunum í nýja leikskóla hefur meðal annars verið komið upp viðbótarhúsnæði við nokkra leikskóla í borginni. Þannig hafa verið búin til á þriðja hundrað ný leikskólapláss.“

Miðað er við að þau börn sem verða tveggja ára á árinu fái leikskólapláss. Oftast eru börn tekin inn að loknu sumarleyfi þegar elsti leikskólaárgangurinn fer í grunnskóla. Þannig að sum börn geta þá verið á bilinu níttján mánaða til tveggja ára.

Nokkuð hefur verið um að börn fædd árið 2010 sem hafa náð átján mánaða aldri hafi ekki enn fengið boð um pláss. Sigrún útskýrir að börn fædd það ár verði flest hver ekki tveggja ára fyrr en á næsta ári. „Eins og staðan er nú munu þau öll fá úthlutað leikskólapláss á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir



LEIKSKÓLABÖRN Flest börn úr árgangi 2010 munu ekki fá pláss fyrr en á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

sjötíu nýjum leikskólaplássum vorið 2012," segir hún.

Rúmlega 200 leikskólapláss í sjálfstætt starfandi leikskólum fyrir börn fædd 2009 eru niðurgreidd af borginni. Um 1.400 börn hófu nám í 1. bekk í haust og til samanburðar má geta þess að 1.740 börn eru fædd í Reykjavík árið 2009. Af þeim eru 1.700 börn nú þegar í leikskólavistun eða hafa fengið boð um leikskólapláss. sunna@frettabladid.is

Fjölgun leikskólaplássanna í Reykjavík frá 1. ágúst

Svæði	Fjölgun plássanna
Vesturbær	66
Miðborg Hlíðar	24
Laugardalur Háaleiti	70
Breiðholt	0
Árbær Grafarholt	49
Miðgarður Kjalarnes	0
Alls	209

Ung kona dregin fyrir dóm: Segist ekki hafa stungið mann með hnífi

DÓMSMÁL Hálfþrítug kona hefur verið ákærð fyrir að slá mann í andlitið og stinga hann. Hún neitaði sök við þingfestingu málsins í gær.

Samkvæmt ákærinni átti árásin sér stað í íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur milli jóla og nýárs í fyrra.

Konan er sögð hafa ráðist að manningu, slegið hann í andlitið og stungið hann með steikarhnífi í vinstri öxl. Af þessu hlaut maðurinn bólgíð kinnbein og fjögurra sentimetra skurð á öxlinni. Hann krefur konuna um hálf milljón króna í miskabætur. - sh

Obama gegn atvinnuleysi:

Lækkar skatta og eykur gjöld

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að lækka skatta um 253 milljarða dala og auka ríkisútgjöld um 194 milljarða, allt í þeim tilgangi að búa til ný störf í samfélaginu.

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum er nú prósent, þannig að ekki veitir af nýjum störfum. Samt er búist við því að Obama muni eiga í vandræðum með að fá þingið til að samþykkja þessi útgjöld.

Obama kynnti áform sín í ræðu á fimmtudagskvöld, en hélt strax í gær til borgarinnar Richmond til að fylgja hugmyndum sínum eftir með frekari ræðum og viðræðum. - gb



BARACK OBAMA

Skipstjóri skoraði á sjávarútvegsráðherra að henda fiskveiðistjórnunarfrumvarpi: Yrði mesti glæpur Íslandssögunnar

SIÁVARÚTVEGSMÁL Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og fyrrverandi alþingismaður, skoraði í gær á Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra að „henda“ frumvarpi um stjórn fiskveiða sem Jón lagði fram á Alþingi í vor. Þetta sagði Grétar Mar á ráðstefnu í Iðnu um fiskveiðisstjórnunarkerfið.

„Það er gert ráð fyrir því að sægrefarnir fái ráðstöfunarréttinn á veiðiheimildum til 23 ára. Ef af því verður er það mesti glæpur Íslandssögunnar. Meira að segja Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson létu sér aldrei detta í hug að úthluta aflahéimildum í meira en eitt ár í senn," sagði Grétar Mar.

Jón Bjarnason sagði í sínu ávarpi að þegar hefðu verið gerðar nokkrar grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnuninni, meðal annars með „litla frumvarpinu“ svokallaða sem Alþingi samþykkti í vor. Það hefði ekki reynst eins afdrifarikt og andstæðingar þess vildu vera láta.

„Þeir sem sögðu að allir íbúar myndu flytja burt úr byggðarlaginu ef það litla frumvarp yrði samþykkt auglýstu á miðju sumri að það væri ekki hægt að hleypa fólki í sumarfrí vegna þess að það væri svo mikil atvinna," sagði ráð-



RÁÐSTEFNA UM FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFIÐ Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra var frummælandi á ráðstefnu Útvarps Sögu, Samtaka fiskframléiðenda og -útflytjenda og Samtaka íslenskra fiskimanna sem fram fór í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

herrann. Hann undirstrikaði að fram undan væri slagur um frumvarpið sem nú er til meðferðar hjá Alþingi. Eðlilegt væri að fyki í menn og að þeir tækjust á. Mikilvægt væri þó að allir „yrðu vinir að lokum". - gar

15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.278.-

Tilboðið gildir til 20. september n.k.

SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18

125! ár af nýjungum

GLK-Class, M-Class, GL-Class og G-Class

Má bjóða þér að hitta allar stórstjörnurnar á glæsilegri jeppasýningu

G-Class er klassískur jeppi með nýjustu tækni sem er tilbúinn í hvað sem er. Í tilefni af 125 ára afmæli Mercedes-Benz efnum við til jeppasýningar þar sem G-Class og aðrar stórstjörnur verða til sýnis. Komdu og skoðuðu alla glæsijeppa Mercedes-Benz og þiggðu kaffiveitingar frá Te & kaffi.

Sýningin er opin í dag á milli kl. 12 og 16



Mercedes-Benz
Aðeins það besta.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

mercedes-benz.is

FRÉTTASKÝRING: Hver er staða Ólafs Ragnars Grímssonar á forsetastóli?

Vinalaus en með styrka stöðu

Rúmlega helmingur kjósenda er á móti því að Ólafur Ragnar Grímsson bjóði sig aftur fram sem forseti. Hann hefur löngum verið umdeildur og hefur misst gamla stuðningsmenn. Honum hefur hins vegar tekist að skapa sér nokkuð sterka stöðu. Í raun er það í höndum hans sjálfs hvort hann situr annað kjörtímabil eða ekki.

Könnun Fréttablaðsins sýnir að rúmlega helmingur kjósenda er á móti því að Ólafur Ragnar Grímsson bjóði sig fram sem forseti í annað kjörtímabil. Það þýðir um leið að tæplega helmingur kjósenda er því fylgjandi. Það verður að teljast ágætis staða fyrir Ólaf og til marks um það hve vel honum hefur tekist að búa sér til nýtt bakland.

Gamlir stuðningsmenn hafa margir hverjir yfirgefið Ólaf og honum hefur gengið illa að finna sér nýja. Er þar átt við stuðningsmenn í þjóðlífinu sem ganga fram fyrir skjöldu og verja forsetann sinn. Honum hefur hins vegar tekist að leita til almennings og styrkt þannig stöðu sína.

Útrásarpjóðareðlið

Ólafur Ragnar var útrásarforseti. Fáir mærdi útrásarvikingana meira en hann og hann hélt ófár tölurnar, hér heima og á erlendri grundu, um eðli Íslendinga sem birtist í hinum áhættusæknunni útrásarvikingum.

Hæst hljómaði þessi tónn líklega í erindi sem Ólafur hélt á fundi Sagnfræðingafélags Íslands. Erindi forsetans bar titilinn: „Útrásin: Uppruni, einkenni, framtíðarsýn.“ Þar lét hann í það skína að íslensk útrásarfyrirtæki hefðu náð hinum góða árangri á erlendri grundu vegna sögulegrar arfleifðar þjóðarinnar. Útrásarvikingarnir byggju yfir sama eðli og landnámsmennirnir.

„Hinir fyrstu Íslendingar voru sannarlega útrásarfólk, jafnvel svo afgerandi að þau sem nú gera garðinn frægan blikna í samanburði,“ sagði forsetinn í ræðu sinni. Og spurningum um langsótt tengsl svaraði hann sjálfur:

„Sumum kann að þykja langsótt að tengja landnámsstímann við greiningu á útrásinni en menningin á sér nú einu sinni djúpar rætur og þessi arfleifð eins og hún er túlkuð af samtímanum hefur mótað okkur öll.“

Klappstýran

Ólafur Ragnar var áhugasamur um viðskipti Íslendinga erlendis. Hann var viðstaddur opnun útibúa og flaug oftast en ekki með bankamönnum á fund ráðamanna.

Ólafur hefur löngum lítið viðskipti við Kínverja hýru auga og árið 2005 fór hann í sína fyrstu ferð þangað sem forseti. Um hundrað manns voru með í för, þar með talið mörg kunnugleg nöfn: Björgólfur Thor Björgólfsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Hannes Smárason, Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurjón Þ. Arnason, svo einhverjir séu tíndir til.

Tveimur árum síðar hélt forsetinn á ný til Kína. Þar opnaði hann meðal annars kæligeymslu í eigu Eimskips, sem félag í eigu Björgólfs Guðmundssonar átti. Til fararinnar var notuð einkapota í eigu Glitnis.

Hrunið varð áfall

Eins og Ólafur Ragnar baðaði sig í dýrðarljóma auðs og útrásar í bólunni, var einboðið að hann yrði fyrir álitshnekki þegar sápuhálsinn sprakk. Allir þeir sem gagnrýnslaust höfðu stutt útrásina þurftu að svara fyrir sig, hvað þá þeir sem höfðu lofað hana, líkt og forsetinn gerði svikalaust.

Um embættisfærslur forsetans er fjallað í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, líkt og sést hér til hliðar.

Ólafur hefur sjálfur sagt að hann hafi farið fullgeyst í yfirlýsingum sínum í útrásinni. Í nýársávarpi sínu 1. janúar 2009, sagðist hann hafa gert mistök með því að ganga of langt í málflutningi í þágu banka og útrásarfyrirtækja.

Endurskilgreiningin

Ekki blés byrlega fyrir forsetanum í uppgjörinu eftir hrun. Honum tókst þó að finna sér nýjan vettvang og nýtti hann til vinsældaaukninga. Sá vettvangur var Icesave-málið.

Icesave hefur reynst stjórnvöldum erfitt, enda vandfundinn sá Íslendingur sem vill greiða skuldir sem bankar stofnuðu til. Samningar náðust um meðferð málsins milli stjórnvalda og Bretta og Hollendinga, en forsetinn sýnaði lögunum staðfestingar í tvígang og vísaði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin felldi samningana með miklum meirihluta.

Þessi gjörð Ólafs varð til þess að hrekja fyrrum stuðningsmenn hans frá. Vinstri-menn, sem höfðu stutt hann í embættið 1996 og fylkt sér á bak við hann þegar hann skaut fjölmiðlalögunum til þjóðarinnar árið 2004, yfirgáfu hann. Í staðinn fékk hann stuðning frá gömlum fjendum í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkum. Og ekki síst á meðal almennings.

Sá stuðningur gæti reynst honum dýrmætur, því ekki er víst að framámenn stjórnarandstöðuflokkanna séu til í mikla baráttu fyrir hönd Ólafs Ragnars Grímssonar. Honum hefur hins vegar tekist að verða forseti þjóðarinnar á undraskömmum tíma. Ólafur var kannski ómögulegur útrásarforseti í augum hennar, en hefur staðið í lappirnar í þessu máli, að mati þjóðarinnar.

Í höndum Ólafs sjálfs

Ólafur Ragnar hefur undanfarið skotið föstum skotum að stjórnvöldum og ljóst er að stírt er á milli hans og ríkisstjórnarinnar. Hann hefur gagnrýnt stjórnvöld fyrir Icesave-málið og sakað þau um að beygja sig fyrir erlendu valdi. Trauðla finnst alvarlegri ásökun frá forseta til ríkisstjórnar.

Þá hefur hann um leið talað máli kínverska fjárfestisins Nubo, sem hefur hug á að kaupa Grímstaði á Fjöllum. Þar talar hann hins vegar gegn stjórnarandstöðuflokkunum. Eins og Grétar Þór Eypórsson stjórnfræðingur bendir á hér til hliðar, gæti það orðið til að setja stuðning við forsetann í uppnám.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það hins vegar að mestu leyti í höndum Ólafs sjálfs hvernig framtíðin verður. Heimildarmenn Fréttablaðsins eru sammála um að staða hans sé sterk, þrátt fyrir allt. Það þarf að vera mjög sterkur frambjóðandi sem leggur í mótframboð gegn honum.



FORSETINN Ólafur Ragnar Grímsson tók virkan þátt í útrás íslenskra viðskiptamanna. Hér klippir hann á borða við opnun skrifstofu Landsbankans í Winnipeg vorið 2007. Eftir hrun hefur honum tekist að endurskapa sig í huga þjóðarinnar sem málsvara hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN

Forsetinn í rannsóknarskýrslunni

Ljóst má vera að forsetinn gekk mjög langt í þjónustu við einstök fyrirtæki og einstaklinga sem stýra þeim eins og hann hefur sjálfur viðurkennt nokkrum sinnum eftir hrunið. Forsetaembættið var óspart nýtt í þágu einstakra aðila til að koma á tengslum víða um lönd. Þegar lýðræðislega kjörin forseti lands talar á opinberum vettvangi sem fulltrúi þjóðar sinnar er jafnan hlustað og því skiptir máli hvað hann segir og við hverja hann talar. Þar liggur ábyrgð forseta Íslands. Forsetinn beitti sér af krafti við að draga upp fegraða, dramsama og þjóðerniskennnda mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi. Það er athyglis-

vert að nokkrir þeirra eiginleika sem forsetinn taldi útrásarmönnum til tekna eru einmitt þeir þættir sem urðu þeim og þjóðinni að falli. Í ljósi sögunnar hefði þurft mun meiri aga og reglufestu við ákvarðanatöku, hófsemi í framkvæmdagledinni, reglur um skráningu fundargerða sem og óæskileg tengsl milli einstaklinga. Þrátt fyrir að kenningar forsetans væru harðlega gagnrýndar hélt hann áfram að lofa útrásina. Hann tók þátt í að gera lítið úr þeim röddum sem vörðuðu við hættulega miklum umsvifum íslenskra fyrirtækja.

Rannsóknarskýrsla Alþingis, Víðauki 1, 11.4 - Hlutur forseta Íslands.

Óviss stuðningur nýrra vina

Grétar Þór Eypórsson stjórnfræðingur segir afstöðuna til forsetans, sem fram kemur í könnun Fréttablaðsins, ekki koma á óvart. Forsetinn hafi aflað sér margra vina í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkum með notkuninni á málþófréttinum, en eignast óvini í eigin röðum. Þessi hlutföll þurfi því ekki að koma á óvart, þjóðin skiptist til helminga í afstöðu til hans.

„Hann er hins vegar umdeildur og hvergi nærri víst að það sé á vísan að róa ákveði hann að fara fram.“

Grétar Þór segir Ólaf mjög pólitískan forseta. Hann hafi veist hart að núverandi ríkisstjórn, en eigi ekki sjö dagana sæla í stjórnarandstöðuflokkunum. Afstaða hans til kínverskra fjárfestinga hér á landi geti fækkað í vinnu hans.

Hvort svo sterkur frambjóðandi finnst, eða hvort hann þorir að taka áhættuna að leggja í sitjandi forseta og stefna sterkri stöðu sinni í hættu, kemur hins vegar í ljós þegar líður að kosningunum í maí á næsta ári.



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

„Stóra breytingin á forsetaembættinu, í tíð Ólafs, er notkun hans á málskotsréttinum. Aðrar breytingar eru þær pólitísku yfirlýsingar sem hann hefur gefið. Það þýðir að hann getur átt von á því að mæta harðari andstöðu ef hann ákveður að fara fram.“

Grétar segir fullsnemma að spá fyrir um hvort Ólafur Ragnar byður sig aftur fram. „Hann er svo óútreiknanlegur að ég segi bara já eða nei. Mér finnst hann vera að senda frá sér yfirlýsingar í báðar áttir í pólitíkinni. Ef ég ætti að giska á eitthvað, út frá þeim, finnst mér eins og honum sé orðið sama um hvaða stuðnings hann nýtur og ætli ekki fram. En ég vildi fá að biða í tvo til þrjú mánuði með að svara þessari spurningu.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Nú er rétti tíminn til að bóka veislusal fyrir Þorrablót

Jólahlaðborð

Við eigum enn þá nokkra daga lausa fyrir jólahlaðborð/Jólaböll í Lionssalnum Lundi. Við getum einnig bætt við okkur veislum í aðra veislusali, fyrirtæki og í heimahús. Skoðaðu glæsilegan jólamatseðil á www.jolaskemmtun.is

Verðdæmi: 40-60 manns í heimahúsi frá kr. 4.900
150 eða fleiri í ykkar húsnæði frá kr. 3.600
120-150 manns í fullbúnum veislusal okkar með fullri þjónustu frá kr. 4.800

Bókaðu árshátíðina í leiðinni á www.cocktail.is eða www.salur.is

Cocktail Y.is

Þorrablót

Cocktail.is veisluþjónusta s.899-8994

Salur.is

Prófaðu Havre Fras morgunkorn!

Fæst í næstu verslun



SIEMENS

Sölu sýning

í dag.

Fjöldi tilboða
í tilefni dagsins.
Opið frá 10 til 16.SMITH &
NORLANDNóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Siðmennt efnir til menningarhátíðar í tilefni 20 ára afmælis félagsins

Menningarhátíð
Siðmenntar

Menning - Lífssýn - Samfélag

Haldið í Salnum, Kópavogi
fimmtudaginn 15. september kl. 20

Aðgangseyrir kr. 1.500 - Miðasala er hafin á www.salurinn.is

“Húmanismi (manngildi) er jákvæð lífssýn sem viðurkennir mikilvægi lista til persónulegs þroska og lífsfyllingar. Máttur lista til umbreytinga er ótvíræður.”

KYNNIR KVÖLDSINS ER SIGRÚN VALBERGSDÓTTIR

- RAGNHEIÐUR GRÖNDAL
- ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
- ERPUR EYVINDARSON
- JÓHANN BJÖRNSSON
- HÖRÐUR TORFASON
- MAGGA STÍNA
- FELIX BERGSSON
- GUÐMUNDUR FELIXSON
- BIRGIR BALDURSSON
- ÞÓRARINN ELDJÁRN
- DÍANA LIND MONZON
- HALLA SVERRISDÓTTIR
- ÞORSTEINN VILHJÁLMSON
- THELMA HRÖNN STEINDÓRSDÓTTIR
- HULDA ÞÓRISDÓTTIR

Fjölbreytt dagskrá tónlistar, ljóða og leiks.
Komið og njótið með okkur!

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttá- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR

Forsætisráðherra Tyrklands harður gagnvart Ísrael:

Gasafloði fær fylgd

TYRKLAND, AP Tyrknesk herskip munu fylgja skipafloða mótmælenda til Gasasyæðisins og koma í veg fyrir að Ísraelsher ráðist á flotann, eins og gerðist í fyrra með þeim afleiðingum að níu manns létu lífið.

Þetta sagði Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sem hefur harðlega gagnrýnt ísraelsk stjórnvöld undanfarið, einkum fyrir að þau hafa neitað að biðjast afsökunar á því sem gerðist í fyrra.

Tyrkir ráku nýverið ísraelska sendiherrann úr landi og slitu stjórn málasambandi ríkjanna. - gb



RECEP TAYYIP ERDOGAN Forsætisráðherra Tyrklands. NORDICPHOTOS/AFP



SÉD YFIR VATNSMÝRINA Flugvöllurinn í byggingu. Bæjaryfirvöld í Reykjavík óttuðust að með tilkomu flugvallarins væri meiri hættu á að árárs yrði gerð á Reykjavík.

MYND/JÓN SVAVARSSON

Bjóða til flugsýningar í dag

Um þessar mundir eru 70 ár frá gerð Reykjavíkurflugvallar. Bretar notuðu flugvöllinn til að gera út langdrægar flugvélar til verndar skipalestum.

FLUG Um þessar mundir eru 70 ár síðan breski herinn lauk við gerð Reykjavíkurflugvallar. Af því tilefni mun Flugmálafélag Íslands, í samstarfi við Isavia, halda Flugdag á flugvöllinum í dag og hefst dagskrá á hádegi.

Þar verður meðal annars vegleg flugsýning þar sem 25 til 30 sýningarflugvélar taka þátt auk þess sem sögu vallarins verður gerð skil með ljósmyndum.

Sérstakir heiðursgestir flugdagsins verða sex breskir flugmenn sem þjónuðu hér á landi á stríðsárunum. Einn sexmenninganna, Hugh Eccles, flaug einmitt fyrstu flugvélinni sem lenti á Reykjavíkurflugvelli vorið 1941.

Sagnfræðingurinn Þór Whitehead segir í samtali við Fréttablaðið að tilkoma flugvallarins hafi markað kaflaskil í stríðsrekstri Breta.

„Alveg tvímælaust, og það kom strax fram hjá Bretum 1941 að hann hefði verið lagður á elleftu stundu. Þýskir kaþbátar voru þá að færa sig vestar á hafið og engin leið hefði verið að vernda skipalestir úr lofti ef ekki hefði verið fyrir aðstöðuna hér á landi. Svo má segja að mikilvægið hafi aukist stöðugt allt þar til að orrustan á Norður-Atlantshafi náði hámarki árið 1943.

Þá voru það langdrægu flugvélnar sem flugu héðan sem lokuðu því gati sem var suður af Grænlandi og ekkert skjól lengur fyrir kaþbátana sem hörfuðu af skipaleiðum.“

Þór bætir því við að mikilvægi flugvallarins hafi einnig falist í því að Ísland hafi verið afar mikilvægur hlekkur til millilendinga flugvéla milli Ameríku og Bretlands.

Nokkrir kostir voru í stöðunni þegar kom að því að velja staðsetningu fyrir völinn, en í bók Friðþórs Eydal segir að meðal annars hafi flugvöllur í Vatnsmýrinni í Reykjavík verið talinn hentugur sökum þess að þá yrði styttra og auðveldara um aðdrætti.

Það var þó ekki óumdeilt þar sem Bjarni Benediktsson, þáverandi bæjarstjóri í Reykjavík, mótmælti staðsetningu vallarins, við ríkisstjórnina. Taldi hann að flugvöllurinn gæti aukið hættu á því að Reykjavík yrði fyrir hernaðarárás.

Flugvallarframkvæmdir fóru á fullt vorið 1941 og í maílok var fyrsta flugbrautin í Reykjavík tilbúin. Flugvöllurinn var svo að fullu tilbúinn til notkunar í júlí og þaðan gátu breskar vélar verndað skipalestir allt að 400 sjómílum suður af Íslandi.

thorgils@frettabladid.is



SKIPTU SKÖPUM Langdrægar flugvélar af gerðinni Liberator voru gerðar út frá Reykjavík til að vernda skipalestir Bandamanna.

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

LOKADAGAR

STANGVEIÐI ÚTSALA

Vandað úrval af veiðistöngum, veiðihjólum og veiðifatnaði á frábæru verði.

ellingsen.is



HARDY MARKSMAN VÖDLUR
Stærðir S-XXL

63.920 kr.
FULLT VERÐ 79.900 KR.

20%
AFSLÁTTUR



LOOP WAIMEA VÖDLUR
Stærðir S-XXL

41.930 kr.
FULLT VERÐ 59.900 KR.

30%
AFSLÁTTUR



LOOP ADVENTURE VÖDLUR
Stærðir S-XXL

20.993 kr.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



LOOP WAIMEA VÖÐLUJAKKI
Stærðir S-XXL

41.993 kr.
FULLT VERÐ 59.990 KR.



40%
AFSLÁTTUR

XACT TVÍHENDA
13,5", 14" OG 15"

35.940 kr.
FULLT VERÐ 59.900 KR.



50%
AFSLÁTTUR

LOOP OUTDOOR SKÓR
Stærðir 39-46

12.745 kr.
FULLT VERÐ 25.490 KR.



ALLEN GRAND R. VEIÐIVESTI
Stærðir M-XXL

6.392 kr.
FULLT VERÐ 7.990 KR.



40%
AFSLÁTTUR

CLASSIC SPREY TVÍHENDA

61.794 kr.
FULLT VERÐ 102.990 KR.



HARDY VÖDLUSKÓR
Stærðir 42-46

27.192 kr.
FULLT VERÐ 33.990 KR.



REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16

AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630
mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Næstum helmingur Íslendinga tekur lán til að greiða skuldir og virðist hafa lélega stjórn á fjármálum sínum:

Börn verða að læra að fara með peninga

NEYTENDUR „Fólk sem tekur lán til að greiða upp eldri lán er ekki með stjórn á fjármálum sínum. Þetta virðist algengt hér á landi,“ segir dr. Adele Atkinson, sérfræðingur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Hún leggur áherslu á að foreldrar fræði börn sín um notkun peninga. Ekki eigi að hræða börnin, svo sem með fjárhagsvanda foreldra. Börnin eigi að læra að hlutir kosti sitt og að stundum verði að leggja fyrir til að eiga fyrir þeim.

Atkinson hélt í gær erindi á ráð-

stefnu Stofnunar um fjármálalæsi um rannsókn sem hún var að ljúka um efnið og var gerð í tólf löndum. Þar kemur fram að Íslendingar vita yfirleitt ekki nema helminginn af því sem fólk á að vita um fjármál og að um fjörutíu prósent landsmanna taka lán til að greiða upp gamlar skuldir.

Atkinson segir í samtali við Fréttablaðið nokkra þætti skýra ástæðu þess að sumir eru betri í fjármálalæsi en aðrir. Menntun skýri það að hluta. Margt bendir þó til að þetta eigi ekki við um tekjuhópa; þvert á móti virðist

fólk með öruggar og góðar tekjur fylgjast síður með fjármálum sínum en tekjulágir.

„Tekjulágir nota yfirleitt reiðufé fremur en greiðslukort. Ef þeir fá laun greidd inn á reikning í banka þá tekur fólk þann út og flokkar eftir útgjaldaliðum. Þetta er einfalt og gott ráð enda fær fólk við það yfirsýn yfir fjármálin. Þeir sem eru með öruggar og traustar tekjur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að mánaðarlaunin dugi ekki fyrir framfærslu,“ segir Atkinson.

- jab



LÆRIR AÐ FARA MEÐ PENINGA Stór hluti Íslendinga er illa að sér í fjármálalæsi, að sögn sérfræðingsins Adele Atkinson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



- 1 Framkvæmdum við hvaða skóla í Reykjavík verður flýtt?
- 2 Hversu hátt hlutfall aðspurðra styður kaup Huang Nubo?
- 3 Hvað hafa Íslendingar eytt miklu í Harry Potter-varning?

SVÖR:

1. Norðlingaskóla 2. Sexútu prósent 3. Tæpaul 1. Norðlingaskóla 2. Sexútu prósent

Listmuna uppboð

Gallerís Foldar

Erum að taka á móti verkum á næsta uppboð

Áhugasamir geta haft samband við í síma 551-0400.



Hrafnhildur Inga Straumar

Allir velkomnir Í Gallerí Fold 10. – 25. september
Opnun kl. 15, laugardag 10. september

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16 og sunnud. kl. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Úr vöndu að ráða ef ekki semst, segja lögreglumenn:

Þolinmæði lögreglumanna er á þrotum

KJARAMÁL Lögreglumenn á Suðurnesjum segja þolinmæði stéttarinnar vegna kjaramála á þrotum. Lögreglumenn hafa verið með lausa kjarasamninga í 283 daga.

Ályktun um stöðuna var samþykkt á fundi Lögreglufélags Suðurnesja á fimmtudag. Í henni segir að ekki verði unað við að lögreglumenn dragist lengur aftur úr viðmiðunarstéttum í launum. Deilan sé nú í gerðardómi og séu vonir bundnar við að niðurstaða hans verði viðunandi.

„Annars er úr vöndu að ráða fyrir alla sem hlut eiga að máli. Lögreglumenn hafa verið að stilla saman strengi sína síðustu vikur þar sem þolinmæði þeirra er á þrotum.“

- sh



SAMNINGSLEYSI MÓTMÆLT Í fyrravor söfnuðust lögreglumenn saman við húsnæði Ríkissáttasemjara til mótmæla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Seðlabanki Íslands:

Nýr framkvæmdastjóri

STJÓRNSÝSLA Guðmundur Kr. Tómasson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri greiðslukerfa hjá Seðlabanka Íslands. Guðmundur hefur starfað á fjármála sviði Seðlabankans frá því í ágúst 2005, sem forstöðumaður greiðslukerfa og staðgengill framkvæmdastjóra fjármála sviðs bankans.

Greiðslukerfi er nýtt svið innan Seðlabankans en því er ætlað að stuðla að öryggi og skilvirkni þýðingarmikilla greiðslukerfa. Þá eru útgáfa og umsýsla seðla og myntar og rekstur fjárhirslna hluti af verkefnum sviðsins. Auk þess mun Greiðsluveitan, dótturfélag Seðlabankans, heyra undir sviðið.

- mþl

Borg með efasemdir:

Aukið samstarf evruríkja rætt

SVÍPJOB Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, gagnrýnir tillögu 17 evrulanda um nánari samvinnu sem getur leitt til reglulegra leiðtoga-funda og eigin framkvæmda-nefndar. Slíkt myndi útiloka enn frekar þau Evrópu-sambandslönd sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Borg kveðst mjög jákvæður gagnvart samstarfi innan Evrópusambandsins. Hann segist hafa skilning á óskum þeirra ríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil. Hins vegar geti aukin skipting innan sambandsins valdið erfiðleikum.

- ibs



ANDERS BORG

Eignir þrotabús til sölu

Skiptastjóri þrotabús Bergeyjar fasteignafélags óskar eftir tilboði í neðangreindar fasteignir eða eignarhluta.

KÓPAVOGUR	Stærð eignarhl.
Nýbýlavegur 2	3118,4 m ²
Nýbýlavegur 4	2756,8 m ²
Nýbýlavegur 6	1930,2 m ²
Nýbýlavegur 8	2405,2 m ²
Auðbrekka 3-5	629,0 m ²
Auðbrekka 17	310,5 m ²
Auðbrekka 19	342,6 m ²
Smiðjuvegur 68-70	1421,9 m ²
Smiðjuvegur 72	293,8 m ²
Vesturvör 30a	1725,1 m ²
Skemmuvegur 16	320,0 m ²

REYKJANESBÆR	Stærð eignarhl.
Njarðarbraut 11a	248,7 m ²
Njarðarbraut 17	670,3 m ²
Njarðarbraut 19	420,7 m ²
Fitjabraut 12	930,1 m ²

SELFOSS	Stærð eignarhl.
Fossnes 14	1605,6 m ²
Austurvegur 60	lóð
Eyruvegur 33	1345,7 m ²

AKUREYRI	Stærð eignarhl.
Baldursnes 1	1301,5 m ²
Draupnigata 8	85,2 m ²

Hægt er að gera tilboð í eignirnar í einu lagi, stakar eða ákveðnar eignir saman.

Skiptastjóri áskilur sér rétt til að meta tilboð og hafna öllum tilboðum.

Krafa er gerð um fjárhagsupplýsingar tilboðsgjafa.

Áhugasamir hafi samband við skiptastjóra, Jón Ármann Guðjónsson hdl., í síma 588-3000 / 895-0646 eða með tölvupósti jon@logborg.is fyrir 20. september 2011.

LÖGBORG

- lögfræðisjónusta síðan 1953

Ákærður fyrir árás:

Greip um höfuð lögreglumanns

DOMSMÁL Manni á þrítugsaldri hefur verið birt ákæra fyrir árás á lögregluþjón 9. apríl síðastliðinn.

Samkvæmt ákærinni brást maðurinn hinn verst við þegar lögregluþjóninn hugðist rétta honum vatnsglas og sló til hans. Lögreglu maðurinn vék sér undan högginu en þá náði maðurinn taki á höfði hans, þrýsti því að sér og sló hann í kjölfarið í búkin. Lögregluþjóninn hlaut hriflsár hér og þar um líkamann.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. -sh



FLATEYRI Níu mánuðir eru síðan Eyraroddi á Flateyri var úrskurðaður gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mál Eyrarodda enn óleyst:

Furðar sig á töfum málsins

VIÐSKIPTI Samningar hafa ekki tekist um sölu á eftirstandandi eignum þrotabús útgerðarfyrirtækisins Eyrarodda á Flateyri. Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Fish, sem lagði fram tilboð í eignirnar í ágúst, segir furðu sæta að niðurstaða sé ekki komin í málið. Ekki náðist í skiptastjóra Eyrarodda í gær.

Eyraroddi fór í þrot í byrjun árs og misstu við það 42 starfsmenn vinnuna. Útgerðarfyrirtækið Lotna gekk frá kaupum á hluta eigna fyrirtækisins um miðjan síðasta mánuð. Arctic Fish keypti fyrir skömmu Dýrfisk á Þingeyri sem stundar eldi á regnbogasilungi. -jab

Tímamót í augsýn hjá Kína:

Júanið á flot fyrir árið 2015

KÍNA Kínversk yfirvöld hafa gefið í skyn að innan tíðar muni þau hætta að handstýra gengi gjaldeyris síns júansins. Að sögn talsmanns verslunarráðs ESB í Kína hafa embættismann þar í landi sagt að gengi júans yrði komið á flot fyrir árið 2015.

Þetta eru nokkur tíðindi þar sem Kínverjar hafa legið undir ámæli í áraraðir fyrir að halda genginu lágu gagnvart evru og Bandaríkjadal, til þess að styrkja samkeppnishæfni útflutningsgreina. Undanfarið hafa matsaðilar þó talið að raungengi júansins hafi sannarlega verið að lækka. -þj

Nýr loftferðasamningur:

Geta boðið flug til Víetnam

SAMGÖNGUR Loftferðasamningur sem Ísland hefur gert við Víetnam heimilar flugrekendum ríkjanna að fljúga áætlanarflug með farþega til ákvörðunarstaða í hvoru ríki og áfanga- og viðkomustaða á flugleiðinni auk heimilda fyrir fraktflug.

„Samningurinn opnar einnig möguleika fyrir íslenska flugrekendur til að bjóða upp á leiguflug milli Íslands og Víetnams. Samningurinn við Víetnam styrkir möguleika íslenskra flugrekenda sem hafa sinnt og vilja sinna verkefnum í þessum heimshluta,“ segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu sem kveður stefnt að undirritun loftferðasamninga við Armeníu, Barbados, Brasilíu, Síle, Jamaíku og Kólumbíu. -gar

Bólivísk yfirvöld eru brautryðjendur í náttúrvernd í heiminum:

Náttúran fær sömu réttindi og mannfólkið

BÓLÍVÍA Yfirvöld í Bólivíu hafa lagt fram lagafrumvarp sem mun veita náttúrunni sömu réttindi og manneskju. Lögin bera heitið „Lögmál Móður jarðar“ og er þetta í fyrsta sinn sem svo róttækar breytingar eru lagðar fram í heiminum er varða náttúruvernd. Þetta kemur fram á vef Guardian.

Ríkar steinefnanámur landsins eru nú skilgreindar sem „blessun“ og er það meðal annars talið munu leiða til róttækra breytinga í friðun landsins og samfélagslegri ábyrgð til að draga úr mengun.

Lögin eru í ellefu þáttum og varða þeir allir réttindi náttúrunnar til að vera til. Meðal þeirra eru réttindi hennar til lífs, réttindi hennar til tilveru án afskipta

manna, aðgang að hreinu vatni og hreinu lofti, rétt til að vera ekki menguð og verða ekki genabreytt af mannfólkinu.

Eitt umdeildasta atriðið er talið réttur náttúrunnar til að verða ekki fyrir áhrifum af stórum mannvirkjum og þróunarframkvæmdum sem gætu raskað jafnvægi lífríkis eða velferð íbúa.

Lögmál móður jarðar eru hluti af heildarendurskilgreiningu á bólivíska lagakerfinu sem kom í kjölfar breytinga á stjórnarskrá landsins árið 2009. Þau eru undir miklum áhrifum af andlegum heimssjónarmiðum frumbyggja Andesfjalla sem líta á náttúruna og jörðina sem miðpunkt alls lífs.



SAJARMA-ELDFJALLIÐ Í BÓLÍVÍU Ein af greinum nýju laganna snýst um að náttúran hafi sama rétt á hreinu vatni og lofti og mannfólkið. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimilisbókhald Arion banka

Ókeypis námskeið í Meniga

Arion banki býður viðskiptavinum sínum námskeið fyrir byrjendur í notkun Meniga heimilisbókhaldsins.

Lærðu grunnatriðin og þú kemst að því hvað það getur verið létt og skemmtilegt að sinna heimilisbókhaldinu.

Námskeiðið er haldið miðvikudaginn 14. september kl. 17.30 í Háskólanum í Reykjavík.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is



arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



KULDASTÍGVÉL

4.995

Kuldastígvél
Loðfóðruð, ítölsk kuldastígvél á börnin. Svört stærðir: 21-39.
Rauð stærðir: 21-35.

10 PÖR

995

Herra- og dömusokkar
Gæðasokkar á frábæru verði.
Fást bæði í herra- og dömustærðum.
5 pör í pakka **695**



KEYPTU
2 PAKKA
OG SPARADU
395

ALLT SETTIÐ
FULLT VERÐ: 5.595

3.995

29%
AFSLÁTTUR



KNIT PRO ACRYL hringprjónasett
Frábært hringprjónasett sem inniheldur 8 pör af prjónum og snúrur í mismunandi lengdum ásamt fylgihlutum í veski.

Íþróttagalli

Flottir og þægilegir íþróttagallar fyrir stelpur og stráka. Stærðir: 104 - 160 sm.
Fást í 2 litum: Svart/blátt og svart/rautt.



BUXUR + JAKKI
AÐUR: 3.995

2.995

SPARIÐ
1.000



SPARIÐ
1.000

VEGG-
KLUKKA FULLT
VERÐ: 5.995

4.995

Veggklukka
Sniðug veggklukka til að líma á vegg. Þú ræður hvað klukkan verður stór!



BÓKAHILLA

4.495

ANETA bókahilla
Falleg bókahilla í beykilit. Stærð: H175 x B60 x D24 sm.



FULLT
VERÐ: 59.950

39.950

SPARIÐ
20.000

CHICAGO hægindastóll með nuddi
Glæsilegur hægindastóll með PVC áklæði. Innbyggður fótsemill og nudd. Stóllinn er með hliðarvasa og fjarsýringu fyrir nuddið. 5 stillingar á nuddi. Hægt að rugga og snúa stólnum. Litur: Svartur.

PAULA kollur
Fínn kollur á frábæru verði!

FULLT
VERÐ: 1.695

995

41%
AFSLÁTTUR

FULLT
VERÐ: 54.950

29.950

SPARIÐ
25.000



SPARIÐ
7.000



ANNIKA sófaborð
Fallegt, hvítt sófaborð. Stærð: B72 x H45 L130 sm.

FULLT
VERÐ: 14.995

7.995

JERSEY svefnsofi

Flottur svefnsofi á frábæru verði! Fáanlegur í tveimur flottum litum: Gráum og brúnum. Stærð: B189 x H79 x D91 sm. Stærð í svefnstöðu 189 x 110 sm.

FRÁBÆR HELGAR- TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 10.09-11.09

1 BOX FULLT
VERÐ: 1.695

1.495



MYRNA staflanleg box
Flott box sem fást í 2 flokkum
litum. Stærð á boxi: 32 x 32
x 31 sm.

2JA
SÆTA FULLT
VERÐ: 69.950

34.950



MAINE skemill
Flottur, svartur skemill úr leðurlíki.
Stærð: 38 x 38 x 36 sm.

SKEMILL

4.995



12%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

ALVA sófasett 3 + 2
Fallegt sófasett með hvítu tauáklæði.
Stærð á 2ja sæta: B167 x D90 x H89 sm.
áður **69.950** nú **34.950**
Stærð á 3ja sæta: 210 x D90 x H89 sm.
áður **79.950** nú **39.950**

SÆNG
OG KODDI

4.995



SYMFONI trefjasæng
Pétt og hlý sæng með
sikkasakki saumi. Fylling:
Fingerðar holtrefjar.
Pyngd: 1200 gr.
Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm.
Koddi stærð: 50 x 70
sm.

mascot

SKART-
GRIPATRÉ

1.495



Skartgripatré
Flott tré fyrir
skartgripina.
Litur: Silfur.

PLASTKASSI
MEÐ LOKI

1.795



**Plastkassi
með loki**
29 lítra plastkassi
með loki. Frábært
verð!

LAMPI

1.995

LIPAMI lampi
Fallegur lampi,
fæst í svörtum
eða fjólubláum lit.
Hæð: 36 sm.



1 STK.

119



Ilmkerti
Mikið úrval af ilmandi kertum. Frábært verð!

PURRGRIND

1.785

GÓÐ
KAUP!

Purrgrind
Góð purrgrind
úr hvítlökkuðum
járnrorum með
u.þ.b. 20 metra
purrplássi.



1 DOKKA
VERÐ NÚ:

310



king
cole

LÆKKAD VERÐ!

MERINO BLEND DK garn
Frábært þrjónagar sem fæst í mörgum flokkum litum. 100% hrein ull.
Superwash. 50 gr. dokka

Kjósendur gefa stjórnmalunum langt nef.

Helmingur óákveðinn

Innan við helmingur aðspurðra í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar tvö treystir sér til þess að svara því hvaða flokk þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga nú. Engu að síður er þrúspurt í könnuninni til þess að reyna að ná fram svörum frá fleirum en þeim sem eru harðákveðnir.

Þróunin hefur verið á þann veg að þeim hefur sífellt fækkað sem treysta sér til að taka afstöðu til þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi í skoðanakönnunum. Aldrei fyrr hefur þó minna en helmingur tekið afstöðu gagnvart þessari spurningu. Þetta er í raun merkilegasta niðurstaða skoðanakönnunarinnar og gefur tilefni til að velta fyrir sér hverju sætir.

Hvers vegna treysta svona fáir sér til þess að gefa upp flokk? Skýringarnar eru auðvitað margar. Í erfiðu árferði eru stjórnvöld aldrei vinsæl. Það liggur í augum uppi að ríkisstjórn sem hækkar skatta og dregur úr þjónustu vinnur ekki vinsældakeppnina og þá er ekki spurt að því hvers vegna aðstæður eru eins og þær eru; hverjir stýrðu þjóðarskútunni í strand og hverjir eru að bisa við að losa hana af strandstað.

Upplausnin á Alþingi hefur áreiðanlega sitt að segja líka. Aldrei hafa jafnmargir þingmenn skipt um flokka eða hætt þingmennsku eins og nú. Þannig er niðurstaða greidds atkvæðis í síðustu kosningum í mörgum tilvikum allt önnur nú en hún var strax í kjölfar kosninganna.

Líklegt er einnig að umræðumenningin í þinginu hafi þarna eitthvað að segja. Það er ekki skrytið að venjulegu fólki finnist þingheimur ekki eiga við sig sérstakt erindi. Nokkrir klukkutímar fyrir framan skjáinn þegar sjónvarpað er frá Alþingi hafa verulegan fælingarmátt.

Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar standa í ræðustóli og reyna að snúa út úr hver fyrir öðrum, gjamma frammi og rífast við forsetann eins og óþekk börn og eiga sviðið fyrir bragðið.

Raddir þeirra þingmanna og ráðherra sem halda til streitu málefnalegri umræðu, og þeir eru vissulega margir og ágætir, beinlínis drukkna í kappræðumenningu Morfismannanna, stórýrdunum og fúkyrdunum.

Þingmenn eiga greinilega verk að vinna að ná að nýju trausti kjósenda sinna. Það er sök sér að treysta sér ekki til að svara skoðanakönnun. Verra er ef þessi uppgjöf kjósenda nær til kosninganna sjálfra þannig að kjósendur velji að skila auðu í stórum stíl eða sitja jafnvel heima.

Fjölmenni á kjörstað styrkir lýðræðið. Hér á landi er hefð fyrir góðri kosningaþátttöku en til þess að svo megi verða áfram verða stjórnmalamennt að byggja upp traust og virðingu kjósenda sinna að nýju. Þar er mikið í húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Komdu í Yoga



Styrkur og jafnvægi

Góð slökun rétt öndun njótum andartaksins og Dveljum í núinu.

13. september hefst nýtt námskeið í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði. Þriðjudaga kl. 18.20 og fimmtudaga kl. 18.20.

Síma 6910381 - Kristín Björg



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Þjóðhöfðinginn

Forseti Íslands hefur vakið athygli að undanförunu með yfirlýsingu í fjölmiðlum heima og erlendis. Mörgum finnst að það sem þjóðhöfðingi landsins hafi fram að færa sé allt með endemum. Svo eru þeir sem telja að hann sé sverð og skjöldur fámennrar þjóðar sem óvinveitt ríki hefðu knésett ef hans nýti ekki við.

Venjulega sjá menn ekki ástæðu til að bregðast við yfirlýsingahrinum forsetans, nema þá helst til að ýkja upphafninguna eins og Hannes Pétursson skáld gerði af ljóðrænu innsæi á dögunum. Síðasta yfirlýsingahrina forsetans er sérstök fyrir þær sakir að hún hefur vakið meiri viðbrögð en oft áður.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum utanríkisráðherra, skrifaði þannig mjög harðorða grein og rökstuddi að ríkisstjórnin gæti ekki setið aðgerðalaus. Þá gerði Eiður Guðnason, fyrrum umhverfisráðherra, glögga grein fyrir því hvernig forsetinn hefði enn einu sinni farið yfir strikið í ummælu um vina- og bandalagsþjóðir. Ennfremur sýndi Svavar Gestsson, fyrrum menntamálaráðherra, fram á hvernig forsetinn

hefur komist í mótsögn við sjálfan sig í upphafningu um ágæti sitt.

Óþekkt er í okkar heimshluta að þjóðhöfðingi sem ekki er kjörinn til þess að fara með pólitíska forystu gefi tilefni til að fá svo þunga ofanígjöf sem þessi dæmi sýna. Það er einnig óhugsandi að þjóðhöfðingi annars lands hefði sætt jafn beittri siðferðilegri gagnrýni um framgöngu sína og forseti Íslands í siðferðisakla rannsóknarnefndar Alþingis án þess að það hefði áhrif á stöðu hans.

Sumum finnst sem embætti forseta Íslands hafi stækkað í réttu hlutfalli við vaxandi mælgri þjóðhöfðingjans. Öðrum sýnist það smækka í sömu hlutföllum.

Stjórnskipun eða hringavitleysa

Eftir stjórnarskránni fara forseti og Alþingi sameiginlega með löggjafarvaldið og forsetinn fer með framkvæmdarvaldið ásamt öðrum stjórnvöldum. Þetta þýðir að orð forseta í fjölmiðlum heima jafnt sem erlendis eru að forminu til í nafni Alþingis og ríkisstjórnarinnar. En með því að forsetinn er jafnframt ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum ber ríkisstjórnin ábyrgð á athöfnum hans og eftir atvikum orðum.

Síðasti boðskapur forsetans var tvenns konar: Annars vegar vék hann að stöðu Íslands í samfélagi

þjóðanna. Þar kom skýrt fram að æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins í landinu að formi til lítur svo á að þjóðir Evrópu hafi snúið fallbyssum sínum að Íslandi þegar verst stóð á. Hinir raunverulegu vinir Íslendinga séu Indverjar og Kínverjar. Sjálfur sagðist forsetinn hafa tryggt mikilvægt gjaldmiðlaskiptalán frá Kínverjum. Allir vita að það voru fyrst og fremst Norðurlandþjóðirnar og Pólverjar, þar af fjórar Evrópusambandsþjóðir, sem veittu Íslandi fjárhagsaðstoð ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þegar Ísland var í mestri þröng. Hins vegar vék forsetinn að

ríkisstjórninni sem ber ábyrgð á athöfnum hans og hann situr í forsæti fyrir á fundum ríkisráðs. Ofsagt er að hann hafi sakað hana um landráð en hann néri henni um nasir alvarlegum embættisafglöpum vegna Icesave-laganna.

Menn geta deilt um hvort forsetinn hafði lög að mæla eða ekki. En það á ekkert skylt við alvöru stjórnskipun að þjóðhöfðinginn geti átölulaust gengið með þessum hætti gegn þeim hluta framkvæmdarvaldsins sem ber ábyrgð á gerðum hans. Það er hringavitleysa. Íslendingar skadast á að búa við slíkt skipulag.

Hvað á ríkisstjórnin að gera?

Jón Baldvin Hannibalsson hefur réttilega bent á að ríkisstjórnin verður að bregðast við. Ella eru ummælin gagnvart öðrum þjóðum í hennar nafni. Hún telst líka hafa viðurkennt að hafa brugðist skyldum sínum ef hún andmæltir ekki formlega. En hvað getur ríkisstjórnin gert?

Ríkisráð er sameiginlegur vettvangur æðstu handhafa framkvæmdarvaldsins. Tilskipun um starfsreglur ríkisráðs gerir ráð

fyrir að þar séu bókuð ágreiningsálit ef tilefni er til.

Í hvert sinn sem forseti Íslands gefur yfirlýsingar af því tagi sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni ber forsætisráðherra að kalla saman fund í ríkisráði. Þar á hann eða þeir ráðherrar aðrir sem hlut kunna að eiga að máli að bóka ágreiningsálit sem leiðréttir ummæli forsetans og skýrir afstöðu ríkisstjórnarinnar. Slíka bóka á síðan að birta til þess að eyða tvímælum um hver er

afstaða þess hluta framkvæmdarvaldsins sem ber stjórnskipulega ábyrgð. Utanríkisráðherra á síðan að afhenda þeim þjóðum sem hlut kunna að eiga að máli bókun ríkisráðs um rétta afstöðu stjórnvalda.

Málfrelsi forsetans má ekki hefta. En noti hann það með þeim hætti sem hann hefur gert eru viðbrögð af þessu tagi nauðsynleg ef stjórnskipunin á að standa og þjóðin að halda virðingu sinni í samfélagi þjóðanna.



FLUGSÝNING

Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI
LAUGARDAGINN 10. SEPTEMBER

Flugsýning Flugmálafélags Íslands í samstarfi við Icelandair og Isavia verður haldin á Reykjavíkurlugvelli í dag, 10. September, kl. 12–16 við Hótel Reykjavík Natura (fyrrum Hótel Loftleiðir).

- | Flugvélar af öllum stærðum og gerðum
- | Flugsýning kl. 13–15
- | Fallhlífarstökk
- | Svífflug
- | Sýningarflug á þristinum
- | Módelflug
- | Farþegaþota Icelandair Boeing 757, landing, flugtak og yfirflug
- | Listflug
- | Þyrluflug
- | Paramótorflug
- | Fisflug
- | Sýningarflug Landhelgisgæslunnar

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS

KOMIÐ OG UPPLIFIÐ ÍSLENSKA FLUGÆVINTÝRIÐ
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Í DAG.



Samvinnan sem við þurfum á að halda

Samvinna þjóða

Barack Obama

forseti Bandaríkjanna



Nú þegar tíu ár eru liðin frá hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 minnumst við þess að 11.9. var ekki aðeins áráð á Bandaríkin, heldur var þetta áráð á heiminn og þá mennsku og vonir sem við deilum.

Við minnumst þess að á meðal nærri 3.000 saklausra fórnarlamba sem fórust þennan dag voru hundruð borgara frá rúmlega 90 löndum. Þetta voru karlar og konur, ungir sem aldnir, og tilheyrðu margs konar kynþáttum og trúarbrögðum. Á þessum alvarlega minningardegi sameinumst við fjölskyldum þeirra og þjóðum til að heiðra minningu þeirra.

Við minnumst þess með þakklæti hvernig heimurinn sameinaðist fyrir tíu árum og varð sem einn. Um allan heim stöðvudust heilar borgir til að eiga þagnarstundir. Fólk baðst fyrir í kirkjum, moskum, samkunduhúsum og öðrum tilbeiðsluhúsum. Og við sem búum í Bandaríkjunum munum aldrei gleyma hvernig fólk úti um allan heim stóð með okkur og sýndi einhug á kertavökum og innan um blómahöfin sem lögð voru við sendiráð okkar.

Við minnumst þess að vikurnar eftir 11.9. unnum við eins og alþjóðlegt samfélag. Sem hluti af breiðri samfylkingu hröktum

við al-Kaída frá þjálfunarbúðum sínum í Afganistan, steiptum talibönnum af stóli og gáfum afgöngu þjóðinni tækifæri til að lifa laus við ógnarstjórn. En árin sem á eftir fylgdu voru erfið og sá andi hnattrænnar samvinnu sem við fundum eftir 11.9. dvínaði.

Sem forseti hef ég unnið að því að endurnýja þá samvinnu allra ríkja sem nauðsynleg er til að mæta þeim vótæku og krefjandi viðfangsefnum sem við stöndum frammi fyrir. Á þessu nýja skeiði skuldbindinga höfum við myndað bandalög við ríki og þjóðir á grunni gagnkvæmra hagsmuna og gagnkvæmrar virðingar.

meirihluta múslíma. Í þessari viku minnumst við allra fórnarlamba al-Kaída og þess hugrekks og þeirrar seiglu sem fjölskyldur þeirra og meðborgarar hafa sýnt, frá Mið-Austurlöndum til Evrópu, frá Afríku til Asíu.

Með því að vinna saman höfum truflað samsæri al-Kaída, rutt Osama bin Laden úr vegi og flestum forystumönnum hans, og snúið al-Kaída inn á braut ósigurs. Á sama tíma hefur fólk í Miðausturlöndum og Norður-Afríku sýnt að öruggasta leiðin til réttlætis og reisnar er siðferðisstyrkur friðsamlegra mótæla, ekki hugsunarlausra hryðjuverka og ofbeldis. Það er ljóst að ofbeldisfullir öfgamenn

stjórnarábyrgð í hendur heimanna í Afganistan munum við styðja Íraka og Afgana í viðleitni þeirra til að veita fólki sínu öryggi og tækifæri. Í arabalöndunum og annars staðar munum við berjast fyrir reisu og almennu réttindum sérhvers manns.

Um allan heim munum við halda áfram því erfiða verki að koma á friði, efla þróun sem lyftir fólki upp úr fátækt og stuðla að fæðuöryggi, heilbrigði og góðum stjórnarháttum sem leysa úr læðingi möguleika borgaranna og þjóðfélaga.

Á sama tíma höfum við skuldbundið okkur á ný til að lifa samkvæmt gildum okkar heima fyrir. Sem innflytjendabjód þjóða Bandaríkjamenn velkomið fólk frá öllum löndum og menningarheimum. Þessir nýjustu Bandaríkjamenn – eins og öll saklausu fórnarlömbin fyrir tíu árum – minna okkur á að þrátt fyrir allan mismun kynþátta og þjóðernis, bakgrunns eða trúar, tengjumst við öll í þeirri sameiginlegu von að við getum gert heiminn að betri stað fyrir kynslóðir nútímans og framtíðarinnar. Það verður að vera arfleifð þeirra sem við höfum misst.

Þeir sem réðust á okkur 11. september vildu reka fleyg milli Bandaríkjanna og umheimsins. Þeim mistókst. Núna tíu árum síðar sameinumst við vinum okkar og bandamönnum er við minnumst þeirra sem við höfum misst í þessari baráttu. Í minningu þeirra ítrekum við anda samvinnu og gagnkvæmrar virðingar sem nauðsynleg er til að allir þjóðir geti lifað við reisu, frelsi og friði.

„Peir sem réðust á okkur 11. september vildu reka fleyg á milli Bandaríkjanna og umheimsins. Þeim mistókst. Núna tíu árum síðar sameinumst við vinum okkar og bandamönnum er við minnumst þeirra sem við höfum misst í þessari baráttu.“

Sem alþjóðlegt samfélag höfum við sýnt að hryðjuverkamenn ráða ekki við þrek og þrautseigju almennra borgara. Ég hef gert það lýðum ljóst að Bandaríkin eru ekki og munu aldrei fara í stríð við íslam. Hins vegar erum við ásamt bandamönnum okkar og vinum sameinaðir gegn al-Kaída, sem hefur ráðist á tugi landa og drepið tugi þúsunda saklausra manna, kvenna og barna, að miklum

verða skildir eftir og að framtíðin tilheyrir þeim sem vilja byggja upp, ekki tortíma.

Þau ríki og þjóðir sem sækjast eftir framtíð friðar og hagsældar eiga bandamann þar sem Bandaríkin eru. Því þótt við þurfum að takast á við efnahagsleg vandamál heima fyrir munu Bandaríkin áfram gegna einstöku forystuhlutverki í heiminum. Þótt við flytjum síðustu hermenn okkar frá Írak og komum

Af illum (Sig) hvötum?

Heilbrigðismál

Jakob Frímagnússon

framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar



Sighvatur Björgvinsson, fv. Sheilbrigðisráðherra og forstjóri Þróunarsamvinnustofnunar, velur gagnrýnispistli sínum um kostnað við Landsspítala – Háskólasjúkrahús o.fl. afar óviðeigandi fyrir sögn í Fréttablaði gærdagsins:

„(G)narrast með fólk“. Ætla mætti af fyrirsögninni að hér væri verið að beina spjótum að borgarstjóranum Jóni Gnarr og næsta víst að stór hluti almennings gerir sér takmarkaða grein fyrir því hvort tiltekin verkefni eru á ábyrgð ríkis eða borgar.

Jón Gnarr ber að sjálfsgöðu enga ábyrgð á þeirri stöðu sem heilbrigðiskerfi ríkisins er í, enga ábyrgð á fyrirhuguðu milljarðaverkefni sem nýtt háskólasjúkrahús er og fráleitt að draga hans nafn inn í umræðu um þau mál.

Umrædd fyrirsögn er viðlíka fráleit og að grein um þróun byggðar í Reykjavík yrði nefnd „Af illum (Sig) hvötum“, og Þróunarsamvinnustjórnin fyrirverandi þannig spyrur við þróun honum alls óviðkomandi.

Þetta orðaval Sighvatar Björgvinssonar er meiddandi, allsendis óviðeigandi og lítt til sóma einum helsta guðföður þess stjórnmálafls sem Jón Gnarr leiddi til valda í Reykjavíkurborg.



GUSTAVO DUDAMEL

DUDAMEL
Á ÍSLANDI

18. september
kl. 20.00

Tryggið ykkur miða

Fyrsta erlenda gestahljómsveitin í Hörpu:
Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar

Á efnisskrá tónleikanna er meðal annars frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Sinfónía nr. 6 eftir Tchaikovsky og Klarinettukonsert eftir Mozart. Einleikari er Martin Fröst

www.harpa.is



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK



einfaldlega betri kostur

NÝTT



69.900,-

ASKIM. NÝTT 2½ sæta sófi. L188 cm Áklæði úr 100% bómull. 69.900,-
Auka áklæði selt sér: Blátt, rautt eða ljósgrátt. Verð 19.900,-

NÝTT



COZY. NÝTT
Handprjónað teppi. 130x160 cm. 80% akrýl og 20% ull. 7.995,- Ýmsir litir.

Fallegt heimili þú átt það skilið

NÝTT



TARANTO. NÝTT
2½ sæta leðursófi m/krómfótum. L160 cm. 219.900,-
Einnig til 3ja sæta sófi, hægindastóll og 3ja sæta bekkur.

NÝTT



LAON. NÝTT
Bekkur úr eik m/höráklæði. 75x167x113 cm.
Sætishæð 50 cm. 89.900,-

YPSILON. Karafle
0,5L 1.295,-
Einnig til græn.
YPSILON.
Fjólublátt glas,
25cl. 495,-
Einnig til grænt.

495,-



NÝTT



SPACEWALKER. NÝTT
Borðlampi úr PVC. H42,2 cm. 49.995,-
Hönnuður: Constantin Wortmann



TUMMY. Borðlampi. H22,5 cm. 4.995,-
Einnig til hvítur. Skermur seldur sér.
DAISY. Silkkiskermur. H27 cm. 4.995,-
Einnig til svartur, lime, bleikur og túrkis.

BELLO.
Unglingaskrifborðsstóll,
textílleður. H89 cm. 14.900,-



14.995,-

DEKO HEAD.
Hreindýrshöfuð.
40x45 cm. 14.995,-



JAKARTA. NÝTT
Svört karfa m/loki. Ø33,5 cm 4.995,- Ø27 cm 3.995,-

NÝTT



Smurt brauð m/hangikjöti
Verð 490,-



VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjódum uppá
vaxtalaust lán
til 6 mánaða



ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
www.ILVA.is

TIL LEIGU

Klettháls 1a



Glæsilegt, 950 fm stálgrindarhús í mjög góðu ástandi. Húsið stendur á 3000 fm einkalóð, með góðum bílastæðum og athafnasvæði. Hægt er að leigja húsið í hlutum og skiptist það niður í annarsvegar 1x200 fm bil með sér innkeyrslu hurð og hinsvegar í 600 fm bil auk skrifstofu, einnig má skipta skrifstofunum upp. Hentar vel fyrir iðnað, verðslun eða heildsölu.

Áhugasamir hafi samband við Magnús í síma 696-4444. Einnig má senda fyrirspurn á póstfangið, magnus@garri.is.

Sterkari en nokkru sinni fyrr

Samfélagsmál

Anna Bentína Hermansen
kynjafraeðingur



Ég er ein af þeim rúmlega 5.200 konum sem hafa leitað til Stígamóta eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi. Á bak við hverja einustu tölu er manneskja sem hefur nafn og á sitt líf. Stundum held ég að tölur geri fólk ónæmt fyrir þessum málum, þess vegna finnst mér mikilvægt að koma fram undir nafni. Í dag get ég það því mér finnst ég ekkert hafa að fela enda hef ég ekkert að skammast mín fyrir. Ég get staðið fyrir framan þjóðina stolt yfir því að hafa komist í gegnum þessa reynslu og tekst á við hana þannig að ég er sterkari fyrir vikið. Hins vegar eru ekki allir það lánsamir og þá á ég við fólk sem aldrei leitar sér hjálpar og býr með skömm sína og reynslu í þögn sem verður stundum óbærileg.

Ég þekki það sjálf því það tók mig tíma að leita mér hjálpar. Ég reyndi að ýta reynslu minni í burtu, vann eins og berserkur, kaffærði mig í verkefnum og var á sífellum flóttu undan líðan minni. Ég var full af skömm, sektarkennd og sjálfsásökunum vegna þess ofbeldis sem var framíð á mér en ekki af mér. Mér leið eins og ég hefði verið svipt stórum hluta af sjálfri mér og þessi hluti myndaði tómarúm sem fylltist af kvíða, þunglyndi og félagsfælni. Skömmin að hafa orðið fyrir þessu var helsti þátturinn sem kom í veg fyrir að ég leitaði mér hjálpar.

Ég var í nokkur ár í einstaklingsviðtölum áður en ég treysti mér til að fara í sjálfshjálparhóp á Stígamótum. Í þessum hópum eru 5-6 einstaklingar og leiðbeinandi. Við hittumst tvisvar í viku í tvo mánuði og fórum í gegnum reynslu okkar, líðan og tilfinningar. Í þessum hópi gerðist kraftaverk. Ég hitti aðrar konur sem höfðu sömu reynslu. Ég heyrði þær segja frá sömu skömminni og sjálfsásökunum sem ég upplifði og þá fyrst skildi ég hversu fáránlegt það er að þau sem beitt eru ofbeldi beri þá skömm sem ofbeldismaðurinn ætti að bera. Ég sá líka að kvíðinn og þunglyndið voru ekki karaktereinkenni sem ég hafði þróað með mér, heldur afleiðingar af ofbeldinu. Ég sá að ég hafði svipt sjálfa mig helmingnum af lífinu í viðleitni minni að kæfa niður reynsluna sem ég varð fyrir. Ég uppgötvaði að mestu fordómarnir sem ég þurfti að yfirstíga voru eigin fordómar gagnvart sjálfri mér og því sem ég hafði upplifað.

Mikilvægasta verkfærið í bataferlinu er að rjúfa þögnina og fá viðurkenningu á þessari erfiðu lífsreynslu. Gefa sjálfri sér leyfi til að upplifa sársaukann og þjáninguna. Þetta leyfi fékk ég á Stígamótum, þar var ég umvafin skilningi og líðan mín var viðurkennd. Fyrir mér snerist vinna mín á Stígamótum um að gefa sjálfri mér þá gjöf að fara í gegnum þessa reynslu og gera hana upp að því marki sem mér var framast unnt. Eina leiðin út úr sársaukanum er að fara í gegnum hann og þessi vinna hefur gert mig sterkari. Að rjúfa þögnina er töfrum líkast, þú heyrir ekki bara í sjálfri þér og setur í orð það ósegjanlega. Það er eins og orðin moki út skömminni, þú færir hana út úr sjálfri þér, sleppir henni lausri og sérð hve mikil fásinna það er að þú berir hana. Þú skilar henni á réttan stað, til ofbeldismannsins. Þú stendur uppi sem sigurvegari vegna þess að þú komst í gegnum eina erfiðustu lífsreynslu sem hægt er að hugsa sér og þar af leiðandi býrðu yfir miklum styrk.

Það óeingingjarna starf sem unnið er á Stígamótum bjargaði lífi mínu. Ég hefði ekki getað haldið áfram mikið lengur í þeirri vanlíðan sem ég var í. Ef ég hefði þurft

„Það óeingingjarna starf sem unnið er á Stígamótum bjargaði lífi mínu. Ég hefði ekki getað haldið áfram mikið lengur ...“

að borga fyrir viðtölin og hópa-vinnuna hefði ég líklega ekki getað leitað mér hjálpar. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að fólk geti sótt sér aðstoð án þess að þurfa að hugsa um fjárhagslegum þætti þess. Að auki tekur samfélagið ábyrgð með því að veita þessa þjónustu ókeypis. Það sýnir hluttekningu og viðurkenningu þörfina fyrir svona úrræði. Vegna vinnu minnar á Stígamótum hef ég fundið þann styrk aftur sem bjó alltaf í mér. Grundvöllurinn molnaði eftir reynslu mína en á Stígamótum byggði ég hann upp á ný. Ég reis upp úr óskustónni, vængjuð nýjum krafti, endurheimti sjálfa mig og það sterkari en nokkru sinni fyrr. Hver einasta manneskja sem upplifað hefur kynferðisofbeldi getur endurheimt sjálfa sig eins og ég gerði. Hún þarf bara að byrja og hvert ferðalag hefst á einu skrefi. Þjónusta Stígamóta er besti ferðafélaginn á þessu ferðalagi og algjörlega ómissandi fyrir okkar samfélag.

Níðskrif

Forsetaembættið

Jón Jónsson
bifvélavirki



Ígrein sem Jón Baldvin Hannibalsson skrifar í Fréttablaðið hinn 7. sept. síðastliðinn vegur hann ómaklega og ómálefnalega að forseta Íslands. Við Íslendingar eigum forsetanum allt að þakka í hvaða farveg þetta óláns Icesave-mál er komið. Hvernig hefði farið ef vilji Steingríms Sigfússonar hefði náð fram að ganga í bæði skiptin sem forsetinn neitaði að staðfesta Icesave-lögin? Það ætti með réttu að draga Steingrím fyrir landsdóm fyrir að reyna í tvígang að setja Íslendinga á hausinn!

En varðandi árás Jóns Baldvins Hannibalssonar á forsetann í áður nefndri grein þar sem hann kallar forsetann landráðamann meðal annars ætti Jón Baldvin Hannibalsson að líta í eigin barm. Hann

er sjálfur landráðamaður með því að draga Íslendinga inn í EES-samstarfið sem hefur komið Íslendingum verulega illa, t.d. hvað varðar heimskulegar reglur um akstur flutningabíla o.fl. Einnig reyndi Jón Baldvin Hannibalsson að slá sig til riddara með því að skipta sér af „sjálfstæðisbaráttu“ glæpa-gengja Eystrasaltsríkjanna sem klufu sig frá Sovétríkjunum.

Það dæmir sig sjálft að vera með hroka og dónaskap gegn forseta Íslands sem hefur eftir lýðræði svo um munar á Íslandi. Mér finnst að Jón Baldvin Hannibalsson ætti að biðja forsetann afsökunar á þeim ljótu orðum sem hann uppfendi hann í fyrrnefndri grein. Það lýsir best innri manni Jóns Baldvins Hannibalssonar að vera með langrækt hatur út í Ólaf Ragnar Grímsson. Ólafur forseti gat ekki séð fyrir að þeir fjárglæfingmenn sem hann studdi myndu að lokum valda því fjármálahruni sem varð haustið 2008.

Eða sást þú það kannski fyrir Jón Baldvin Hannibalsson?

Washington

FRÁ 30.900 KR

Mér finnst langskemmtilegast að fara með börnin mín á milli safnanna í Washington eins og ég gerði sem kerling með foreldrum mínum. Effirleikastadurinn minn er flugvéla safnið, National Air and Space Museum en upphaldsvatningastadurinn heitir Daleu. Svei er líka kannan gaman að labba um í góðu veðri og skoða fallegu byggingarnar. Þjárg Adalheiður Asgeirsdóttir

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR




Haust í Blómavali

OPIÐ TIL KL. 21 Í SKÚTUVOGI

BEINT FRÁ BÝLI

Bændamarkaður í Skútuvogi

- Lúpínuseyði að hætti Ævars - kynning kl. 13 - 15 á laugardag
- Sæluostar, ferskir án rotvarnarefna
- Sælkerasultur úr sveitinni
- Landnámshænuegg
- Broddur, beint frá býli
- Fersk bláskel úr Breiðafirðinum
- Nauta Carpaccio úr Kjósinni, af nautum sem fá eingöngu gras
- Ís og sorbet frá Holtsemi



Villidýrasýning í Skútuvogi, á Egilsstöðum og Selfossi

Uppstoppuð dýr af sléttum Afríku! Nashyrningur, ljón, antílópa og fleira. Ótrúleg upplifun fyrir alla fjölskylduna!

EINSTAKT TÆKIFÆRI! – ALLIR VELKOMNIR!

Pottaplöntu-útsala
25-50%
afsláttur



KAFFI GARÐUR
SKÚTUVOGI - OPIÐ TIL KL. 17

ALLAR HELGAR

Pylsa og kók **verð 199 kr.**



Ís á **99 kr.** í Skútuvogi

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Ekki sjúkdómar með nöfn

Vaktagengið svokallaða, að undanskildum Jóni Gnarr, ber ábyrgð á Heimsendi, nýrri þáttaröð sem gerist á geðdeild og hefur göngu sína á Stöð 2 í október. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við þá **Jörund Ragnarsson** og **Jóhann Ævar Grímsson** um gerð þáttanna.

Heimsendir er nafnið á nýrri þáttaröð sem hefur göngu sína á Stöð 2 í næsta mánuði. Vaktagengið svokallaða stendur að þáttunum og semur handritið, þeir Ragnar Bragason leikstjóri, Jóhann Ævar Grímsson handritshöfundur og leikararnir Jörundur Ragnarsson og Pétur Jóhann Sigfússon, að undanskildum borgarstjórannum Jóni Gnarr sem hefur haft öðrum hnöppum að hneppa síðustu mánuði. Blaðamaður settist niður með þeim Jörundi og Jóhanni Ævari og fræddist um gerð Heimsendis.

Nokkurs konar endastöð

Hvert er umfjöllunarefni Heimsendis?

Jóhann Ævar: „Í stuttu máli fjallar Heimsendir um afskekktu geðdeild úti á landi sem heitir Heimsendi, en er kölluð Heimsendir af þeim sem líta veröldina dekkri augum en ádrir. Á geðdeildinni er mikið úrval af áhugaverðu fólki, bæði vistmönnum og starfsfólki, og stundum er erfitt að greina mun á því hvort er hvað. Inn í þessa kreösu kemur nýr vistmaður, Einar, sem leikinn er af Halldóri Gylfasyni. Einar er allt annað en sáttur við að vera nauðungarvastaður á geðdeildinni eftir alvarlegt taugaáfall og byrjar að gera athugasemdir við starfshættina og umhverfið. Þessar athugasemdir Einars leiða aftur til byltingar á Heimsenda, þar sem vistmennirnir taka yfir hælið. Bókstaflega.“

Jörundur: „Öll sagan á sér stað á nokkrum dögum um og í kringum verslunarmannahelgina árið 1992 og inn í hana fléttast svo margar aðrar sögur. Áhorfendur fá að kynna ansi mörgum persónum náð, bæði starfsfólki og vistmönnum.“

Jóhann Ævar: „Við reynum eftir fremsta megni að forðast klisjur í framsetningunni á vistmönnum. Það var atriði sem skipti okkur miklu máli persónulega. Að þetta væru ekki sjúkdómar með nöfn heldur fólk af holdi og blóði með sínar baksögur, minningar og innra líf. Þetta eru vistmenn á geðdeild og kynlegir kvistir, en á sama tíma eru þetta manneskjur.“

Jörundur: „Helsta ástæða þess að Einar, nýi vistmaðurinn, er ósáttur við að vera sendur á Heimsenda er sú að þessi geðdeild er umtöluð sem nokkurs konar endastöð. Tökur á þáttunum fóru fram í Arnarholti, geðdeild sem var lokað fyrir nokkrum árum. Arnarholt hafði þetta orðspor á sér og sagt var að þegar einhver færi þangað væri engin von fyrir hann lengur. Við töluðum við marga sem höfðu verið vistmenn í Arnarholti og þeir staðfestu að umtalið hefði verið á þann hátt.“

Reynum að forðast klisjur

Hefur einhver ykkar starfað á geðdeild?

Jörundur: „Nei, en það tók okkur nú mánuði að skrifa handritið og þar af tvo mánuði eingöngu í rannsóknarvinnu. Við töluðum við fjölda fólks, lækna og fyrrverandi og núverandi starfs- og vistmenn og fleiri, til að kynna þessum heimi frá sem flestum hlíðum. Allir voru fúsir til að spjalla og veita okkur upplýsingar. Eini veggurinn sem ég rakst á var þegar ég sóttist eftir því að fá að fara inn á geðdeild og virða fyrir mér starfið og daglegt líf í návígi. Það hefði verið hægt fyrir tuttugu árum en ekki lengur, sem er mjög skiljanlegt. Reglurnar hafa breyst og einkalíf vistmanna hefur verið sett í öndvegi.“

Jóhann Ævar: „Við reyndum að fræðast um eins margt og við mögulega gátum, til að mynda sjúkdómsgreiningar, lyfjagjafir og þau áhrif sem geðsjúkdómar hafa á fjölskyldur vistmanna. Þetta er mjög viðfeðmt viðfangsefni. Öll höfum við haft kynni af einhverjum sem á við geðræn vandamál að stríða. Í vikunni las ég til dæmis frétt um að fjórutíu prósent allra Evrópubúa þjáist af geðsjúkdómi einhvern tímann um ævina. Það vekur upp spurningar um hversu óeðlilegir geðsjúkdómar eru í raun, hvort þeir séu ekki hreinlega hluti af eðlilegu lífi og hvort ekki þurfi að færa viðbrögðin við þeim í eðlilegt horf til að skilja þessa sjúkdóma á öðrum grundvelli.“



LANGUR UNDIRBÚNINGUR Það tók Jörund og Jóhann Ævar, ásamt leikstjóranum Ragnari Bragasoni og leikaranum Pétri Jóhanni Sigfússyni, níu mánuði að semja handritið að Heimsendi. Þar af fóru tveir mánuðir í rannsóknarvinnu og viðtöl við vistmenn og starfsfólk geðdeilda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rödd framtíðar frá Danaveldi

Hvers vegna gerast þættirnir árið 1992?

Jóhann Ævar: „Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Til að mynda er þægilegra að hún gerist í fortíðinni þar sem ekkert internet, GSM-símar og slíkt eru til staðar til að skemma fyrir ákveðinni einangrun sem sagan þarfnast, en líka sú staðreynd að það hefur rosalega margt breyst í geðheilbrigðismálum á þessum stutta tíma.“

Jörundur: „Eftir þetta komu aðrar áherslur og nýjar aðferðir. Nú til dags hafa vistmenn líklega öllu meira um meðferðir sínar að segja. Þættirnir endurspeglar alls ekki lífið á geðdeild í dag. Sumir halda því fram að geðdeildir, í þeirri mynd sem við þekkjum þær í dag, verði horfnar eftir tíu ár.“

Jóhann Ævar: „Áður var einangrun talin hjálpa mikið en núna er áherslan á þátttöku í samfélaginu. Maður er manns gaman og við læknum hvert annað, þótt auðvitað séu tilfelli mismunandi og varasamt að alhæfa um þessi mál.“

Jörundur: „Ein persóna í þættinum, Lúdvík, sem leikin er af Pétri Jóhanni Sigfússyni, er einmitt hlynntur þeirri aðferð að leyfa vistmönnum að aðlagast samfélaginu. Hann er iðjuþjálfari, menntaður frá Danmörku, og töluvert fram-sæknari en samstarfsmennirnir á Heimsenda. Nokkurs konar rödd framtíðarinnar á þeim tíma.“

Jóhann Ævar: „Lúdvík er líka að berjast á mörgum vígstöðum. Hann vinnur með fyrrverandi eiginkonu sinni, henni Sólveigu sem Nína Dögg Filippusdóttir leikur, og fjórtán ára dóttur þeirra langar mun frekar til Eyja um verslunarmannahelgina en að vera með þabba sínum á geðdeild.“

Jörundur: „Persónan sem ég leik, Margeir, er rúmlega þrítug. Hann hefur verið á geðdeild meira og minna síðan á unglingsárum og þekkir fátt annað. Hann á erfitt með að átta sig á hver hann er eða hver hann á að vera og hermir mikið eftir fólki.“

Hugmynd sem lifnaði við

Hvernig var handritgerð og persónusköpun í Heimsendi háttáð?

Jóhann Ævar: „Kjarnahöpurinn, ég, Jörundur, Ragnar og Pétur Jóhann, vinnum saman að söguþræðinum, vinnum rannsóknarvinnu og slíkt, og þegar grunnur er kominn að atburðarás og persónum hittum við leikarana. Þeir bæta við og persónurnar vaxa til muna í samvinnu við þá.“



Þættirnir endurspeglar alls ekki lífið á geðdeild í dag. Sumir halda því fram að geðdeildir, í þeirri mynd sem við þekkjum þær í dag, verði horfnar eftir tíu ár.



MANNVAL Fríður hópur leikara fer með hlutverk í Heimsendi, þeirra á meðal Halldór Gylfason, Pétur Jóhann Sigfússon, Jörundur Ragnarsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson og þær Nína Dögg Filippusdóttir og Bára Lind Þórarinsdóttir, sem hér sjást í hlutverkum sínum.

Jörundur: „Leikararnir koma mjög snemma inn í ferlið og þetta tekur allt sinn tíma, en það er nauðsynlegt ef það á að gera hlutina vel.“

Jóhann Ævar: „Á einhverjum tímapunkti var ein af hugmynd af mörgum sú að láta Bjarnfréðarson, kvikmyndina sem kom í kjölfarið á Vaktapáttunum, enda á geðdeild þar sem Georg hefði verið vistaður. Myndin endaði öðruvísi að lokum, en hugmyndin var það góð að hún lifnaði við, varð afleggjari og í raun rötin að Heimsendi.“

Jörundur: „Svo sagði Jón Gnarr okkur líka margar sögur af því þegar hann starfaði á geðdeild, meðal annars í Arnarholti en líka á Kópavogshæli og víðar. Við söknum Jóns auðvitað því hann er ótrúlega frjór og skemmtilegur maður að vinna með, en ferlið gekk mjög vel án hans og við erum mjög ánægðir með þættina. Þetta er frekar

stór og mikil framleiðsla með fullt af leikurum og starfsliði og allir virtust hreinlega vera í toppformi.“

Skrýtnir hlutir

Er hægt að setja Heimsendi í ákveðinn flokk sjónvarpsefnis?

Jóhann Ævar: „Mér finnst dálítið ljótt að setja ákveðinn miða á þessa þætti. Ég hugsa að þeir feti svipaða línu og Vaktapættirnir á þann hátt að þarna eru einstaklingar sem gera skrýtna hluti.“

Jörundur: „Það er erfitt að skilgreina Heimsendi sem gamanþætti þótt í þeim sé vissulega húmor. Ætli það sé ekki best að kalla þetta spennuþætti?“

Jóhann Ævar: „Jú, enda tókum við mið af fyrstu Die Hard-myndinni. Það eru skýr tengsl milli Bruce Willis og Péturs Jóhanns, enda eru þeir alveg eins. Tvífarar.“

Ótrúlegt
verð

Nature's heilsurúmin

styðja við bakið á þér !



☾ Aldrei
að snúa

☾ Góðar
kantstyrkingar

☾ Svæðaskipt
pokagormakerfi



☾ Gegnheilar
viðarlappir

☾ Sterkur
botn

☾ 100%
bómullaráklæði

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	39.000,-	65.900,-
100x200	42.000,-	69.900,-
120x200	48.000,-	75.900,-
140x200	53.000,-	79.900,-
160x200	67.900,-	99.900,-
180x200	73.900,-	109.900,-



☾ Aldrei
að snúa

☾ Steyptar
kantstyrkingar

☾ Svæðaskipt
pokagormakerfi

Nature's Comfort Pillowtop

Stærð cm.	Dýna	Með botni
100x200	59.900,-	85.900,-
120x200	69.900,-	95.900,-
140x200	79.900,-	105.900,-
160x200	89.900,-	119.900,-
180x200	99.900,-	135.900,-



☾ Gegnheilar
viðarlappir

☾ Sterkur
botn

☾ 100%
bómullaráklæði


OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17



DORMA
- býður góða nótt

Dúnsængur og koddar




11. september – Árásirnar á New York og Washington




1 Flug American Airlines númer 11
Frá Boston til Los Angeles
Farþegar: 76
Áhöfn: 11
Flugræningjar: 5

07.59 – Flugtak
08.14 – Rænt
08.46 – Flogið á norðurtuminn




2 Flug United Airlines númer 175
Frá Boston til Los Angeles
Farþegar: 51
Áhöfn: 9
Flugræningjar: 5

08.14 – Flugtak
08.42 til 08.46 – Rænt
09.03 – Flogið á suðurtuminn




3 Flug American Airlines númer 77
Frá Washington til Los Angeles
Farþegar: 53
Áhöfn: 6
Flugræningjar: 5

08.20 – Flugtak
08.51 til 08.54 – Rænt
09.37 – Flogið á varnarmálaráðuneytið



4 Flug United Airlines númer 93
Frá Newark til San Francisco
Farþegar: 33
Áhöfn: 7
Flugræningjar: 4

08.42 – Flugtak
09.28 til 08.46 – Rænt
10.03 – Brotlent á víðavangi í Pennsylvaníu



©GRAPHIC NEWS

Tíu ár frá árásunum sem skóku heiminn



05.45 – Forspraki hryðjuverkamannanna, Mohammed Atta (til hægri), og Abdulaziz al-Omari fara í gegnum öryggisleit á flugvelli í Portland í Maine. Þaðan fljúga þeir til Logan-flugvallar í Boston. Þaðan eiga þeir flug til Los Angeles.



06.45 til 07.40 – Atta, Omari og þrír aðrir flugræningjar fara um borð í vél American Airlines númer 11.

07.59 – Flugtak í flugi American Airlines númer 11.

08.14 – Flugtak í flugi United Airlines númer 175 frá Logan-flugvelli í Boston. Fimm flugræningjar eru um borð.

08.19 – Flugþjónn í flugi American Airlines númer 11 tilkynnir að vélinni hafi verið rænt. FBI setur strax af stað rannsókn sem mun verða sú stærsta í sögu stofnunarinnar.

08.20 – Flug American Airlines númer 77 leggur af stað frá Dulles-flugvelli í Washington-borg. Fimm flugræningjar eru um borð.

08.24 – Flugræninginn Atta gerir mistök og segir í talstöð flugvélarinnar: „Við höfum tekið nokkrar flugvélar. Það verður allt í lagi ef þið verðið röleg.“ Hann ætlaði að segja þetta við farþegana eingöngu.

08.37 – Eftir mistök Atta tilkynnir flugturn yfirstandandi flugrán til flughersins. Tvær F-15 orrustuþotur eru sendar af stað frá flugvelli þjóðvarðliðsins í Otis í Massachusetts.

08.42 – Flug United Airlines númer 93 leggur af stað frá flugvelli í Newark í New Jersey, 40 mínútur á eftir áætlun. Fjórir flugræningjar eru um borð.

08.46 – Flugvél American Airlines númer 11 er flogið á hinn nyrðri af Tvíburaturnum í New York.



08.50 – George W. Bush Bandaríkjaforseta er sagt að „lítil flugvél“ hafi flogið á annan Tvíburaturnanna. Hann er í heimsókn í grunnskóla í Sarasota í Flórída.

09.02 – Fólki er skipað að rýma suðurtum Tvíburaturnanna.

09.03 – Flugvél United Airlines númer 175 er flogið á syðri tuminn.



09.05 – Bush er að lesa fyrir skólabörnin þegar Andrew Card, starfsmannastjóri Hvíta hússins, hvíslar að honum: „Annari flugvél var flogið á hinn tuminn. Það er verið að ráðast á Bandaríkin.“

09.25 – Orrustuþotur frá Otis fljúga eftirlitsflug yfir New York.

09.30 – Bush segir þjóð sinni í stuttu sjónvarpsviðtali að svo virðist sem hryðjuverkamenn hafi ráðist á Bandaríkin. Honum er að því loknu hraðað á flugvöllinn.

09.32 – Flugræningjarnir um borð í vél United Airlines númer 93 senda óvart á flugturninn skilaboð ætluð farþegum: „Dömur mínar og herrar. Hér er flugstjórnin, vinsamlegast setjist niður, haldið ykkur sitjandi. Það er sprengja um borð. Svo sitjið.“

09.36 – Flughernum er tilkynnt að óþekkt flugvél sé í nokkurra kílómetra fjarlægð frá Hvíta húsinu í Washington. Orrustuþotur leggja af stað frá Langley-herflugvelli.

09.36 – Dick Cheney varaforseti er fluttur úr Hvíta húsinu í sprengjubyrgi undir því.

09.37 – Flugvél American Airlines númer 77 er flogið á Pentagon, bandaríska varnarmálaráðuneytið, í Virginíu, skammt frá Washington.



09.42 – Loftferðaeftirlit Bandaríkjanna bannar allt flug yfir Bandaríkjunum.

09.45 – Hvíta húsið og þinghúsið eru rýmd.

09.54 – Air Force One, þota Bandaríkjaforseta, tekur á loft frá Flórída. Áfangastaður er ekki ákveðinn, talið er of hættulegt að fara til Washington.

09.57 – Eftir að hafa frétt af afleiðingum hinna flugránanna í gegnum GSM-síma ákveða farþegar um borð í flugi United Airlines númer 93 að ráðast til atlögu við flugræningjarnana.

09.59 – Suðurtum Tvíburaturnanna hrynur, 56 mínútur eftir að þotan skall á honum.



10.03 – Flugræningjarnir um borð í vél United Airlines númer 93 brotlenda vélinni þegar farþegarnir eru komnir að flugstjórnarklefanum. Talið er að skotmark þeirra hafi verið Hvíta húsið eða þinghúsið í Washington.

10.28 – Norðurtum Tvíburaturnanna hrynur eftir að hafa brunnið í 102 mínútur. Marriott-hótelíð við Tvíburaturnana hrynur einnig.



11.02 – Rudolph Giuliani, borgarstjóri í New York, skipar rúmlega einni milljón manns að yfirgefa heimili sín á neðri hluta Manhattan.



11.45 – Air Force One lendir á herflugvelli í Louisiana. Þar kemur Bush fram í öðru sjónvarpsviðtali.


12.50 – Air Force One lendir á herflugvelli í Nebraska.

14.48 – Giuliani segir í ávarpi að mannfallið verði „meira en nokkurt okkar geti þolað“.

17.20 – Einn af minni turnunum við Tvíburaturnana hrynur.

18.54 – Bush kemur í Hvíta húsið.

20.30 – Bush ávarpar þjóð sína og heitir því að koma lögum yfir þá sem beri ábyrgð á árásunum.



Alls létust 2.976 í árásunum fyrir utan flugræningjarnana níttján.

FRAMHALD Á SÍÐU 26

Heimildir: Skýrsla rannsóknarnefndar og þjóðarsafn um hryðjuverkin 11. september 2011.



BJARGAÐ Björgunarmenn bera slasaðan ljósmyndara frá Tvíburaturnunum. Hundruð lögreglu- og slökkviliðsmanna fórust þegar þeir reyndu að bjarga fólki úr turnunum áður en þeir hrundu. NORDICPHOTOS/AFP



SEINNI VÉLIN Myndband sem sýnir aðra þotuna fljúga inn í seinni Tvíburaturninn og springa þar var sýnt aftur og aftur á fréttastöðvunum 11. september. NORDICPHOTOS/AFP

FRAMHALD AF SÍÐU 24

Létum árásirnar ekki buga okkur

Fæstir sem fylgdust með í beinni útsendingu þegar farþegaflugvélum var flogið á Tvíburaturnana í New York geta gleymt dagsetningunni **11. september 2001**. Flestir hafa fundið fyrir afleiðingum árásanna, til dæmis auknum öryggiskröfum á flugvöllum. **Brjánn Jónasson** kannaði hvaða áhrif árásirnar höfðu og hvort hryðjuverkamennirnir hefðu náð markmiðum sínum með árásunum.

Amorgun verða tíu ár síðan nítján flugræningjar tóku fjórar bandarískar farþegaþotur með vopnavaldi. Þeir flugu tveimur þeirra á tvíburaturnana í New York. Einni flugu þeir á bandaríska varnarmálaráðuneytið við Washington. Þeirri fjórðu brotlentu þeir þegar farþegar um borð börðust við flugræningjana um stjórn á vélinni.

Flestir Vesturlandabúar sem komnir voru til manns muna hvar þeir voru þennan örlagaríka dag fyrir tíu árum. Þeir sem höfðu tók á því sátu límdir við sjónvarpið fram eftir degi og fylgdust með endalausum endursýningum af farþegaþotunum fljúga á turnana, milli þess sem nýjar fréttir bárust.

Nærri 3.000 manns fórust í hryðjuverkaárásunum og verður 11. september minnst fyrir mannskæðustu árásina á bandarískri grundu frá því japanski flotinn réðist á bandarísku flotastöðina í Pearl Harbor árið 1941. Sú árás varð til þess að Bandaríkin drógust loksins inn í síðari heimsstyrjöldina. Atburðir 11. september leiddu af sér hörð viðbrögð bandarískra stjórnvalda. Í kjölfarið hófu þau tvö stríð með afleiðingum sem enn sér ekki fyrir endann á.

Sumar af þeim breytingum sem voru bein afleiðing árásanna eru augljósar. Flestir kannast líklega við stóráuknar öryggisráðstafanir á flugvöllum og við hafnir. Bandarísk stjórnvöld stofnuðu sérstaka leyniþjónustu til að sinna öryggi innan Bandaríkjanna. Settar voru upp fangabúðir í Guantanamo á Kúbu þar sem eðlilegar reglur réttarríkis gilda ekki og fólki er haldið enn þann dag í dag án dóms og laga. Aðrar breytingar sem orðið hafa í kjölfar árásanna er flóknara að skýra.

„Heimurinn hefur augljóslega breyst mikið á þeim tíu árum sem liðin eru frá árásunum, en það er erfitt að segja til um hvaða breytingar hefðu orðið þó árásirnar hefðu aldrei verið gerðar, og hvaða breytingar hafa gerst hraðar en ella vegna þeirra,“ segir Alyson Bailes, aðjúnkt við Háskóla Íslands og sérfræðingur í alþjóðastjórnárum.

Hryðjuverk í öðrum heimshluta

„Dæmi um þetta er uppgangur Kína á síðustu árum,“ segir Bailes. „Það var óhjákvæmilegt að Kína yrði áhrifameira land, en mögulega hafa stríðin tvö sem George W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hóf eftir árásirnar hraðað því ferli. Bandaríkin hafa eytt ótrúlega miklum peningum í þessi tvö stríð, og stefna Bush var að eyða því sem þyrfti, burtséð frá sívaxandi fjárlagahalla.“

Strax 7. október 2001 réðust Bandaríkin ásamt bandalagsþjóðum sínum inn í Afganistan með það að markmiði að ráða niðurlögum al-Kaída hryðjuverkanetsins sem talið var víst að stæði að baki árásunum. Í mars 2003 hófu Bandaríkin annað stríð, í þetta skiptið með innrás í Írak. Fullyrt var að markmiðið væri að stöðva útbreiðslu geryðingarvopna, en engin



STUKKU Margir kusu heldur að henda sér út í opinn dauðann en að deyja í vítislogum í Tvíburaturnunum. NORDICPHOTOS/AFP

ummerki fundust um slík vopn þrátt fyrir mikla leit.

Stríðin tvö höfðu í för með sér gríðarlega aukningu á hryðjuverkaárásum, en eftir innrásirnar tvær hafa þær að mestu átt sér stað í Afganistan og Írak. Engin alvarleg hryðjuverkaáráss hefur verið gerð í Bandaríkjunum, og þó mannskæðar árásir hafi verið gerðar í Evrópu hafa þær ekki verið jafn margar og hefði mátt búast við, segir Bailes.

Hún telur þó af og frá að það hafi verið markmið Bush að fá hryðjuverkamenn til að gera frekar árásir á hermenn fjarri heimalandinu. „Það hefði ef til vill verið rökrétt,

en ég held að stjórn George W. Bush hafi einfaldlega ekki hugsað sérstaklega rökrétt. Þeir virðast einfaldlega ekki hafa hugsað um afleiðingarnar, þeir höfðu til dæmis enga hugmynd um hvernig stríðið í Írak myndi þróast.“

Markmið hryðjuverkamannanna

Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sagði í fyrirlestri fyrr í vikunni að hryðjuverkamennirnir sem stóðu að árásunum 11. september 2001 hefðu ekki náð tveimur stærstu markmiðum sínum.

„Í fyrsta lagi veiktu þær ekki Bandaríkin. Við létum árásirnar ekki buga okkur

heldur komum tvífeld út úr þeim, staðráðin og ákveðnari en nokkurn tímann fyrr í að standa vörð um okkar gildi. Í öðru lagi þá tókst hryðjuverkamönnum ekki að skapa gjá milli Bandaríkjanna og múslimaheimsins. Árásirnar komu ekki í veg fyrir að við höldum áfram að vinna með íslömskum vinum okkar við að stuðla að friði og lýðræði í heiminum.“

Alyson Bailes segir málið ekki endilega svo einfalt. „Al-Kaída eru mjög undarleg hryðjuverkasamtök, og það er mjög erfitt að skilgreina pólitísk markmið þeirra og stefnu. Flest hryðjuverkasamtök eru með mjög afmörkuð markmið, en ekki al-Kaída.“

Markmið þeirra var ekki að knésetja Bandaríkin, eða skaða þau verulega efnahagslega, segir Bailes. „Ein leið til að mæla árangurinn af árásunum fyrir al-Kaída er að spyrja hvort samtökin séu öflugri í dag en þau voru fyrir árásirnar.“

„Strax eftir árásirnar töluðu ríki heims um al-Kaída eins og samtökin væru gríðarlega valdamikil. Orðfærið var um tíma svipað og áður var notað um Sovétríkin. Eflaust hefur leiðtogum samtakanna fundist þeir valdamiklir þá. En í kjölfarið komu hernaðaraðgerðir sem hafa í árána rás náð að þurrka út stærstan hluta leiðtoga samtakanna. Nú segja sérfræðingar að al-Kaída séu máttvana í Afganistan og jafnvel í arabaheiminum almennt,“ segir Bailes. „Með því að mæla árangur þeirra með þessum hætti má segja að al-Kaída hafi valdið eigin eyðingu með árásunum 11. september.“

Þáttaskil með fellibyl

Eitt af því sem ekki hefur breyst eftir árásirnar er vægi Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi. Bandaríkin urðu gríðarlega óvinsæl í sumum ríkjum eftir að hafa ráðist inn í bæði Afganistan og Írak, segir Bailes. Þær óvinsældir hafi nú að miklu leyti gengið til baka. Þar skipti ekki síst máli nýr forseti með nýjar áherslur, þó staðreyndin sé sú að Barack Obama náði ekki nema að takmörkuðu leyti að vinda ofan af stefnu forvera síns. „Þetta sýnir okkur ágætlega að það er ómögulegt að eyða mikilvægi og völdum Bandaríkjanna á einni svipstundu, jafnvel þó gerð sé hrikaleg mistök,“ segir Bailes.

Árásirnar 11. september voru ofarlega í huga flestra Bandaríkjamanna árum saman. Gríðarlegum fjármunum var varið í baráttuna gegn hryðjuverkum, bæði í Bandaríkjunum og víðar. Jafnvel of miklum fjármunum, eins og síðar hefur komið í ljós. „Ég tel að það hafi orðið ákveðin þáttaskil þegar fellibylurinn Katrína skall á New Orleans í Bandaríkjunum,“ segir Bailes. Þá hafi bandarískur almenningur séð hversu illa undirbúin stjórnvöld voru til að takast á við náttúruhamfarir af þessari stærðargráðu, og að ef til vill væri betra að forgangsráða útgjöldum ríkisins öðruvísi.

„Fólk áttaði sig á því að það er margt annað en hryðjuverkaárásir sem geta haft gríðarleg áhrif á líf þess. Í dag myndu eflaust margir segja að þeir óttuðust mest atvinnuleysi og fátækt,“ segir Bailes.

Bílaleigubílar eru komnir!

Tækifæri til að eignast **nýlegan gæðabíl í ábyrgð** á frábæru verði.
Komdu **strax í dag** og tryggðu þér eintak! Opið frá 10 til 16.

Verðdæmi:
Chevrolet Spark L, nýskr. 2010
Verð kr. 1.430 þús.

Tilboð kr. 1.090 þús.^{stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 15.926 á mánuði*

M.v. Ergo Grænan bílasamning til 72 mánaða



Bílabúð Benna - Notaðir bílar, Bíldshöfða 10, Reykjavík og Njarðarbraut 9 Reykjanesbæ, býður mátulega tilkeyrða bílaleigubíla á frábæru verði og þægilegum kjörum. Um er að ræða hina vinsælu Chevrolet Spark, Aveo og Lacetti.

Verðdæmi:
Chevrolet Spark LS, nýskr. 2010
Verð kr. 1.590 þús.

Tilboð kr. 1.290 þús.^{stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 18.822 á mánuði*

Chevrolet Spark LS á mynd

- Allir Chevrolet Spark LS koma á nýjum heilsársdekkjum og álfelgum
- Allir bílarnir í ábyrgð
- Allir bílarnir hafa fengið gott viðhald
- Fjöldi bíla á staðnum - margir litir í boði



Verðdæmi:
Chevrolet Aveo bsk., nýskr. 2009
Verð kr. 1.690 þús.

Tilboð kr. 1.290 þús.^{stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 19.473 á mánuði*



Verðdæmi:
Chevrolet Lacetti Station bsk., nýskr. 2010
Verð kr. 2.150 þús.

Tilboð kr. 1.890 þús.^{stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 28.965 á mánuði*

*Bílasamningur á Spark og Lacetti frá Ergo til 72 mánaða / **Bílasamningur á Chevrolet Aveo frá Ergo til 60 mánaða
Nánari upplýsingar og forsendur bílasaminga hjá www.ergo.is

Opið í dag laugardag frá kl. 10 - 16

Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330

Bílabúð Benna
— Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 —

Læsi – ekki það sama og lestur

Í nýrri námskrá fyrir grunnskóla er læsi skilgreint sem einn sex grunnþátta menntunar. Þar með er læsi ekki lengur bundið íslenskukennslunni. **Rósa Eggertsdóttir og Ingibjörg Auðunsdóttir** sögðu *Sigríði Björgu Tómasdóttur* sitthvað um lestur og læsi.

Ertu orðin(n) læs?“ er spurning sem mörg börn eru spurð við upphátt skólagöngu. Afar og ömmur vilja gjarnan vita hvernig barnabörnum gengur að lesa, mörg minnug þegar árangur í lestri var mældur eftir því hversu hratt var lesið upphátt fyrir kennarann. Foreldrar vita auðvitað hvernig börnin þeirra standa en hlera gjarnan hjá vinum og kunningjum, sumir leggja áherslu á að kenna börnum sínu að lesa áður en skólinn hefst, aðrir vilja að börnin læri það í skólanum.

Læsi snýst um skilning

Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur við skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri bendir á að spurningin ertu orðin læs sé að mörgu leyti úrelt. „Læsi snýst um skilning, læsi og skilningur eru samofin hugtök. Ég get til dæmis verið ólæs á handbók um traktora þó að ég sé annars vel læs. Læsi er meira en að geta lesið,“ segir Rósa sem fagnar mjög þeirri breytingu sem varð á aðalnámskrá grunnskóla á þessu ári. Í henni felst að skilgreindir hafa verið sex grunnþættir menntunar sem leggja ber áherslu á í skólaferfinu og er læsi einn þeirra.

Þar með er læsi orðinn skilgreindur hluti af öllu námi í grunnskólum í stað þess að vera hluti af íslenskukennslu. Það er mjög til bóta að mati Rósu. „Þegar læsi var skilgreint sem hluti íslenskukennslu þá gátu mjög margir fríað sig ábyrgð, en með nýrri námskrá er læsi nemenda komið á könnu allra kennara. Samfélagsfræðikennari á að fylgjast með læsi nemenda, rétt eins og aðrir kennarar.“

Og það má svo sem segja að það sé rökrétt að allir kennarar fylgist með læsi nemenda. Læsi snýst um skilning, að geta lesið, hlustað, skilið og tjáð sig um margvísleg viðfangsefni. „Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins,“ segir í áður nefndri aðalnámskrá grunnskóla.

Færni í lestri skiptir sem sagt mjög miklu máli fyrir allt framhaldið. Börn eru misfljót að tileinka sér lestur, sum þurfa ekki annað en að kíkja yfir óxlinu hjá eldri systkinum sínum til að læra að lesa á meðan öðrum gengur verr.

Hvatt til lesturs með óhefðbundnum hætti

Íslensk börn komu ekki sérlega vel út í svokallaðri PISA-rannsókn árið 2006 sem gerð er meðal annars til að mæla lesskilning 15 ára nemenda. Drengir koma töluvert verr út en

stúlkur og hrakleg útkoma íslenskra drengja árið 2006 varð meðal annars til þess að Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, ýtti verkefni úr vör sem ber heitið Fágæti og furðuverk.

Í því felst að nemendur í 4. bekk fá poka heim með lesefni og ýmiss konar aukaefni. Lesefnið er valið með tilliti til áhugasviðs nemenda. Í pokanum er bók fyrir barnið og bók um sama efni fyrir fullorðna fylgir með og er ætlast til að fullorðnir og börn vinna saman ýmis verkefni sem tengjast efni bókarrinnar. Sem dæmi um innihald pokanna eru bækur um vísindi og tölvuleikir tengdir vísindum og fleira. Verkefnið er hugsað sérstaklega sem hvatning til barna sem lesa lítið.

Ingibjörg segir niðurstöður rannsóknar sem hún gerði á vinnu nemenda í einum fjórða bekk meðal annars leiða í ljós að strákarnir virtust fá minni stuðning og hvatningu heima fyrir við verkefnið en stúlkurnar.

„Þeim fannst flestum verkefnið mjög skemmtilegt og höfðu áhuga á því, en skil á samskiptabók, þar sem foreldri og barn áttu að skrá framgang verkefnisins voru miklu verri hjá strákunum. Þeir skiluðu sér líka síður á bókasafnið. Og svo finnst mér reyndar athyglisvert hvað feður koma lítið við sögu í heimalærdómnum,“ segir Ingibjörg, sem ætlar sérstaklega að beina sjónum sínum að feðrum þegar hún keyrir verkefnið í vetur.

Engar auðveldar lausnir

Ingibjörg segir engar auðveldar lausnir til þegar kemur að því að bæta lesfærni barna. Hún segir hins vegar afar mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma til þess að lesa með börnum sínum. „Almennt kvarta foreldrar yfir tímaskorti þegar kemur að því að sinna námi barna sinna. Foreldrar eiga að setja nám barnanna í forgang, hvetja börnin og sýna þeim og náminu áhuga. Til þess þarf tíma,“ segir Ingibjörg og bætir við að mestu skipti að samvinna foreldra og skóla snúist um námið. „Í starfi mínu úti í skólum sé ég heilmikið samstarf starfsmanna skóla og foreldra en oft er of lítil áhersla á nám barnsins og því hvað foreldrar og kennarar geti sameiginlega gert til að styðja við það.“

En aftur að læsi og lestri. Áður fyrr var gjarnan miðað við að barn væri orðið vel læst þegar það læsi 200 atkvæði á mínútu. Hraðinn var lykilatriði. Með breyttum áherslum hefur meiri áhersla færst yfir á skilninginn á efninu sem lesið er. „Það blása nýir vindar í þjóðfélaginu,“ segir Rósa, sem vonast til þess að breyttur skilningur á læsi og lestri skili fleiri nemendum sem eru ekki bara góðir í lestri heldur líka vel læsir.

AÐ SPANGÓLA VERÐUR AÐ ÓPAL



Hvaða orð er hægt að búa til úr orðinu spangóla og stöfunum sem mynda það? Þessa spurningu voru krakkarnir í 2. R í Vesturbæjarskóla að glíma við þegar Fréttablaðið leit við. „Lóa, góla, span,“ voru á meðal orða sem þau hentu á loft. „Ópal,“ heyrst úr bekknum og Ragnheiður Birgisdóttir kennari er ánægð. „Þetta orð var ekki komið áður,“ segir hún við bekkinn sem situr í heimakrök og fylgist með þegar hún skrifar á töflu. Hér er verið að beita aðferð byrjendalæsis. Ragnheiður las fyrir börnin bókina Á spani og svo er unnið með efni hennar áfram. Meðal annars lykilorð, sem úr þessari sögu var orðið spangóla. Áður höfðu þau öll fengið orðið á blaði hjá Ragnheiði, klippt það niður og svo reynt að búa til ný orð úr því. Og svo er sú vinna rífluð upp.

„Það eru svo fleiri þrep í vinnunni,“ útskýrir Ragnheiður fyrir blaðamanni en byrjendalæsi hvetur til margvíslegrar verkefnavinnu í tengslum við þann texta sem verið er að vinna með hverju sinni.



FRÁ BANDPRJÓNI TIL BYRJENDALÆSIS

Ása sá sól ekki lengur á leslistanum

Merkingarlaus texti vikur fyrir skemmtilegum sögum og ljóðum í lestrarkennslu

Í gegnum tíðina hafa misjafnar aðferðir tíðkast við það lestrarkennslu. Í byrjun tuttugustu aldarinnar var svonefndri stöfunaraðferð beitt, en í henni felst að börnum er kennt að stafa orð og þannig læra þau að lesa. Aðferðin var reyndar líka kölluð bandprjónsaðferð því prjónn var iðulega notaður til að benda á stafina.

Ísak Jónsson, sem Ísaksskóli er kenndur við, hafði frumkvæði að hljóðaðferðinni, en í henni felst að börnum eru kenndir stafirnir og hljóðin sem þeir segja. Hljóðin eru svo tengd saman í orð og smám saman verða börnin læs. Hljóðaðferðina kannast margir eflaust við enda var hún ráðandi hér áratugum saman. Fleiri aðferðir hafa verið notaðar, svokölluð LTG aðferð til dæmis eða lestur á grundvelli talmáls kom hingað frá Svíþjóð fyrir 30 árum.

Undanfarin ár hefur svo lestrarkennslu-aðferðin Byrjendalæsi rutt sér til rúms hér á landi. Rósa Eggertsdóttir er einn höfundar þeirrar aðferðar. Hún gengur í stuttu máli út á að texti er lesinn fyrir nemendur og síðan unnið með hann áfram, valið orð til að skoða eða stafir, og fjölbreytt verkefni svo notuð til þess að styðja við lestrarkennsluna. Byrjað er á



LESÍÐ Í ÍSAKSSKÓLA Sex ára nemandi einbeitir sér að lestri bókarrinnar Bláskeggur músakappi.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

heildinni, áður en hlutarnir eru skoðaðir. Rósa segir einn kost þessarar aðferðar vera margvíslegan. Textinn sem lesinn er fyrir börnin sé gæðatexti og í framhaldinu sé svo unnið með stafina og hljóðin. Þannig læri þau bæði orðaforða og stafina á sama tíma. „Það hefur verið deilt lengi í lestrarfræðum

á merkingarlausu texta sem endurtaka einfaldar setningar á borð við Ása sá sól,“ segir Rósa og bætir við að hún hafi líka gagnrýnt aðferðir sem gangi út á að börnin læri einn staf á viku. „Þá fer allur veturinn í að fara yfir stafrófið og börn læra miklu hraðar en þessu nemur,“ segir Rósa.

Hrós og hvatning mikilvæg*

1. Finndu tíma til að hlusta á barnið þitt lesa.
2. Komið ykkur þægilega fyrir, sitjið saman. Hafið ekki sjónvarp eða annað í gangi sem gæti truflað.
3. Skoðið saman bókarkápuna og teikningar í bókinni áður en lestur hefst og spáið fyrir um hvað textinn gæti verið um.
4. Ekki flýta ykkur að leiðrétta barnið ef rangt er lesið – nema þið finnið að barnið missi þráðinn.
5. Þjóðist til að lesa fyrir tiltekna persónu í sögunni. Hvetjið barnið til að setja rödd og líf í lesturinn.
6. Þegar lesið er aftur eftir hlé, hvetjið barnið til að ríffa upp það sem var verið að lesa, ræða textann, spyrja, spá fyrir um framhald og tengið efnið við daglegt líf.
7. Lesið fyrir barnið í lestrarbókinni þegar þess er þörf.
8. Barnið og foreldrið geta skipst á að lesa.
9. Hrósið alltaf fyrir athugasemdir og framfarir.
10. Látið barnið vita hve ánægjulegt það er fyrir þig, foreldrið, að hlusta á barnið lesa.

*Heimild: Byrjendalæsi, gefið út af HA.

BAENDAMARKAÐUR Í DAG KL. 11-16 VELJUM ÍSLENSKT!

Bændamarkaðurinn er í Krónunni

Lindum / Bildshöfða / Granda / Mosfellsbæ / Selfossi



Ný íslensk uppskera

Ný uppskera af íslensku grænmeti beint frá bónda.

Smakkaðu

Smakkaðu á nýrri uppskeru, mikið úrval.

Sveitastemning

Lifandi tónlist og íslensk sveitastemning.

Frábært verð

á öllu grænmeti og kynningartilboð.





Ráðgjöf

Komdu og þiggðu ráðgjöf og fáðu leiðbeingar um meðhöndlun og endingu á íslensku grænmeti.

Uppskriftir

Fáðu uppskriftabæklinga og þú nýtur íslenska grænmetisins enn betur!





■ CAPRESE-SALAT COOLIOS

Úr matreiðslubókinni *Cookin' with Coolio*

Innihald:

Buffalo-mozzarella ostur
Miðlungstór laukur
Stór tómatur
Fersk basilika
Balsamik-edik
Ólífuolía
Smá af salti
Aðeins minna af pipar
Smá oregano

Leiðbeiningar:

1. Skerið tómattinn í átta eða níu skitpunnar sneiðar og dreifið þessum skít um diskinn.
2. Skerið laukinn í þunnar sneiðar og dreifið riflega. Mjög riflega.
3. Skerið niður ostinn og komið honum fyrir í kringum tómattana. Þetta snýst allt um framsetningu, tikur!

4. Prumið smá salti á diskinn. Shaka!
5. Og svo smá pipar. Zulu!
6. Hristið örllitið af ólífuolíu yfir allt heila klabbíð, því ólíublautt salat er rusl.
7. Pekið alla auða bletti með balsamediki. Framsetning, munið?
8. Komið ykkur í girinn.
9. Takið ferskt basil og skvettið yfir allt draslið.
10. Skvettið líka smá oregano.
11. Ef það lítur vel út, lyktar vel og bragðast vel, þá er það GOTT. Shaka Zulu!
12. Takið hreinan gaffal og setjið smá tómatt, smá basil, smá ost og smá lauk og leyfið þessu að hlaupa um í munnum.
13. Fylgist með nærbuxunum renna niður.



Matur að hætti fræga fólksins

Nafntogaðir tónlistarmenn og leikarar í útlöndum elda eins og við hin og sumir þeirra hafa meira að segja gengið svo langt að bera kokkahæfileika sína á borð fyrir almenning. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp nokkrar uppskriftir og matreiðslubækur þeirra frægu, ríku og látnu.

Í viðtali við Fréttablaðið um síðustu helgi reiddi eitíspopparinn Paul Young fram uppskrift að einfaldri en ljúffengri pastasósu, enda er hann einlægur áhugamaður um matargerð og leitar þessa dagana að útgefanda fyrir kokkabók sína „Paul Young on His Travels“, auk þess að leggja drög að opnun veitingastaðar í London.

En Paul Young er ekki eina stjarnan úr skemmtanaíðnaðinum sem þrjár að færa ástríðu sína fyrir matargerð úr eldhúsinu heima hjá sér og fyrir augu og bragðlauka almennings. Margt frægðarfólk hefur ákveðið að reyna sig við slíkt með misjöfnum árangri.

Hin svarta Rachel Ray

Rapparin Coolio, sem gerði garðinn frægan um miðjan tíunda áratuginn með smellum á borð við *Gangsta's Paradise* og *C U When U Get There*, vakti athygli þegar hann gaf út bók sína *Cookin' with Coolio* – 5 Star Meals At A 1 Star Price (Eldað með Coolio – 5 stjörnu máltíðir á 1 stjörnu verði) síðla árs 2009. Í bókinni leiðir rapparinn, sem staðhæfir að hann sé „Martha Stewart minnihlutahópahverfanna og svarta útgáfan af Rachel Ray“, lesendur í allan sannleika um leyndardóma „Ghetto gourmet“-matargerðar sinnar og lýsir réttunum á sinn einstaka og óheflaða hátt.

„Allt sem ég elda bragðast betur en geirvörturarnar á mömmu þinni,“ „Steikti kjúklingurinn sem mamma vinar míns eldaði var vanur að klæða sig í strigaskó og hlaupa með djöfulgangi upp í munninn á mér“ og „Leyfðu eggjunum að baða sig í heitu vatni í fimmtán mínútur eins og sænsk, kynæsandi skutla í náttúrulegu gufubaði“ eru einungis örfá dæmi um orðræðu Coolio í bókinni, svo ekki sé minnst á heilræði rapparans varðandi vorrúllugerð. „Rúllið þeim þétt upp. Eins og góðri jónu.“

Ólíklegt verður að teljast að margt áhugafólk um heilbrigðan lífsstíl taki uppskriftum Coolio fagnandi, þar sem smjörrið og olían lekur af hverju strái. Þó til einkar hann kafla fjögur, „Salad Eatin' Bitches“, grænmetisréttum og býður meðal annars upp á uppskrift að Caprese-salati sem finna má hér á síðunni.

Dreptu það og grillaðu

Af öðru tónlistarfólki sem gefið hefur út matreiðslubækur má nefna söngkonuna vinsælu Sheryl Crow, sem slegið hefur í gegn með lögum


■ UPPÁHALD KÓNGSINS

Einn frægasti matmaður tónlistarsögunnar, kóngurinn Elvis Presley, gaf því miður ekki út matreiðslubók meðan hann var á lífi. Eftir dauða hans hafa þó nokkrar slíkar verið skrifaðar og þeirra frægust er líklega *Are You Hungry Tonight?* eftir Brendu Arlene Butler frá 1992. Þar má meðal annars finna uppskrift að þessum ein-kennisrétti kóngsins:

Steikt hnetusmjörs- og banana-samloka

- 1 litill og þroskaður banani
- 2 sneiðar af franskbrauði
- 3 matskeiðar af hnetusmjöri
- 2 matskeiðar af smjöri

1. Stappið bananann með bakhluta skeiðar í litilli skál.
2. Léttistið brauðið.
3. Smyrjið hnetusmjörinu á aðra brauðsneiðina og stappaða bananann á hina.
4. Steikið samlokuna í bráðnu smjöri þar til báðar hliðar eru gullinbrúnar. Skerið frá horni til horns og berið fram heitt.



eins og *All I Wanna Do*, *Everyday Is a Winding Road* og *If It Makes You Happy*. Síðastnefnda lagið varð Crow líka innblástur að titli matreiðslubókar hennar *If It Makes You Healthy*, sem hún gaf út fyrr á þessu ári. Söngkonan fékk brjóstakrabbamein fyrir nokkrum árum og ákvað í kjölfarið að breyta lífsstíl sínum og borða hollari mat, sem varð veikjan að bókinni.

Þá má ekki gleyma bandaríska rokkaranum Ted Nugent, sem hefur lengi verið ótull talsmaður réttar almennings til að eiga skotvopn og háð marga hildi við hin ýmsu dýraveyndarfélög. „Það er fátt fyndnara en fólk sem telur að dýr eigi að hafa einhver réttindi,“ sagði Nugent eitt sinn í viðtali og til að leggja áherslu á mál sitt gaf hann út bókina *Kill It & Grill It* ásamt Shemane eigin konu sinni. Eins og nafnið gefur til kynna inniheldur bókinn upplýsingar um vænlegustu aðferðirnar, að mati hjónakornanna, til að drepa og elda villibráð.

Einnig hafa kántrigoðsagnirnar Kenny Rogers og Tammy Wynette gefið út matreiðslubækur (sem heita þeim hugmyndafríku nöfnum *Cooking with Kenny Rogers* og *The Tammy Wynette Southern Cookbook*), auk Franks Sinatra, Lindu McCartney og Liberace heitinna, söngkvennanna Patti LaBelle, Gloriu Estefan og fleiri tónlistarmanna.

Þá kom árið 1996 út matreiðslubókinn *In the Kitchen with Miss Piggy*, þar sem sjálf Svínka úr Prúðuleikurunum safnar saman

uppskriftum frá ýmsu frægu fólki á borð við Harry Belafonte, Clint Eastwood, Jodie Foster, Brooke Shields, Samuel L. Jackson og John Travolta. Svínakjöt er meðal þeirra hráefna sem notast er við í bókinni, sem minnr óþægilega á það þegar fígúran Þorri Þorskur var látin auglýsa þorskalýsi hér um árið.

Lætur þér líða vel

Þegar gamanleikarinn þéttvaxni Dom DeLuise gaf út matreiðslubók sína *Eat This... It'll Make You Feel Better* árið 1988 naut hún svo mikilla vinsælda að tvær framhaldsbækur, *Eat This Again* og *Eat This Too* fylgdu í kjölfarið. Titill bókarinnar er eftirtektarverður í ljósi þess að tveimur áratugum síðar lést leikarinn á sjúkrahúsi, þar sem hann lá sökum lifrabilunar og of háls blóðþrýstings.

Af öðrum lunknum leikurum í eldhúsinu má nefna Tony Danza, stjörnu *Who's the Boss*-þáttanna sígildu, sem hefur sérhæft sig í að leika ítalskar/bandarískar steríótýpur og vék ekki frá þeirri reglu með útgáfu bókarinnar *Don't Fill Up on the Antipasto* sem er pakkfull af ítölskum uppskriftum. Hrollvekjumeistarinn Vincent Price sendi frá sér kokkabók og einnig Hollywood-leikkonurnar Eva Longoria, Alicia Silverstone og Gwyneth Paltrow, þótt óvíst sé hversu hátt hlutfall lesenda geti fylgt þeim ráðum þeirrar síðastnefndu að best sé að baka pitsur í eldofni eins og þeim sem leikkonan á og geymir í garðinum sínum.

■ FIMM LAGA KVÖLDVERÐUR DOLLY PARTON

Kántrýboltanum Dolly Parton er ýmislegt til lista lagt fyrir utan sönginn og lagasmíðarnar. Í matreiðslubók hennar, *Dolly's Dixie Fixin's* frá 1996, er að finna þessa uppskrift að fimm laga kvöldverði fyrir átta manns.

- 2 bollar af skornum kartöflum
- 2 bollar af nautahakki
- 1 bolli af skornum lauk
- 2 bollar af soðnum tómötum
- Salt og pipar
- 1 græn paprika, skorin


Leggið kartöflurnar, nautahakkið, laukinn og tómattana í eldfast mót og kryddið hvert lag með salti og pipar eftir smekk. Stráðið skornu paprikunni ofan á. Setjið álappir yfir og eldið í tvær klukkustundir í 175 gráðu heitum ofni.



Lausir tímar til leigu í íþróttahúsi Menntaskólans við Sund

Í íþróttahúsi Menntaskólans við Sund eru lausir til leigu nokkrir tímar í vetur. Nánari upplýsingar er að finna á vef skólans www.msund.is.

Rektor



OPNUM KL. 10:00



659
KR. 1.9 KG

Neutral þvottaefni 1,9 kg
5000 PAKKAR Í BOÐI A ÞESSU VERÐI



359 KRÓNUR
HÁDEGISTILBOÐ Í BÓNUS
SÓMASAMLOKA + 330ML FLASKA AF FLORIDANA EÐA TRÓPÍ



198
KR. 375G.

Quaker hafrakoddar 375g
7500 PAKKAR Í BOÐI A ÞESSU VERÐI



895
KR. KG

1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN

ÞÝSK KALKÚNABRINGA
MINNA EN 1% FITA



1998
KR. KG



1398
KR. KG

ÍSLANDSNAUT **100%**
HREINT UNGNAUTAHAKK



249
KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG.



198
KR. 570G



129
KR. STK



198
KR. 1 LTR.

TRÓPÍ 1LTR.



98
KR. 1 LTR.



DALA FETA
FETSAOSTUR Í KRYDDOLIÚ
150 GRÖMM
198
KR. 150 G



359
KR. 2KG

BÓNUS ÍS 2 LTR.
VANILLU-SÚKKULAÐI-JARÐARBERJA

TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM
KOMIN Í BÓNUS

létt & laggott
198 KR.



259
KR. STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GRÖMM.



659
4 FLÖSKUR

FJÓRAR COKE 1.5 LTR



FRYSTI VARA

1398
KR. KG

ÞÝSKAR FROSNA GRISALUNDIR



FRYSTI VARA

3759
KR. KG

ÞÝSKAR FROSNA NAUTALUNDIR



1498
KR. 900G

EUROSHOPPER FROSNA KJUKLINGABRINGUR

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BORGIR

Í HAUST



PRAG

Ótrúlegt sértíloð!
29. September – 3 nætur


frá kr. 59.900

Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

kr. 69.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli í 3 nætur á Hotel Duo **** með morgunmat. Sértíloð 29. sept.

6. október – 4 nætur – uppseld



BÚDAPEST

6. okt. – 4 nætur – uppseld

18. okt. – 5 nætur – fá sæti laus

frá kr. 69.900

Flugsæti báðar leiðir með sköttum.



LJUBLJANA

20. okt. – 4 nætur – fá sæti laus

frá kr. 79.900

Flugsæti báðar leiðir með sköttum.



BARCELONA

13. okt. – 4 nætur – örfá sæti laus

frá kr. 79.900

Flugsæti báðar leiðir með sköttum.



HEIDELBERG

24. nóv. – 4 nætur – fá sæti laus

2. des. – 3 nætur – laus sæti

frá kr. 113.500

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli í 3 nætur á Hotel Central Heidelberg *** með morgunmat, 2. desember.



RÓM

28. október – 4 nætur – uppseld

Landið frjóa og fríða

Dagur íslenskrar náttúru verður haldinn í fyrsta sinn næstkomandi föstudag með fjölbreytilegri dagskrá. Af því tilefni fékk *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* nokkra náttúruunnendur til að lýsa sambandi sínu við náttúruna.

Frelsstilfinning á fjöllum

Það er mér nauðsyn að komast á vit náttúrunnar á sumrin, hlusta á þögnina, upplifa víðáttuna, drekka vatn úr lind, upplifa sumarið í gróðrinum, vera ein með sjálfri mér og fá þessa frelsistilfinningu sem maður fær á fjöllum. Á hverju sumri fyllist ég þakklæti fyrir að geta veitt mér þessi lífsgæði,“ segir grasafræðingurinn og prófessorinn Þóra Ellen Þórhallsdóttir. „Ég reyni að komast að minnsta kosti einu sinni á sumri í langa göngu. Þegar maður er á göngu í nokkra daga verður upplifunin enn sterkari en í styttri ferðum.“

Þóra hefur sjálf farið sem fararstjóri fyrir Ferðafélagið í Þjórsárver. „Þau eru í miklu upphaldi hjá mér, enda stórkostlegt svæði með mikilli öræfastemningu. Önnur svæði sem ég get nefnt eru Skaftafell og Öræfin, Torfajökulssvæðið, Jökulsárgljúfur og Öxarfjörð/Kelduhverfi. Það er fjölbreytnin í landslaginu sem einkennir öll þessi svæði. Á þeim flestum er vatn áberandi í einhverri mynd. Svo er það þessi ótrúlega litadýrd, gróðurinn og fjölbreytnin í formum.“



ÞÓRA ELLEN ÞÓRHALLSDÓTTIR Finnst nauðsynlegt að komast að minnsta kosti einu sinni á sumri í langa göngu fjarri byggðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Henni líður alla jafna vel úti í náttúrunni og finnur vel hvernig útivistin gefur henni bæði orku og lífsgleði. Upplifunin er þó ekki alltaf ánægjuleg. „Sumir staðir orka sterkt á mann, þó að tilfinningin sé ekki endilega þægileg. Ég get nefnt sem dæmi Heljargjá og suma staði norðan Vatnajökuls. Þetta eru gríðarlegar auðnir og einu litirnir hvítur og svartur. Þar þrumar einhvern veginn í landinu. Línurnar úr Áföngum

Jóns Helgasonar eiga vel við dökkleit öræfin norðan Kverkfjalla: Kveða þar dimman kvæðason Kverkfjallavættir reidar.“

Henni finnst líka erfitt að sjá illa leikið land af ofnýtingu og uppblæstri. „Mér finnst óþægilegt að fara um slík svæði og finn beinlínis til með landinu. Mér finnst til að mynda oft óþægilegt að keyra Kjalveg. Þar sér maður svo glögglega hvað landið er illa farið.“

Með lognið í fangið við Langasjó

Ætli sambandið sé ekki gagnkvæmt. Náttúran, vindurinn og birtan eru alltaf að koma mér á óvart, jafnvel eftir tæp þrjátíu ár sem myndasmíður tímaritsins Iceland Review. Óvart af því að maður er alltaf að uppgvötva eitthvað nýtt. Nýjan stað, sama stað, sem ég hef komið á svo marg oft áður, en birtan, árstíminn býr til nýja mynd, nýjan stað, samastað. Til að dvelja og fanga.“

Þannig lýsir Páll Stefánsson, ljósmyndari og ritstjóri, langtímasambandi sínu við íslenska náttúru. „Svona staður er til dæmis Langanes. Nesið er aldrei eins, alltaf spennandi, samt er það vindurinn sem maður man best eftir, vindurinn sem gerir okkur að þjóð, og Langanesi því sem það er.“

Þrátt fyrir margar tilraunir hefur mér aldrei tekist að fanga vindinn. En lognið, stundum. Þannig staður er Langasjó. Liggur í skjóli milli fagurra fjalla, einhverskonar vin, og vinur á miðju hálandinu, þangað langar mann alltaf aftur. Aftur og aftur. Að fá lognið í fangið.

Það er afurámóti erfiðara að fanga Öskju. Hún er svo stór, stórbrotin, öðruvísi. Er það



ÞÁLL STEFÁNSSON Náttúran, vindurinn og birtan koma honum sífellt á óvart.

MYND/ÁSLAUG SNORRADOTTIR

kyrrðin, að vera svona nálægt Víti. En margar af mínum bestu stundum, hef ég átt þarna, bæði einn og með fjölskyldunni. Í faðmi blárra fjalla.

Blátt vetrarljósið er vanmetið. Veturinn líka. Þar sem það eru bara tveir litir, hvítt og meira hvítt. Þá þarf maður ekki að fara langt til að fanga ljósið, þá er það bara Kleifarvatn, Þingvallavatn og jafnvel Laugarvatn. Og ekki verra að enda daginn, í heitri gufu, beint úr iðrum jarðar.

En magnaðst samt, eru eld-

gosin, svo stór svo sterk, svo voldug. Þá, en ekki bara þá, skynjar maður mátt íslenskrar náttúru. Hvað við, mannfólkið er agnar agnar smátt. Máttlítil gegn þessum ofurkrafti. Maður gleymir stund og stað. Og jafnvel dægurþrasi morgundagsins. Það er gott.

Já ætli samband mitt við náttúruna sé ekki gagnkvæmt, hún gefur, ég tek, tek myndir, sem eru svo agnar smáar, maður nær ekki að fanga nema brota brot af því, af henni. Hún er svo fjandi stór. Jafnvel á Langanesi.“

Gleymir stund og stað við árbakkann

Þegar vorar fer mig strax að klæja í puttana að komast út í náttúruna. Og þegar ég horfi á lækki eða vötn langar mig að fara að kasta,“ segir veiðikonan Þórdís Klara Bridde. Hún segir það ómótstæðilega tilfinningu að standa við árbakka með stöng í hönd. „Maður hverfur bara inn í sinn eigin heim, hugsar ekki um annað en vatnið og fiskinn. Sest kannski niður á árbakkann og gefur sér tíma til að velta fyrir sér hvaða flugu fiskurinn tekur. Svo er bara nóg að sitja og horfa á vatnið. Það eitt er yndislegt,“ segir Þórdís Klara.

Eiginmaður Þórdísar Klöru er Bjarni Júlíusson, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur. Þau hjónin kynntust í gegnum þetta sameiginlega áhugamál. „Ég var að vinna í veiðihúsinu uppi í Norðurá og kynntist honum þar. Síðan höfum við farið mikið saman að veiða á sumrin. Við reynum líka að fara einu sinni á hausti með krakkana okkar. Þeim finnst þetta jafn æðislegt og okkur.“

Hver árstíð hefur sinn sjarma, að mati Þórdísar Klöru, og veita allar tilefni til að njóta náttúrunnar. „Það er sérlega gaman að fylgjast með gróðrinum og fuglalífínu lifna við á vorin. Svo líður á sumarið



ÞÓRÐÍS OG BJARNI Þórdís Klara Bridde og eiginmaður hennar, Bjarni Júlíusson, við Eyrina í Norðurá.

MYND/ÚR EINKASAFNI

og þá nýtur maður þess að vera úti í náttúrunni langt fram eftir kvöldi. Haustið með sína fallettu liti er líka fagurt og frost og snjór hefur sinn sjarma líka. Náttúran býður upp á svo margt. Það er bara okkar að velja hvernig við kjósum að njóta hennar.“

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

BARNASTARF KIRKJUNNAR

Sunnudagaskólinn alla sunnudaga í vetur!

Fyrir börn á öllum aldri, mömmur og pabba – afa og ömmur!

REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

BÚSTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
frá 11. september
Nánar á www.kirkja.is

DIGRANESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.digraneskirkja.is

DÓMKIRKJAN

Alla sunnudaga kl. 11
Sjá nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA

í Grafarvogskirkju og
Borgarholtsskóla kl. 11
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á
www.kirkjan.is/grensaskirkja

GUÐRÍÐARKIRKJA

GRAFARHOLTI
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.grafarholt.is

HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11
sjá nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Sjá nánar: www.laugarneskirkja.is

LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Lindakirkju og kl. 11 í Boðarþingi
Nánar á www.lindakirkja.is

NESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14.
Frá 11 september.
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seljakirkja.is

HAFNARFJÖRÐUR ÁLFTANES OG GARÐABÆR

BESSAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11
í Brekkuskógum 1 en fyrsta
sunnud. í hverjum mán. í
Bessastaðakirkju.
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11. Nánar á
www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla laugardaga kl. 11 Kirkjuskóli
Nánar á www.vidistadakirkja.is

MOSFELLSBÆR

LÁGAFELLSKIRKJA

MOSFELLSPRESTAKALL

Alla sunnudaga kl. 13
í Lágafellskirkju (hefst með
barna- og fjölskylduguðspjónustu
4. sept kl. 11).
Nánar á www.lagafellskirkja.is

www.barnatru.is



Lifað og hrærst í skugga átaka

Fyrir nákvæmlega þremur árum flúðu átta fjölskyldur skelfilegar aðstæður í Al Waleed-flóttamannabúðunum í Írak og fengu hæli á Akranesi. Á þriðjudag kemur út bókinn **Ríkisfang: Ekkert** eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur þar sem saga kvennanna er rakin og ástæður þess að þær lentu á flóttu. Fréttablaðið birtir hér kaflabrot úr bókinni og byrjar á götuhorni í Bagdad.

Glerbrot og barnaföt

Vor 2006

Fólk æðir fram og til baka, það ýlir í sírenum, eldar loga. Í loftinu er þung lykt af sprengjupúðri og bensíni. Húð sem brennur.

Lína og Anwar reyna að rétta fram hjálparhönd í óreiðunni. Þau heyrðu sprenginguna og fóru á staðinn. Nú eru þau orðin rykug upp fyrir haus og sótsvört í framan.

Í gegnum þykkann mökkinn sést skaðbrunnið fólk sem veinar af sársauka. Alls staðar er blóð, brennheitar sprengjuflísarar rífa allt og tæta. Margir þeirra sem ráfa um eru hálfnakir, fötin rykkust utan af þeim í ósköpunum. Innan um hrúgur af glerbrotum liggja gaudrifnar tægjur sem áður voru buxur, nærföt, barnagallar, kuflar og kjólar. Þar eru einnig margvíslegir líkamspartar, þaktir steinryki og salla af einhverju sem áður var hluti af götumyndinni. Tvíst og bast sjást stakir sandalar, hvar eru fæturnir sem báru þá fyrir örskotsstundu?

Í kjölfar þess að veröldin verður að dufti þarf að slökkva elda og skola burt blóði. Rauðum taumum sem renna saman í polla. Það þarf að bera burt grjót og draga lík undan braki. Tjasla særðum saman, koma útlímum sem enginn kannast við á ruslaugana.

24 látnir í Bagdad í dag. 52 dánir eftir öfluga bílsprengju.

Ef stríð væru bara svona hreinleg, klippt og skorin. En átök eru auðvitað full af atburðum sem ekki er hægt að mæla, augnablikum sem vara í eilífð. Fréttaskeyti af stríðssvæðum lykta ekki af brenndri húð.

Það er einkennilegt að vita aldrei hvort maður kemst heim í heilu lagi. Sérstakt til þess að hugsa hversu mikil sorg getur rúmast í einu andartaki. En það hefur svo sem ótal margt gerst í lífi Línu seinustu ár og þetta er ekki það óeðlilegasta. Seinna á hún eftir að horfa djúpt í augun á jafnöldru sinni á Akranesi og segja lágum rómi: „Veistu, það er ekkert sem ég hef ekki séð. Ekki eftir Írak.“

Það er þá sem ég hiksta og mæni út um stofugluggann. Ég er fædd á Skaga, hún er flutt á Skaga, við erum nánast jafngamlar. Stundum finnst mér eins og hún gæti verið í fjölskyldunni eða gömul skólasystir, hún er svo kunnugleg, samt höfum við upplifað gjörólíka hluti. Ég stama eitthvað og held áfram að glápa út, sterkur vindur eins og títt er á Akranesi, miður vetur, myrkríð að skella á. Fréttir af efnahagshruninu í sjónvarpinu, reiðu fólk og vonlausu, stöku erlend frétt inn á milli, annars bara Ísland.

En þetta gerist vitanlega seinna – við erum ekki enn þá komin alla leið á Akranes. Þvert á móti, við erum enn stödd í hverfinu hennar Línu í Bagdad. Það er árið 2006 og viðsjárverðir tímar í Írak.

Hvítur kjóll og kaka í tjaldi

Nóvember 2007

Með tímanum myndast Al Waleed-flóttamannabúðirnar, lengst úti í eyðimörkinni, við landamæri Íraks og Sírlands. Þang- að flýr Lína og einnig Ayda – önnur aðalpersóna í bókinni. Ayda á dæturnar Aseel og Sömu og nú stendur gifting fyrir dyrum hjá þeirri síðarnefndu. En hvernig heldur maður giftingarveislu í flóttamannabúðum?

Það birtir af degi. Kuldinn bitur í kinnarnar. Ayda er löngu vöknud, hefur í ótal horn að líta. Henni líður líka undarlega. Treginn þrengir sér upp í brjóstið og situr þar eins og þungur steinn.

Hún er glöð með ráðahaginn, ánægð með brúðhjónin en sundrun fjölskyldunnar er skyndilega svo áþreifanleg að það þyrmir yfir hana. Af hverju er fjölskyldan ekki samankomin við svona mikilvægt tilefni – giftingu elsta gullmolans?

Það vantar alla bræður Aydu og allar systur hennar nema eina. Sömu leiðis vantar foreldra hennar. Þegar hún var útívinandi var Sama oft í þössun hjá þeim – eftirlæti afa síns og ömmu. Auðvitað ættu þau að vera hér.

Síðast en ekki síst vantar föður Sömu í veisluna. Ayda bitur á jaxlinn og þurrkar tárin, en hvernig sem hún strýkur þau í burtu vilja þau ekki hætta að renna.

Hún leggur sig í líma við að undirbúa allt þannig að það líkist sem mest hefðbundinni giftingu. Vitanlega getur hún ekki aðhafst neitt varðandi veðurbarin tjöldin og plássleysið, ekki breytt köldu haustveðrinu – en hún skal ekki láta það standa upp á sig að bera ekki fram finan mat þegar dóttir hennar giftir sig.

Hún bitur á jaxlinn og virðir fyrir sér



HLUTI FLÓTTAKVENNANNA Á AKRANESI ÁSAMT BÖRNUM SÍNUM Sementsverksmiðjan er í baksýn og Lína önnur kona frá vinstri en Ayda lengst til hægri.



DÆTUR LÍNU Á AKRANESI Í hópnum sem endaði á Skaga haustið 2008 voru 8 konur og 21 barn.

hráefnið. Á matseðlinum eru meðal annars biryani og malfouf. Biryani er þekktur réttur í Mið-Austurlöndum og víðar – hrísgrjón með kjúklingi, möndlum, kardimommum og ótal tegundum af kryddi. Malfouf er palestínskur réttur – hvítkálsrúllur fylltar með steiktum hrísgrjónum, lauk, lambakjöti, kúmeni, hvítlauk, kóríander og fleiru.

Auk þess að elda veislumat á gasprímus þarf að gera tjaldið klárt. Systir Aydu býr við hliðina á henni og festir tjöldin þeirra saman þannig að úr verður eitt rými. Hún lánar Aydu líka potta og borðbúnað.

Konurnar setjast með krosslagða fætur á tjaldgólfið, strjúka sér um mjóbakíð, skera lauk, saxa grænmeti, sjóða hrísgrjón. Þær elda matinn í mörgum pottum á litlu gas-hellunum. Það er erfitt að vera án bakara-fösum við matargerðina, ætti með réttu að baka biryani-kjúklinginn í ofni. Flóttakonur í tjaldbúðum bita á jaxlinn og nota pönnurnar eins og ofn.

Hárgreiðslukona úr búðunum gerir Sömu tilbúna inni í tjaldi. Greiðir síðu, kastanufurínu lokkana vandlega og festir þá fallega upp. Málur brúðina í kringum augun, litur þykkar varirnar rauðar. Systir brúðgumans og kvenkyns ættingjar Sömu eru á staðnum og hárgreiðslukonan greiðir þeim sem vilja. Konur og stúlkur spjalla, brosa, blikka brúðina. Hlátrasköll berast úr tjaldinu.

Ayda kinkar kollu til þeirra, reynir að gera þetta allt eftir bókinni en sumu verður hún þó að sleppa, við þessar aðstæður er of flókið að ætla að framfylgja öllum hefðum.

1989 gæti tilheyrð öðru lífi

Daginn sem veislan er haldin, 19. nóvember 2007, verður henni hugsað til eigin giftingarveislu. Þau Husam héldu upp á daginn á stóru og fínu hóteli í Bagdad. Þá var dansað fram eftir nóttu, þá var gaman að vera til.

Þetta var árið 1989 en gæti allt eins tilheyrð einhverju öðru lífi. Bagdad var eftir-sóttur og vinsæll áfangastaður ferðalanga og fræðimanna, jafnvel þótt þeim hefði fækkað eftir stríðið við Íran. Veislan var fjölmenn og öll stórfjölskyldan samankomin – líka í trúlofunarveislunni. Um dansgólfið liðu félagar Husams og samstarfskonur Aydu og vinkonur, íraskar sem palestínskar, það skipti engu hver var hvað. Salurinn var fallega skreyttur, blóm á borðum, blóm alls staðar.

En það þýðir ekki að hugsa um það, við erum stödd í flóttamannabúðum lengst úti í eyðimörk, það er kalt úti, nokkur ský á lofti, annars heiður himinn. Sama er komin í hvíta kjólinn og spariskóna og ljómar.

Tjaldið fyllist af brosandi fólki í spari-fötum. Diskum er útdeilt, skeiðum stungið í skálar, gestir matast inni hjá Aydu og systur hennar. Tröðfullir bakkar af mat standa í röðum. Á meðan snæðir fólkið hans Alis í öðru tjaldi. Það er ekki pláss fyrir alla til að vera saman.

Nýlega var rafmagn leitt að tjaldheimilunum í eyðimörkinni. Það kemur úr stórru rafstöð sem Flóttamannastofnunin útvegaði. Þar með geta íbúarnir stungið litlum hlutum á borð við hitara og víftur í samband inni hjá sér. Þetta breytir gríðarmiklu. Rafmagnið er til að byrja með á í þrjár klukkustundir á dag en daginn sem giftingarveislan fer fram sækja Sama og brúðguminn Ali um að fá rafmagn tveimur tímum fyrir en venjulega. Þá geta þau spilað tónlist úr kassetttækjum og notað hátalara. Haft almennilega danstónlist!

Erindið er samþykkt.

Ayda veit að hún á að vera glöð, gleðst raunar innilega á þessum ánægjulega degi, en ræður á hinn bóginn ekki við tárin. Þetta er allt svo ólíkt því sem það ætti að

SAGA FLÓTTAKVENNA

Sigríður Víðis Jónsdóttir er fædd og uppalin á Akranesi og kynntist flóttakonunum og sögu þeirra. Í bókinni Ríkisfang: Ekkert beinir hún sjónum að fólkinu sem lifir og hrærist í skugga pólitískra átaka undangenginna áratuga í Mið-Austurlöndum. Í forgrunni eru tvær þeirra kvenna sem komu til Íslands: Ayda sem varð að skilja elsta barnið sitt eftir í Írak og Lína sem flúði ásamt þremur ungum börnum sínum. Konurnar í hópnum eru allar ríkisfangslausar og eru auk þess allar tvöfaldir flóttamenn – foreldrar þeirra flúðu Palestínu og þær sjálfar Írak.

Fyrir bókina tók Sigríður viðtöl við allar flóttakonurnar á Akranesi, auk fjölda annarra viðtala og ferða til Palestínu og Íraks.



vera. Hún sjálf svo ósköp einmana. Söngur og trommusláttur berst um flóttamannabúðirnar. Það er komið að aðalfjörinu – zaffa! Þá fer brúðguminn fylktu liði úr sínu húsi og að húsi brúðarinnar.

Ali stígur út úr tjaldinu og heldur ásamt ættingjum sínum og vinum í gegnum búðirnar og að tjaldi Sömu og Aydu. Fólkið syngur, klappar og spilar á tabla-trommur. Aðrir flóttamenn fylgjast spenntir með – giftingarveisla brýtur upp tilbreytingarlausan daginn í eyðimörkinni.

Óvenjulegar aðstæður – óvenjulegar lausnir Nú heilsast brúðhjónin rjóð og sæl og brosa út að eyrum. Ali lítur aðdáunaraugum á Sömu. Tónlist ómar úr kassetttækini og þá er ekkert að vanbúnaði!

Veislugestir hlæja og dansa debka fyrir utan tjaldið – dans þar sem menn leiðast í röð og stíga taktinn saman, lyfta fótum á sama tíma, stíga áfram, allir samtaka.

Ali og Sama skera köku sem þau keyptu í Rutbah. Þetta er ekki hefðbundin brúðarterta en hún er góð og fólkið fagnar. Aseel systir Sömu heldur skælbroandi á köku-sneið og sýpur á Pepsi.

Óvenjulegar aðstæður kalla á óvenjulegar lausnir. Fjölskyldur brúðhjónanna útvega leigubíl af landamærunum til að ferja ungu hjónin með viðhöfn yfir í tjald Alis. Þau setjast inn í bílinn, einlæglega glöð, ásamt Aydu og Aseel. Bíllinn ekur af stað. Brúðhjónin fá höfðinglegar móttökur þar sem þau aka í gegnum hrörlegar flóttamannabúðirnar, stíga út og smeygja sér inn í tjald hjá Ali.

Angan af kanil, negul og kardimommum fyllir tjaldstofuna. Það rýkur úr diskum, fötum og skálum, lyktin er dásamleg.

Þau matast, það rökkvar.

Síðan tæmast fötin og nóttin gleypir þau. Ayda þurrkar af sér tárin.

heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

september 2011

Öflugar í Front

Sænska hönnunarteymið Front er skipað þremur konum sem kynntust í hönnunarnámi. Þær þykja skemmtilega öðruvísi og hafa vakið athygli fyrir frumlega hönnun.

SÍÐA 2



Íslensk hönnun í Frankfurt

Yfirgripsmikil sýning á íslenskri hönnun verður opnuð í Frankfurt 21. september. Verk 59 hönnuða verða til sýnis en íslensk hönnun þykir tilraunakennd og listræn.

SÍÐA 6



BJART OG LÉTT YFIRBRAGÐ

Guðbjörg Káradóttir leirkerasmiður hefur búið sér og sínum fallegt heimili í Hlíðunum.

SÍÐA 4



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

CANDY AFSLÁTTARDAGAR

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppvottavélar og fleira ...



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

15%
afsláttur



BLUE DRAGON

ALLT Í SUSHI-GERÐINA

KENNSLUMYND BÖND
Á WWW.BLUEDRAGON.IS

Elskan mín,
þetta er allt í kaffinu

Merrild

Stelpurnar í Front

Það var í gegnum hönnunarnámið sem sænsku stelpurnar í Front kynntust. Upphaflega voru þær fjórar en í dag eru þær Sofia Lagerkvist, Charlotte von der Lancken og Anna Lindgren eftir í hópnum og hefur hann aldrei verið öflugri.

Sigga Heimis
iðhönnuður
skrifar í Heimili&hönnun
sigga@siggaheimis.com



Samstarf stelpnanna í Front þykir merkilegt að mörgu leyti en það veur óneitanlega at-
hygli að þær hafa staðfast-
lega frá upphafi unnið sem
ein. Allar vörur sem koma
úr smiðju Front tilheyra þeim
öllum og enginn þrímáttu-
leikur þar í gangi.

Í byrjun þótti hönnun þeirra
tilviljanakennd og tilraunasöm
enda notuðu þær til dæmis nag-
dýr til þess að naga sundur hluti
til að fá viss áhrif. Margir kann-
ast við lampa sem trónir á svört-
um hesti í fullri stærð en hann var
eitt af þeirra fyrstu verkum. Þær
voru einnig fyrstar til að nota sér-
staka teiknitækni sem fól í sér að
skissa út í loftið með þartilgerðum
penna og úr urðu einföld og næst-
um barnaleg húsgögn.

Þær þóttu skemmtilega öðruvísi
og buðu upp á nýja tegund hönn-
unar sem fól í sér mikla tilrauna-
starfsemi og ögrun við staðlaða
ímynd hönnunar.

Mörg fyrirtæki tóku við sér og
báðu þær um sérstök verkefni og
hlutu þau misjafnar undirtektir.
Ítalska fyrirtækið Moroso kynnti
húsgagnalínu eftir stöllum á hús-
gagnasýningunni í Milánó 2010 en
hún var ekki metin að verðleikum.
Þá voru margir sem töldu stelpurnar
hafa farið af geyst í tilrauna-
leiknum og héldu að nú væru þær
staðnaðar.

En annað kom á daginn. Í fyrri
bað keramikfyrirtækið Höganäs
í suðurhluta Svíþjóðar Front að
vinna með gamalkunn form hinnar
þekktu Höganäs-krukku. Úr
varð einstaklega vel heppnað
keramikstell og sýndu stúlkurnar
að þær geta svo sannarlega unnið
hefðbundið verkefni út frá sterk-
um markaðslegum óskum. Einnig



● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók myndina á heimili Guðbjargar Káradóttur leirkera-
smiðs **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.,
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512
5000 **Ritstjóri:** Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabaldid.is **Auglýs-
ingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörns-
dóttir s. 512 5462 **Útlitshönnuður:**
Sæmundur Freyr Árnason sfa@
frettabladid.is



Fallegur tektill sem svipar til hinnar þekktu Höganäs-krukku.



Mótorsög var
notuð til að saga
út þennan stól
og þar afleiðandi
verða engir tveir
stólar eins.

Eldfast mót eftir forskrift
Front fyrir Höganäs.



Orð úr perlum frá afrískum konum.

hefur teymið unnið húsgögn fyrir
önnur framleiðslufyrirtæki á borð
við Ikea, ítalska Porro og fleiri.

Samtímis halda þær áfram með
verkefni sem vekja tilfinningar
og ber að minnst nýjasta verk-
efnis þeirra en það eru glervasar
sem þær stöllum vinna með konum
í Afríku. Þær segja konurnar sögu
sína í orðum sem skrifast með vír

og perlum. Einstaklega fallegir
hlutir með sterkum boðskap.

Það verður spennandi að fylg-
ast með dugnaðarförkunum í þessu
skemmtilega trío og það er öruggt
að margt skemmtilegt á eftir að
koma úr smiðju þeirra á komandi
árum.

Meiri upplýsingar er að finna á
www.designfront.org

UNDIR SÓLINNI...

● **PRÓFAÐU AÐ BÚA Í IKEA** IKEA efnir til óvenju-
legs leiks helgina 17.-18. september. Leit stendur yfir að
þremur pörum sem eru tilbúin að dvelja í sjálfri verslun-
inni þessa helgi og gista. Þau fá úthlutað sínu IKEA-heim-
ili og eiga að leysa ýmis verkefni. Það sem hlýtur flest stig
fær 300.000 króna inneign. Nánari upplýsingar á IKEA.is.

● **NÝ HOLLENSK VEFVERSLUN MEÐ ÍSLENSKA HÖNN-
UN** Mosi design er heiti á nýrri vefverslun sem býður upp á íslenska
hönnun. Síðan er hollensk á vefslóðinni www.mosidesign.nl. Þau íslensku
merki sem eru í boði eru: Arndís fishskin, Bility, Birgisson Design, Björg
í Bú, Bryndís Bolla, Helga Sigurbjarnadóttir, Hring eftir hring, lhanna,
Kitschfríður, Litla Flugan, Model Húsgögn, RAKIdesign, Rolla, rósCréation,
Stáss, Tinna Gunnarsdóttir og Tíra.



ego dekor

-25%



-30%

Hnotuskenkur

Stærð: 150 cm

Verð: 129.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-

Stækkanlegt hnotuborð

Stærð: 160(248)x100

Verð: 139.900,-

ÚTSÖLUVERÐ 97.930,-

-25%



AIR tungusófi

Stærð: 285x165

Verð: 245.000,-

ÚTSÖLUVERÐ

183.750,-

-30%



Borð - Hvítt háglans

Stærð: 180x100

Verð: 83.000,-

ÚTSÖLUVERÐ

58.100,-

-30%



AURORA sófaborð – Hvítt háglans

Stærð: 120x70 Verð: 49.900,-

ÚTSÖLUVERÐ 34.930,-

ÚTSÖLULOK! 20-50% AFSLÁTTUR



-20%

WIND tungusófi

Stærð: 292x167 Verð: 244.000,-

ÚTSÖLUVERÐ 195.200,-

SKRAUTPÚÐAR FYLGJA

-20%



SICILY tungusófi

Stærð: 268x165 Verð: 219.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-

-20%



MARGARET tungusófi

Stærð: 286x172 Verð: 245.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 196.000,-

Hnotuskenkur

Stærð: 150 cm

Verð: 119.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 95.200,-

-20%



-30%

Hnotuborð

Stærð: 180x100

Verð: 99.900,-

ÚTSÖLUVERÐ

69.930,-

-25%



CLIO leðurstóll

ÚTSÖLUVERÐ

11.925,-

-20%



SABINE leðurstóll

ÚTSÖLUVERÐ

13.520,-

-25%



OLIVER stóll

ÚTSÖLUVERÐ

14.175,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544420 - www.egodekor.is

Leirkerasmiður í Hlíðunum

● Guðbjörg Káradóttir leirkerasmiður býr í bjartri og fallegri íbúð í Hlíðahverfinu með dóttur og dóttursyni. Guðbjörg hefur vakið athygli fyrir handrennd keramikverk, má þar nefna matarstell, bolla og ljós. Heimili og hönnun fékk að kíkja í heimsókn.

Íbúðin sem Guðbjörg Káradóttir leirkerasmiður keypti í Hlíðahverfinu fyrir um sex árum er sérstaklega björt en Guðbjörg breytti skipulagi hennar þó nokkuð þegar hún flutti inn. Þannig braut hún niður vegg og sameinaði eldhús og stofu í einu rými sem snýr í suður. Áður var eldhúsið í herbergi sem snýr norður að Miklubraut. „Íbúðina valdi ég ekki síst vegna þess að hér í skúrnum við hliðina get ég haft vinnustofu og svo eru svalir og stór og gróskumikill garður. Það er líka gaman að segja frá því að í honum hef ég komið fyrir afleggjurum af plöntum sem ég fékk frá ömmu minni heitinni, Ágústu Jónsdóttur á Árskógssandi,“ segir Guðbjörg en fólk um allt land kom til að kaupa plöntur af Ágústu á árum áður.

Guðbjörg lauk námi úr keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994 og kennaranámi við Listaháskóla Íslands árið 2002. Auk þess sem hún er sjálfstætt starfandi leirkerasmiður kennir hún

myndmennt við Laugalækjarskóla og leirmótun og rennslu við Myndlistaskólann í Reykjavík.

„Það má segja að heimilið sé samansafn af hlutum sem hafa eitthvert persónulegt gildi,“ segir Guðbjörg en í umhverfi þeirra muna njóta keramikverk Guðbjargar sín vel og setja létt yfirbragð á heimilið. Matarstell Guðbjargar eru þar áberandi, diskar, skálar og bollar sem kallast Skýjabólstrar og hafa verið í framleiðslu frá árinu 2003. Stellið er ljóst og hver diskur með örlítið mismunandi áferð og því enginn eins en stellið hefur fengist í Kraumi. Nýverið hóf Guðbjörg svo samstarf við Ólöfu Jakobínu Ernudóttur hönnuð undir nafninu Postulína en meðal þess sem þær hafa gert eru leirbollar með bókstöfum á, sem nota má undir heita drykki, kryddjurtir eða hvað sem vill. Þær stöllur stefna að því að kynna stafabollana frekar á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur í byrjun nóvember.

-jma



Stofan er rúmgóð og prýdd listaverkum, meðal annars eftir Karólínu Lárusdóttur og Sigurborgu Selmu Karlsdóttur,



Eldhúsið er bjart og opið með hvítsprautulakkaðri innréttingu. Takið eftir borðljósinu sem er eftir Guðbjörgu sjálfa en mynstrið á ljósinu gerði dóttir hennar en hún stundar nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands.



Guðbjörg breytti íbúðinni talsvert þegar hún flutti í Mávahlíðina. Kári, tveggja ára ömmustrákur, hljóp á milli eldhúss og stofu sem er í sama rými.



Guðbjörg hefur gaman af því að elda og geymir potta, pönnur og pastavél, sem hún notar mikið, á eikareiningu úr IKEA.

Snag
aður
hval



Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérparfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



Flugdagur Flugmálafélags Íslands verður haldinn á Reykjavíkflugvelli við Hótel Natura (áður Loftleiðir) í dag milli 12 og 16. Tílefnið er 70 ára afmæli Reykjavíkflugvallar. Meðal viðburða eru flugsýning, listflug á svifflugu, móðelflug og fallhlífarstökk.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN

í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Leikkonan Lilja Nótt Þórarinsdóttir elskar að fara heim í Grímsnes í mömmudekur og hesta um helgar:

Maður er manns gaman

Í hönd fer helgi hinna miklu matarboða heima hjá mér," segir Lilja Nótt þegar hún er innt eftir áformum helgarinnar. „Maður er manns gaman og ég veit fátt gleðilegra en að fá til mín matargesti eða fara í matarboð til annarra. Skemmtilegt fólk býr til skemmtilegar stundir og heimahúsin eru best til þess arna, þar sem maður sjálfur ræður tónlistinni, vínbarnum, eldamenskunni og öðru sem fullkomnar samfundina," segir Lilja Nótt, sem nýtur sín í hlutverki gestrisinnar húsfreyju á meðan maður hennar stendur yfir pottunum.

„Leikarar eiga svo sjaldan frí á helgarkvöldum, en þegar það gefst reyni ég samviskusamlega að deila mér á milli fjölskyldu og vina. Sem betur fer er ég umkringd skilningsríku fólki sem styður mig og bíður þolinmótt eftir sínum tíma," segir Lilja Nótt hlæjandi, en hún er austan úr sveit, nánar tiltekið Grímsnesinu. „Þar er dásæmdin og lúxusinn, og þangað reyni ég að komast sem oftast, enda forðekruð af for-eldrum mínum sem taka á móti mér sem prinsessu með dýrindis sveitamat og gæðingum tilbúnum til útreiða í

FRAMHALD | 2



MEIRA EN GLÆSILEGAR HAUSTYFIRHAFNIR Á KONUR Á ÖLLUM ALDRI, VIÐ ÖLL VEÐUR OG TÆKIFÆRI

Nýju haust- og vetrarvörurnar streyma inn

TOPPVÖRUR

NÆG BÍLASTÆÐI

www.topphusid.is

TOPPJÓNUSTA

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16



Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



www.gabor.is

Sérverslun með

Gabor

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Haustvörurnar komnar

25% kynningarafsláttur af öllum vörum laugardag

Opið 11-16


Lin
DESIGN

Sendum frítt úr vefverslun www.lindesign.is

Lin Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Íslandsmeistarakeppnin í ökuleikni verður haldin í 30. skipti á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún 41. Öllum með gild ökuréttindi er heimil þátttaka. Keppendum er ætlað að aka í gegnum fjögur þrautaplön á sem skemmstum tíma en jafnframt að reyna að gera sem færstar villur. Allir aka VW Golf í boði Heklu.



„Hér var Háskóli Íslands til húsa árum saman,“ segir Helgi Skúli Kjartansson prófessor og bendir á Alþingishúsið.

FRÉTTABLAÐ/VILHELM

Öllum börnum Reykjavíkur smalað saman í einn skóla

Söguganga verður í dag milli skóla í miðborginni. Hún hefst klukkan 14 við gömlu lögreglustöðina við Hafnarstræti sem var byggð sem fyrsti barnaskóli Reykjavíkur. Helgi Skúli Kjartansson er leiðsögumaður.

„Hluti af starfi mínu í aldarfjórðung hefur verið að kenna kennaranemum íslenska skóla-sögu. Það hef ég alltaf gert út frá tímaröð, skólastigum og kerfisbreytingum en aldrei út frá sögustöðum,“ segir Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands sem leiðir gönguferð í dag um slóðir menntunar og fræðslu í höfuðborginni.

Gangan er á vegum Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands og hefst við gömlu lögreglustöðina við Hafnarstræti. „Stofninn að því húsi var reistur yfir Barnaskóla Reykjavíkur, af miklum stórhug, þó starfsemin sprengdi það utan af sér á tuttugu árum,“ lýsir Helgi Skúli og heldur áfram. „Reykjavík tók vaxtarkipp rétt fyrir aldamótin 1900 og óx mjög hratt næstu áratugin. Svo var skólaskylda sett á 1907. Þá var

öllum börnum smalað í þennan skóla en fram að því hafði vantað mikið á að öll börn nyttu fræðslu þó að hún væri í boði.“

Leiðin liggur um Austurvöll, meðal annars að Alþingishúsinu

um sig var reistur af stórhug á vaxtarskeiði viðkomandi skólastigs,“ segir Helgi Skúli, sem lýkur ferðinni hjá Kennarahúsinu við Laufásveg þar sem Kennaraskóli Íslands starfaði meiri-

„Hver skóli fyrir sig var reistur af stórhug á vaxtarskeiði viðkomandi skólastigs.“

þar sem Háskóli Íslands var áratugum saman, svo að Menntaskólanum í Reykjavík sem á sínum tíma var eina skólahús bæjarins. Miðbæjarskólinn og Kvennaskólinn við Friðkirkjuveg eiga báðir mikla sögu að sögn Helga Skúla sem síðan heldur upp á Skólavörðuholt þar sem þrjár skólar standa, Austurbæjarskóli, Vörðuskóli og Iðnskólinn. „Hver skóli

hlutann af sínu langa skeiði, auk þess sem þar var lítill barnaskóli til húsa og fyrsta dagheimilið á Íslandi. „Ég mun tína til ýmis atriði sem lífga upp á og skýra heildarmyndina,“ lofar Helgi Skúli. „Ég vona að þetta verði skemmtilegt en það veltur svolítið á veðrinu, ég hef ekki þorað að gá almennilega að spánni.“

gun@frettabladid.is

DANS STUDIO WORLD CLASS

LAUGAR - SPÖNGIN - MOSFELLSBÆR - SELTJARNARNES - ÖGURHVARF

Barnadansar
Hip Hop fyrir stráka
Beyoncé danstunur
7 - 8 ára
10 - 12 ára
13 - 15 ára
16 - 18 ára
20 plus

SKRÁNING ÍS: 553.0000

HAUSTÖNN HEFST 12. SEPTEMBER

HIP HOP / JAZZFUNK / CONTEMPORARY / JAZZ / BARNADANSAR / BOLLYWOOD / HOUSE

KOMDU OG VERTU MEÐ!

DANCE OFF danskeppni

FREESTYLE KEPPNI Í TJARNARBIÓ 18. NOVEMBER
KEPPT TIL VERBLAUNA Í HÖPA- OG EINSTAKLINGSKEPPNI.

Líkamsræktarkort á tilboði fyrir 15 ára og eldri á meðan á námskeiði stendur
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.worldclass.is

World Class

Stella Rósenkranz
HipHop/Jazzfunk

Jun Rafael
HipHop Strákar

Yesmine Olson
Hollywood meets Bollywood

Richie San
HipHop Strákar

Framhald af forsíðu



Lilja Nótt Þórarinsdóttir leikkona

sveitakyrrðinni,“ segir Lilja Nótt, meðvituð um eigin góða daga. „Ég lifi í raun óeðlilega góðu lífi, starfandi við það sem mér finnst skemmtilegast og eigandi sveit til að halla mér að á milli.“

Þessi dægri æfir Lilja Nótt í óðaönn tvíleikinn Eftir lokin eftir Dennis Kelly, þar sem hún leikur á móti Sveini Ólafi Gunnarssyni í leikstjórn Stefáns Halls Stefáns-sonar með glænýjum leikhóp, Suðsuðvestur, en frumsýnt verður í Tjarnarbíói í október.

„Sagan gerist í kjarnorkubyrgi

eftir kjarnorkuárás og er í senn dramatísk og full svarts húmors. Verkið er krefjandi, spennandi og reynir mjög á leikarana,“ segir Lilja Nótt sem um helgina ætlar líka að krúttast með tveggja ára bróðurdóttur sinni sem heimsækir fósturjörðina frá Gautaborg. „Litla frænka er algjör krúttsprengr sem babbalar á sænsku og íslensku, þegar ég loks kemst að fyrir ömmum sem vilja eiga hana með húð og hári þegar hún kemur til landsins.“

thordis@frettabladid.is

Haust í Básam • Grillferð í Básam



Gengið að gosstöðvunum Fimmvörðuhálsi.

Jarðfræðingur verður með í för og miðlar fróðleik.

Bókun á skrifstofu.

ÚTIVIST



Töfraflautan verður frumsýnd í Hörpu 22. október næstkomandi og þegar eru yfir 5.000 miðar seldir. Upphaflega var gert ráð fyrir sex sýningum en aukasýningu hefur verið bætt við sunnudaginn 20. nóvember til að mæta eftirspurn. Æfingar eru hafnar og munu margir af fremstu söngvurum þjóðarinnar stíga á stökk.

TÓNLIST



Gerrit Schuil segir einstaka stemningu ríkja í Frikirkjunni í hádeginu á miðvikudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ljáðu okkur eyra

Ljáðu okkur eyra er röð hádegistónleika sem haldnir verða á hverjum miðvikudegi í vetur í Frikirkjunni. Píanoleikarinn og hljómsveitarstjórinn Gerrit Schuil stendur á bak við tónleikana.

Fyrstu tónleikarnir í Ljáðu okkur eyra verða miðvikudaginn 14. september og síðan vikulega til 7. desember. Þetta er í þriðja sinn sem tónleikaröðin er haldin og er dagskráin aldrei auglýst fyrir fram. Áhorfendur vita því ekki á hverju þeir eiga von hverju sinni og er leyndardómurinn orðinn hluti af tónleikunum.

„Það var nú ekki ætlunin þegar við byrjuðum,“ segir Gerrit Schuil, píanoleikari og umsjónarmaður Ljáðu okkur eyra, glaðlega þegar Fréttablaðið náði af honum tali í sólinni við Frikirkjuna. „Mig langaði til að gera eitthvað fyrir fólk þegar kreppan skall á, bjóða því inn í kirkju til að hlusta á frábæra tónlist og þá skiptir í raun engu máli hver er að spila eða hver er að syngja hvað,“ segir Gerrit og bætir við að allir tónleikarnir hafi verið vel sóttir og almenn ánægja með tiltækið.

„Það gerist eitthvað mjög

sérstakt þennan hálf tíma sem erfitt er að útskýra. Ég held að það hafi líka eitthvað að gera með Frikirkjuna sjálfa. Hún er falleg og inni í henni er mjög fallegt andrúmsloft. Það myndast mjög góð stemming bæði hjá þeim sem koma fram og hjá áhorfendum.“

Þó að Gerrit fái ekki til að gefa upp hverjir muni koma fram segir hann þó einhverja þeirra sömu listamanna koma fram í vetur sem hafi áður verið með. Þá muni líka bætast við nýtt fólk. Tónleikarnir hefjast ævinnlega klukkan 12.15 og standa í hálf tíma. Aðgangur er ókeypis en minni háttar framlag til flytjenda í lok tónleika er þó vel þegið. Gerrit segist vonast til að sjá sem flesta.

„Við bjóðum öllu því fólki sem á leið um Frikirkjuveg í hádeginu á miðvikudögum að líta við í kirkjunni og eiga þar stund með okkar fremsta tónlistarfólki.“ - rat

HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FACTORY OUTLET

50% afsláttur af öllum vörum

Dagana 8.-11. sept.

Fákafeni 9

Opið: mán.-lau. kl. 10-6
sun. kl. 1-5

Píanóskóli

Þorsteins Gauta

Ármúla 38 • s. 691 6980
pianoskoli@gmail.com
pianoskolinn.is

Píanó og hljómborðsnámskeiðin að hefjast.

Skráning er hafin.

Börn og fullorðnir - byrjendur og lengra komnir.

10 - 14 vikna námskeið í boði.

Fleiri skemmtileg námskeið á döfnni.

Getum bætt við okkur nokkrum nemendum á píanó og í söng

Grensásvegi 3,
108 Reykjavík sími: 553 9210
postur@nyitonlistarskolinn.is
www.nyitonlistarskolinn.is

Ný tónlistarskólinn

gítar

skóli Ólafs Gauks

Gítargaman

Innritun er hafin

og fer fram daglega kl. 14-17 í síma 588 3730, sendið tölvupóst ol-gaukur@islandia.is eða komið við í skólanum Síðumúla 17

Kennsla í öllum flokkum, 11 vikna námskeið fyrir byrjendur sem lengra komna á öllum aldri, hefst 26. september 2011.

ATH! Þeir sem innritast og ganga frá greiðslu fyrir 16. september fá afslátt af kennslugjaldinu!

Gítarar á staðnum, kennsluafni innifalið, m.a. geisladiskur með undirleik við vinsælustu íslensku sönglöggin.

Byrjendanámskeiðið LÉTT OG LEIKANDI hefur slegið í gegn!

Nemendur fá gítara til heimaæfinga endurgjaldslaust á meðan birgðir endast! Fullt verð á námskeiði 49.900. Einkatimar 59.900. Sérstakir tímar fyrir 7-9 ára.

Glænýtt og spennandi:

- Djassgítardeild
- Ráfassi
- Hljómborðskennsla fyrir yngri sem eldri, byrjendur og lengra komna auk grunnnáms í djasspíanoleik. Kennarar: Jón Páll Bjarnason, Helgi E. Kristjánsson og Carl Möller.

Frístundakort Reykjavíkurborgar í fullu gildi.

www.gitarskoliolafsgauks.com • Gítarskóli Ólafs Gauks er á Facebook

BÍLAR & FARATÆKI

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Raðnúmer 132739 Árgærd 2011. Ekinn 17 þ.KM Nýskráður 6/2011. Næsta skoðun 2015 Verð kr. 4.390.000. Nývirði 4.980.000



HYUNDAI IX35 AWD Raðnúmer 132737 Árgærd 2011. Ekinn 10 þ.KM Nýskráður 6/2011. Næsta skoðun 2015 Verð kr. 4.890.000. Nývirði 5.590.000.



SUBARU FORESTER BOXER DIESEL Raðnúmer 310926 -Árgærd 2011. Ekinn 17 þ.KM Nýskráður 6/2011. Næsta skoðun 2015 Verð kr. 4.990.000. Nývirði 5.590.000.



HONDA CR-V EXECUTIVE Raðnúmer 299257 Árgærd 2011. Ekinn 5 þ.KM Nýskráður 7/2011. Næsta skoðun 2015 Verð kr. 5.490.000. Nývirði 5.990.000



SUZUKI GRAND VITARA PREMIUM+ (CRUISE, A/C, ÁLFELGUR) Raðnúmer 132734 Árgærd 2011. Ekinn 15 þ.KM Nýskráður 6/2011. Næsta skoðun 2015 Verð kr. 4.690.000. Nývirði 5.290.000.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

BÍLALIND.is



VOLVO S80 TURBO 20V 04/2003, ekinn 125 þ.KM, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. #283396 - Sænski fákúrin er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

Viltu persónulega þjónustu?



Hafðu samband við mig
hlynur@diesel.is
DIESEL.IS
SHEMOTTEL.EG BÍL, BÍLSPULI
Kletthálsi 15 • Sími 578 5252



Toyota Avensis Wagon Sol. Árgærd 2004, ekinn 155 þ.KM, sjálfskiptur. Verð aðeins 1.390.000. Rnr.132470.



RENAULT Megane. Árgærd 2003, ekinn 91 þ.km, 5 gíra, ný tímareim. Tilboðsverð 650.000. Rnr.110216. Er á staðnum.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is


Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Coleman Redwood, 9,5 fet. 2000 árg. Sólarsella, gasfiskápur, nýlegt fortjald með dúk, markísa, og hjóðlát. Trauma miðstöð. Flott fellihýsi sem lítur vel út. Nýskoðað 2013. Ásett verð 1.050 þús. Tilboð 750 þús. Á staðnum. Mikíð á söluskrá, ýmis skipti í boði.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
www.ferdavagnamarkadur.is

hjól.is



YAMAHA Fz6-sahg abs. Árg. 2008, ekið aðeins 2 þ KM Snilldar hjól með ABS bremsum Verð 980.000. Rnr.111729.

hjól.is
Sími: 577 4565
www.hjol.is



VOLVO V70XC V-AWD 09/2001, ekinn 153 þ.KM, sjálfskiptur. Verð 1.450.000. Rnr.283292 - Sænski fákúrin er á staðnum!



VOLVO S80 20v. 03/2000, ekinn 163 þ.KM, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. #283246 - Sænski fákúrin er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



Bíla kaup Korputorgi, við seljum kaggann, það er pláss fyrir bílinn þinn inni í stærsta innisal landsins, fjórir sölumenn tilbúinir í að sinna þínum þörfum í bílavöðskiptum. Opíð frá 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga.

Bíla kaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com

BÍLALIND.is



VOLVO S80 20v. 03/2000, ekinn 163 þ.KM, sjálfskiptur, leður, nýtt lakk, mjög fallegur bíll! Verð 1.190.000. #283246 - Sænski fákúrin er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is



Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is
www.bilauppbod.is

Til sölu

Toyota Landcruiser 200 Árgærd 2008.

Gullfalegur með öllum aukabúnaði og 5 ára ábyrgð. Keyrður 90 þ. Verð 9,8m. Góður staðgreiðslu-afsláttur. Er að leita af ódýrari Cruiser 120.

Uppl. í s. 894 3053



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgærd 2004, ekinn 114 þ.KM, bensín, 5 gírar. Vel með farinn! Verð 590þ Rnr.153930.



CHEVROLET Lacetti station. Árgærd 2004, ekinn 118 þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 890þ. Rnr.153976.




M.BENZ E 55 AMG V8kompressor 477hp/700NM. Árgærd 2003, ekinn 124 þ.KM, bensín, sjálfskiptur - Virkilega vel með farinn bíll - Verð 5.490þ lán 2.900þ afb 70þ Rnr.124080.Er í salnum !!! Óskum einnig efti fleiri ökutækjum á söluskrá okkar og á staðinn www.hofdabilar.is

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



VOLVO Xc90 awd . Árgærd 2008, ekinn 69 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.300. umboðsbíll og ein eigandi frá upphafi Rnr.111769.




VW Touareg v6 dísel . Árgærd 2006, ekinn 87 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.umboðsbíll fallegur og vel með farinn Rnr.111784.



BMW X5 3.0 sd bi-turbo. Árgærd 2008, ekinn 68 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.900.umboðsbíll og eins sá glæsilegasti á götunni Rnr.271951.



BMW X3 2.0d lux. Árgærd 2008, ekinn 48 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.750. Lán 4.000 skoðar skipti Rnr.111778.



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr. Árgærd 2007, ekinn 75 þ.KM, dísel, sjálfskiptur Leður . Verð 4.490. Rnr.217077.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

BÍLA KAUP



TOYOTA Corolla 1,4 vvti. Árgærd 2005, ekinn 117 þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Tilboð 1.190.000. Rnr.102048.



M.BENZ E e430. Árgærd 2001, ekinn 151 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Innfluttur af umboði einn eigandi. Verð 1.950.000. Rnr.203712.



BMW 3 s/d e90. Árgærd 2005, ekinn 91 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.204134.



FORD Explorer xlt 4x4. Árgærd 2006, ekinn 73 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.102064.



NISSAN Patrol gr. Árgærd 2004, ekinn 119 þ.KM, dísel, sjálfskiptur, Webalsto. Verð 3.090.000. Rnr.102165.



NISSAN Patrol 35". Árgærd 1992, dísel, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.102074.

Bíla kaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
http://www.bilakaup.com



Skráðu bílinn fritt hjá okkur!! Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Escape Limited árg. '08. Ek. 94 þús. Ásett verð 3.490 þús. Skoða öll skipti eða mjög mikill staðgr afsláttur. Uppl. í s. 660 3430.



Toyota Yaris Diesel, árg.'08. Ek. 65.000. Sjálfskiptur, einn eigandi og smurbók frá upphafi. Verð: 2.190.000 kr. áhvilandi 1.400.000 kr. Afborgun 34.000 kr. Uppl. S: 8678719.



Transam 76/81. Meiriháttar Transam til sölu sá besti á klakanum vél 455 og 400 skifting, verð 2.6 mil. fæst á góðu stgr.verði. Til greina kemur að taka motorhjól upp í eða smábíl. Uppl. í s. 820 4714.



Til sölu Dodge Ram 2500 quad 4x4 St Laramie 37" breyttur. Dísel, sjálfskiptur, ný dekk ásamt fullt af búnaði, einn eigandi, ek. 59 þ. km, mjög flottur, verð 6.480.000.- Uppl. 897 2107.



Toyota RAV4 árg. '02. Ek. 97 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1290 þ. Uppl. í s. 898 8956.



TOYOTA Corolla 1.4. árg. '03. Ek. 175 þús. beinskíptur, nýsk. 2012. Flottur bíll. Verð: 850 þús. Uppl. í s. 663 5469.



VW Polo 05' 1400. Ek. 68þkm, beinsk. Vel með farin, Verð:1100þkr s: 825 8238/588 7774.



Tilboð
IZUSU D-max 2010. Aukahl. skel, krókur, koða, stigbrettir. V. 4.290 stagr. 897 7006 / 565 6024.



Til sölu Nissan Terrano II 2,7tdi. Árg. '98. 33" dekk. Ek.192þús. Verð 650þús. Uppl. í s. 698 0105.



Hyundai Santa fe 2006 dísel 4X4 2.0 ltr vél Ek. 120 þús. ásett V. 2.890.000þ Leður, hækkaður, brettakantar, krókur, álfelgur samlitauður, filmur og krókur. Skipti á ódýrari góðum bíll! Gylfi 860-1330.

BÍLAR ÓSKAST

Vegna góðrar sölu vantar allar gerðir nýlegra bíla á staðinn og á skrá Stórt útisvæði og bjartur sýningarsalur

Öryggismyndavélar á útisvæði yfir 20 ára reynsla og sömu eigendur frá upphafi.

667 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að annast skipulags- og byggingarmál.

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling til starfa hjá Bygginga- og umhverfissviði Seltjarnarness í tímabundið starf til eins árs. Verkefnastjóri sér um að lögum um mannvirki nr. 160/2010, öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál á Seltjarnarnesi sé framfylgt. Hann ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa Seltjarnarness. Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Almennt ábyrgðarsvið starfsmanns:

- Ábyrgð á verkefnastjórnun vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglur
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Verkeftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna
- Samningagerð í samráði við næsta yfirmann
- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verk-/tæknifræði eða arkitektúr
- Þekking á byggingarreglugerð og reynsla af stjórnun
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnáslu er æskileg
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Lögð er áhersla á frumkvæði, skipulagshæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfsmaður er hluti af starfsmannateymi Seltjarnarnesbæjar. Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, í síma 5959100, netfang asgerdur@seltjarnarnes.is í samræmi við Jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi eigi síðar en miðvikudaginn 21. september 2011. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga.



FERÐ ÞÚ FRAM ÚR VÆNTINGUM? DIRECTOR OF GUEST EXPERIENCE

Bláa Lónið hefur margsinnis verið valið einn besti spa staðurinn á heimsvísu. Það er lyklatríði í okkar starfsemi að vilja alltaf gera enn betur og hjá okkur starfar einvala lið starfsmanna sem er sama sinnis. Við leitum því að metnaðarfullum og úrræðagóðum einstaklingi í nýtt starf sem miðar að því að hámarka einstaka upplifun gesta Bláa Lónsins.

Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Skilgreining á upplifunarferli gesta Bláa Lónsins
- Stuðla að því að upplifun gesta fari fram úr væntingum
- Framkvæma skoðanakannanir og koma auga á ný sölu- og þjónustutækifæri
- Þróa vöru- og þjónustuframboð og innleiða nýjungar

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsfræða eða viðskipta
- Sköpunargáfa, hæfni til að hugsa í lausnum, og drifkraftur til að innleiða nýjar hugmyndir
- Leiðtogahæfileikar og geta til að vinna þvert á rekstrareiningar fyrirtækisins
- Óbilandi áhugi á að fara fram úr væntingum og koma á óvart
- Reynsla af alþjóðlegu starfsumhverfi kostur
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg. Önnur tungumál kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Jóhanna Oddsdóttir í síma 660-8833 og á netfanginu helga@bluelagoon.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.



dk hugbúnaður er framleiðandi dk viðskipta- og upplýsingakerfa, til húsa að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfar þrautreynt og harðsnúið lið vel menntaðra einstaklinga. Markmið þeirra er að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti bestu lausna og þjónustu hverju sinni. Fyrirtækið var stofnað í desember árið 1998. Í dag eru notendur dk hugbúnaðar orðnir á fjórða þúsund, úr flestum atvinnugreinum. Hjá dk starfa nú 35 starfsmenn.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.dk.is

Rekstur og hugbúnaðarþróun

dk hugbúnaður óskar eftir að ráða sérfræðinga til starfa. Áhugaverð tækifæri í boði.

Microsoft sérfræðingur

Starfssvið

- Rekstur á Microsoft kerfum
- Umsjón með tölvukerfum viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sérfræðimenntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk þekking á rekstri á Microsoft búnaði
- Góð þekking á t.d. AD, Exchange, SQL
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Hugbúnaðarþróun

Starfssvið

- Þróun á dk viðskiptahugbúnaði
- Samþætting kerfa o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af forritun viðskiptahugbúnaðar er æskileg
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögðum
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 19. september. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 578 1145. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

intellecta

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
www.intellecta.is

Bifvélavirki-vélvirki-vélstjóri

565894

Gámaþjónustan hf. óskar eftir að ráða til starfa bifvélavirkja, vélvirkja eða vélstjóra.

- Í starfinu felast viðgerðir á vörubílum og vinnuvélum fyrirtækisins. Reynsla af viðgerðum á stærri vélum og tækjum skilyrði.
- Leitað er að áhugasömum og traustum starfsmanni í framtíðarstarf. Ráðið verður í starfið fljótlega.



Gámaþjónustan hf. hóf starfsemi árið 1984. Frá upphafi hefur fyrirtækið boðið sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum alhliða þjónustu á sviði sorphirðu, flokkunar og meðhöndlunar úrgangs til endurvinnslu. Gámaþjónustan hf. og dótturfélög fyrirtækisins eru með starfsemi víða um land og starfsmannaföldi hér á landi er um 170 manns. Bifreiðaverkstæði GP er í Súðarvog 2 Reykjavík.

Nánari upplýsingar og skráning á www.vinna.is



Capacent Ráðningar

TÆKNIMAÐUR



Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf tæknimanns. Viðkomandi mun koma inn í sterkan hóp 10 starfsmanna tæknisviðs Optima ehf.

Starfssvið:

- Viðgerðir á tækjum, t.d. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið hefur í sölu
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs

Lykileiginleikar viðkomandi eru sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagsgeta og góð geta í samskiptum við annað fólk, bæði viðskiptavinum og samstarfsmenn.

Í boði er krefjandi starf enda um mjög flókin tæki að ræða. Viðkomandi þarf að geta tekist á við flókinn tækjabúnað og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

FORSTJÓRI



Icelandic Group leitar að forstjóra til að leiða fyrirtækið á tímum spennandi breytinga í rekstri þess. Nýr forstjóri þarf að hafa viðamikla stjórnunarreynslu og reynslu af alþjóðaviðskiptum.

Verksvið:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi fyrirtækisins
- Samskipti og upplýsingagjöf til stjórnar og dótturfélaga
- Leiða mótun stefnu og framtíðarsýnar í samstarfi við stjórn

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- Framúrskarandi leiðtogaþæfileika
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Frumkvæði og drifkraft

Icelandic Group er alþjóðlegt net sjálfstæðra framleiðslu- og söluvirkja á sviði sjávarafurða. Í lok árs 2011 er gert ráð fyrir að félagið reki fyrirtæki á Íslandi, í Evrópu og Asíu sem munu starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu á sjávarfangi. Félagið hefur nýlega lokið við sölu á starfsemi í Frakklandi og Þýskalandi. Þá stendur yfir söluferli á eignum félagsins í Bandaríkjunum og tengdri starfsemi. Eftir að þær eignir hafa verið seldar er áætluð heildarvelta Icelandic Group rúmlega 80 milljarðar króna. Nýr forstjóri mun takast á við það spennandi verkefni að þróa starfsemi félagsins áfram í samvinnu við stjórn og móta framtíð alþjóðlegs sjávarútvegsfyrirtækis í fremstu röð.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRI Í HÖRPU



Rekstrarfélagið Ago ehf. sér um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um uppbyggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.

Leitað er að hugmyndaþróun, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Verkefnastjóri heyrir undir tónlistarstjóra og vinnur með honum og verkefnisstjórum á sviði tónlistar- og ráðstefnuhalds í Hörpu. Verkefnastjóri vinnur jafnframt við bókunarkerfi hússins og mun m.a. sjá um að innanhússvefir séu rétt uppfærðir og upplýsingar um bókanir séu aðgengilegar. Hann vinnur einnig með tæknistjórum við skýrslu- og áætlanagerð. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í fullu starfi og getur vinnutími verið óreglulegur.

Starfssvið:

- Samskipti við fasta notendur í Hörpu, SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og viðburðahaldara
- Áætlanagerð í samvinnu við tónlistarstjóra og framkvæmdastjóra
- Verkefnastjórnun á sviði viðburða á hinum ýmsum sviðum starfseminnar
- Eftirlit með framkvæmd samninga við fasta notendur í Hörpu
- Gerð tilboða og samninga í samráði við tónlistarstjóra
- Skráning upplýsinga í innanhúskerfi
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umfangsmikil reynsla af viðburðahaldi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af tölvukerfum og upplýsingamiðlun
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Reynsla af erlendum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á samningagerð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

BORGARRITARI



Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

Borgarstjórnin í Reykjavík auglýsir stöðu borgarritara lausa til umsóknar.

Leitað er að kraftmiklum leiðtoga sem býr yfir frumkvæði og faglegum metnaði, er annt um umhverfi sitt, samfélag og velferð íbúa.

Borgarritari er æðsti embættismaður Reykjavíkurborgar að borgarstjóra undanskildum og staðgengill hans. Í undirbúningi er frekari endurskipulagning á miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og mun borgarritari hafa forystu í þeirri vinnu.

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Borgarritari sinnir í umboði borgarstjóra verkstjórn í mikilvægum málaflokkum er varða rekstur Reykjavíkurborgar auk þess að bera ábyrgð á samhæfingu stjórnsýslu borgarinnar allrar. Hann hefur yfirumsjón með fjármálastjórn, hagsmálum, innkaupamállum, mannauðsstjórn, upplýsingatæknimálum og þjónustumálum Reykjavíkurborgar og frumkvæði að stefnumótun á þessum sviðum. Undir borgarritara heyrja borgarhagfræðingur, fjármálastjóri, innkaupastjóri, mannauðsstjóri, upplýsingatæknistjóri, þjónustustjóri og mannréttindastjóri.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg
- Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði
- Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í tali og rituðu máli á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli

Borgarráð ræður í starfið að fenginni tillögu borgarstjóra. Um laun og starfskjör borgarritara fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Auk umsóknar og ferilsskrár er óskað eftir greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjenda um markviss tækifæri til hagræðingar og aukinnar skilvirkni í rekstri borgarinnar.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Sérfræðingur hjá Áhættustýringu

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í markaðsáhættu hjá Áhættustýringu Landsbankans.

Markaðsáhætta hefur það hlutverk að þekkja, meta, hafa eftirlit með og stuðla að stýringu á markaðs-áhættu. Í starfinu felst einnig að hafa eftirlit með markaðsáhættu sjóða í stýringu hjá bankanum og félögum tengdum honum.

Helstu verkefni

- » Eftirlit og greining á markaðsáhættu
- » Þróun og viðhald líkana og kerfa
- » Úrvinnsla og greining gagna
- » Skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði, hagfræði eða raunvísindum
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Afbragðs tölfraði- og tölvukunnátta, forritunarþekking og þekking/reynsla í SQL
- » Reynsla af störfum á fjármálamarkaði og áhættustýringu er kostur
- » Færni til þess að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Hrund Hauksdóttir, forstöðumaður í síma 410 7227 / 825 6114 og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í síma 410 7907

Umsókn merkt „Áhættustýring – sérfræðingur í markaðsáhættu“ fyllist út á vef bankans

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ISLENSKA SÍMULÍTS 56279 0911



SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐHALDSKERFUM MAINTENANCE PROGRAMMER

Tæknipjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkflugvelli óskar eftir sérfræðingi í viðhaldskerfum (Maintenance Programmer) í verkfræðideild.

STARFSSVIÐ:

- | Starfið felst í uppfærslu viðhaldskrafna, framsetningu viðhaldsfyrirmæla í tölvukerfi félagsins
- | Skýrslugerðir
- | Samskipti við Flugmálastjórn
- | Umsjón með „line manual“ fyrir vélar Icelandair og viðskiptavini Icelandair

HÆFNISKRÖFUR:

- | Próf í verkfræði, tæknifræði eða flugvirkjun
- | Þekking og reynsla í viðhaldskerfum flugvéla
- | Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- | Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg – sérstaklega í Excel
- | Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- | Góðir samskiptahæfileikar

Um er ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi, sem vill vinna sem hluti af liðsheild í sibreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnum svara:

Unnar M. Sumarliðason | 4250 819 | unnar@its.is
Kristín Björnsdóttir | 5050 155 | stina@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 18. september 2011.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



Hugbúnaðarprófanir

Öflugt fyrirtæki leitar að sérfræðingi í hugbúnaðarprófunum. Í starfinu felst meðal annars ábyrgð á framkvæmd prófana og samskipti við hugbúnaðarsérfræðinga.

Áhugavert tækifæri í boði hjá öflugum fyrirtæki

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Að minnsta kosti þriggja ára reynsla af prófunum eða þróun hugbúnaðar

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 578 1145. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

intellecta

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

Ravirki óskast!

Við leitum að vönum rafvirkja til framtíðarstarfa. Þarf að geta byrjað strax.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á netfangið box@frett.is merkt „Rafvirki-30“



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sérfræðingur á skrifstofu fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu fjárlaga.

Helstu verkefni

Fjárlagagerð, eftirlit með framkvæmd fjárlaga, rekstrarlegt eftirlit með stofnunum ráðuneytisins og eftirfylgni með rekstraráætlunum þeirra og önnur þau verkefni sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyrir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða hagfræði
- Þekking og reynsla af fjárlagagerð og gerð rekstraráætlana
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna ásamt notkun töflureikna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum
- Reynsla og þekking á starfsemi og rekstri ríkisstofnana
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins æskileg

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sturlaugur Tómasson, skrifstofustjóri, sturlaugur.tomasson@vel.is eða Dagný Brynjólfssdóttir, dagny.brynjolfssdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 18. september nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

AUGLÝSIR TVÆR ÁHUGAVERÐAR STÖÐUR

Reykjavík University Announces two openings



FORSTÖÐUMAÐUR SAMSKIPTASVIÐS

Forstöðumaður samskiptasviðs hefur umsjón með innri og ytri samskiptamálum og upplýsingamiðlun. Samskiptasvið starfar í náinni samvinnu við rektor og deildir skólans og stuðlar að því að koma starfsemi og áherslum HR á framfæri með upplýsingamiðlun, tengslum og kynningarstarfsemi.

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri og starfsmannahaldi samskiptasviðs
- Umsjón með útgáfum á vegum HR
- Samskipti við fjölmiðla, framhaldsskóla, atvinnulíf, samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila
- Miðlun upplýsinga innan HR, samskipti við deildir og nemendur
- Umsjón með almennri kynningar- og auglýsingastarfsemi
- Samfélagsmál og almannatengsl

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóða starfsreynsla á sviði samskipta- eða markaðsmála
- Framúrskarandi samskiptahæfileika
- Góða ritfærni bæði á íslensku og ensku
- Góða skipulagshæfileika
- Útsjónarsemi
- Góð tengsl við fjölmiðla og atvinnulíf
- Hæfni og reynsla í að leiða teymi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar (thoranna@hr.is), sími 599 6200.

Umsóknum skal skilað rafrænt til Háskólans í Reykjavík fyrir 20. september. Slóðin er umsokn.hr.is.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

INTERNATIONAL LIAISON COORDINATOR

The International Liaison Coordinator is responsible for overseeing and coordinating RU's liaisons with international universities and other international collaborators. The liaison coordinator works closely with the rector and the university faculties on international marketing and development of international relations.

RESPONSIBILITIES:

- Establishing and developing relationships with international universities and collaborators
- International marketing and communications
- Coordination of international relations

WE SEARCH FOR AN INDIVIDUAL WITH:

- Work experience within the international university environment
- Relevant university education
- Excellent communication skills
- Initiative, drive and resourcefulness
- English proficiency (speaking and writing)
- Additional language skills

For further information please contact Þórunna Jónsdóttir, senior executive director of administration (thoranna@ru.is), tel. +354 599 6200.

Applications should be submitted to RU at umsokn.hr.is before October 10th.

All inquiries and applications are considered **confidential**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild.

Nemendur skólans eru um 3000 og starfa um 200 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

The purpose of Reykjavík University is to create and disseminate knowledge to increase competitiveness and quality of life. The university has four academic units: School of Law, School of Computer Science, School of Science and Engineering and School of Business.

About 3000 students are enrolled in the university, which has about 200 faculty and staff, as well as a number of visiting teachers.

www.hr.is



Jákvætt viðhorf og samhugur starfsmanna er eitt af því sem gerir Íslandsbanka að frábærum vinnustað

Íslandsbanki er framsækið og traust fjármálafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu. Við leggjum áherslu á gott starfsumhverfi og öfluga liðsheild

og erum jafnréttissinnað fyrirtæki. Við viðhöfum fagleg vinnubrögð, framsýni og jákvætt viðhorf í öllu okkar starfi.

Kerfisstjóri í kerfisþjónustu

Kerfisþjónustan sér um rekstur upplýsinga- og viðskiptakerfa bankans. Í deildinni starfa 24 starfsmenn auk verktaka við að veita starfsmönnum Íslandsbanka víðtæka þjónustu og ráðgjöf varðandi hugbúnað, vélbúnað, samskiptabúnað, gagnavöktun og eftirlit.

Kerfisstjóri þarf að hafa góða þekkingu á Microsoft stýrikerfum og Active Directory. Þekking á ITIL er æskileg. Víðtæk reynsla og þekking á rekstri á kjarnaþjónustum ásamt helstu nýjungum.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Jóseppson, deildarstjóri kerfisþjónustu, netfang: guðmundur.joseppson@islandsbanki.is, sími 844 4324.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 18. september. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

Helstu verkefni:

- Tæknileg stjórnun verkefna og rekstur upplýsingakerfa
- Ráðgjöf og stuðningur við einingar bankans við greiningu ferla og umbætur á þeim
- Aðgangsstjórnun og skýrslugerð
- Samskipti við viðskiptavini kerfisþjónustu, þjónustuaðila og eftirlitsaðila
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sérfræðimenntun sem nýtist í starfi
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Hæfni og reynsla í greiningu og framsetningu ferla



Íslandsbanki

Veitingastaðurinn Vegamót óskar eftir að ráða matreiðslumann vegna mikilla anna.

Einnig vantar okkur vanan aðstoðarmann í eldhús og vanan pizzubakara. Fjörugur og skemmtilegur vinnustaður. Áhugasamir hafi samband við Stefán í s. 822 6160

VEGAMÓT
BISTRO I BAR

Auglýst eftir forstöðumanni!

Meningarmiðstöð Þingeyinga auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar.

Meningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun á vegum Þingeykskra sveitarfélaga. Undir Menningarmiðstöð Þingeyinga heyra Safnahúsið á Húsavík, Byggðasafnið Grenjaðarstað og Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum.

Starfssvið:

Starfið felur í sér framkvæmdastjórn að því er varðar starfsemi, þróun og skipulagningu ofangreindra safna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám á menningarsögulegum grunni; sagnfræði, safn fræði, fornleifafræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi.
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Þekking og reynsla af safnstarfi og öðru menningarstarfi æskileg.
- Góð tungumála- og tölvuþekking.

Leitað er að kraftmiklum, metnaðarfullum einstaklingi, sem er vanur sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði í störfum og á auðvelt með samskipti við fólk.

Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Launaneftdar sveitarfélaga við aðildarfélög BHM.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

Umsóknir sendist á:

Meningarmiðstöð Þingeyinga, Stóragarði 17, 640 Húsavík. Stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga áskilur sér rétt til að framlengja umsóknarfrestinn, ef nauðsyn krefur.

Upplýsingar um starfið veita Ólína Arnkelsdóttir, formaður stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í síma 865-8882, netfang olina@thingeyjarsveit.is og Sigrún Kristjánsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, sími 896 8218, netfang safnahus@husmus.is

www.vinna.is



vinna.is
sími: 511 1144



EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP

KVEIKIR ÞÚ Á ÞESSU?

SkjárEinn auglýsir eftir öflugum áskriftarstjóra! Við leitum að einstaklingi með góða skipulagshæfileika, sem býr yfir frumkvæði, sjálfstæði og áhuga á að móta framtíðina með einni skemmtilegustu sjónvarpsstöð landsins.

ÁSKRIFTARSTJÓRI

Starfssvið:

- Stýrir fjölbreyttum söluverkefnum fyrir SkjárEinn, SkjáGolf, SkjáBló og SkjáHeim.
- Starfar með söluveri Skjásins að ýmsum söluverkefnum; skipuleggur samskipti við núverandi viðskiptavini.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun söluverkefna og sölustörfum nauðsynleg.
- Frumkvæði, stjórnunar-, skipulags- og samstarfshæfileikar.
- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.

Allt frá því að SkjárEinn hóf göngu sína árið 1999 hefur stöðin verið vinsæll valkostur hjá áhorfendum. Frá upphafi hefur áhersla verið lögð á fjölbreytta innlenda dagskrárgerð og vandaða erlenda þætti. SkjárEinn er oftast nefndur af öllum fjölmiðlum þegar spurt er hvaða miðil fólk noti helst þegar það vill slaka á. SkjárEinn hefur í gegnum tíðina boðið áhorfendum upp á frábærar sakamálaseríur, dramatík, raunveruleikaþætti og gamanþætti af bestu gerð.

Umsjón með ráðningum hefur **Ragna Margrét Norðdahl** hjá Skiptum. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsóknir á ragnam@skipti.is Umsóknarfrestur er til og með **19. september 2011** Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Skjárinn sér um rekstur SkjásEins, SkjásBlós, SkjásHeims og SkjásGolds. SkjárEinn og SkjárGolf eru áskriftarstöðvar, SkjárBló veitir aðgang að kvikmyndum heima í stofu og SkjárHeimur er endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva.

Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



Sérfræðingur í þróun mæliaðferða

Þróunardeild mæliaðferða sér um þróun og gildingu á mæliaðferðum sem notaðar eru við þróun á nýjum lyfjaformum og við losun á framleiðsluvörum á markað. Starfið er sambland af hópavinnu, verklegri vinnu á rannsóknarstofu, úrvinnslu á gögnum og skýrslugerð.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í verkefnahópum sem vinna að þróun nýrra lyfjaforma
- Þróun og gilding á mæliaðferðum
- Umsjón með tækjabúnaði og innleiðing á nýrri tækni og verklagi

Við leitum að einstaklingi:

- með háskólapróf á sviði raunvísinda
- með þekkingu á efnafræði og efnagreiningum (kostur)
- með reynslu af rannsóknarstörfum þar sem krafist er nákvæmni og staðlaðra vinnubragða við öflun og úrvinnslu gagna
- með góða samskiptahæfni
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

Starfsmaður í pökkun

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Ef þú ert...

- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samviskusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- með góða enskukunnáttu
- góð/ur í að vinna í hópi

... þá bjóðum við

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfu, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Starfsmaður á lager

Lagerinn heyrir undir vörustjórnunarsviði Actavis hf. og skiptist í hráefnalager, pökkunarefnislager og fullbúinn lager.

Helstu verkefni:

- Móttaka hráefna og pökkunarefna
- Skráning og frágangur á hráefnum og pökkunarefnum
- Afhending hráefna og pökkunarefna inn á vinnslusvæði og frágangur eftir notkun
- Frágangur fullbúinnar vöru til útflutnings
- Frágangur lyfja og annarra vara til eyðingar
- Frágangur og flokkun vegna endurvinnslu

Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum er kostur
- Lyftarapróf mjög æskilegt
- Góð tölvuþekking

Vinnutími:


Þriðju hverja viku er unnið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum, ásamt skipulagðri helgarvinnu. Einnig er um tilfallandi yfirvinnu að ræða.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði fyrir 18. september nk.**

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



www.vinna.is



Radisson Blu 1919 HOTEL, REYKJAVIK

Radisson Blu 1919 hótél leitar eftir:

- Matreiðslumanni
- Matreiðslumanni í vaktstjórastöðu

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda inn fyrir 17. september á netfangið sigrídur.valdimarsdóttir@radissonblu.com

Reynsla æskileg ásamt góðri tungumálakunnáttu.
Æskilegur aldur er 25 ára og eldri.

1919
RESTAURANT
AND LOUNGE



Við leitum að góðu fólki

Þjónustustjóri

Við leitum eftir duglegum, sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingi með ríka þjónustulund og samskiptahæfileika til að stjórna ræstingarverkefnum. Um er að ræða ákaflega lífandi og spennandi starf.

- Umsjón með stjórnun ræstingarverkefna
- Umsjón með ráðningu starfsmanna og þjálfun
- Samskipti við viðskiptavinum
- Eftirlit og árangursmælingar
- Pólsku kunnátta er kostur

Viðkomandi fær bíl og síma til afnota. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Nánari upplýsingar um starfið eru gefnar hjá www.vinna.is starf nr. 565882 og í síma 511-1144

UMHVERFISMEYRI
176 016
Ræstingarþjónusta
Fyrsta svansvottaða ræstingar fyrirtækið á Íslandi

Sólaræsting ehf er ört vaxandi þjónustufyrirtæki í sérlokki á sviði alhliða fasteignausmjónar. Við leggjum áherslu á umhverfsvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 120 frábærir starfsmenn.




KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

- **Yfirþorskaþjálfari** á hæfingarstöðina Fannborg
- **Þorskaþjálfari** á hæfingarstöðina Dalvegi
- **Leikskólakennari** við leikskólann Fögrubrekku
- **Leikskólakennari** við leikskólann Dal
- **Leikskólakennari** við leikskólann Arnarsmára
- **Leikskólakennari** í sérkennslu við leikskólann Álfatún
- **Skólaritari** við Álfhólsskóla
- **Martáður** við Álfhólsskóla
- **Stuðningsfulltrúi** við Álfhólsskóla
- **Skólaliði** í dægrasvöl í Salaskóla

Allar nánari upplýsingar um stöðurnar á heimasíðu Kópavogsbæjar.
Einungis er unnt að sækja um stöðurnar á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is.

www.kopavogur.is



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDUR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Viltu vinna með eldri borgurum?

Óskum eftir að ráða 2 starfsmenn í 50% stöður hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Störfin felast í að sjá um skömmtunar-eldhús í einu af mótuneytum fyrir eldri borgara í Hafnarfirði.

Gerð er krafa um jákvætt viðmót, mannúðlegt viðhorf og hæfileika til lipurra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru mikil kostir.

Við leitum að einstaklingum með menntun og/eða reynslu af vinnu í mótuneytum eða með mikinn áhuga á að starfa með eldri borgurum.

Um dagvinnu er að ræða.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hliffar.

Upplýsingar um störf veita Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimþjónustu og Kolbrún Oddbergsdóttir deildarstjóri í síma 585 5700

Umsóknnum skal skila til Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 í Hafnarfirði fyrir 25. september.




Sölumaður í véladeild

Sindri leitar að starfsmanni til að selja og þjónusta Atlas Copco loftpressur, verkfæri og tengdan búnað. Starfið felur einnig í sér tækniráðgjöf og áframhaldandi uppbyggingu á véladeild Sindra.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð ensku- eða sænskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

Menntun:
Vélfræðingur með þekkingu á vélum kostur.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma 575 0000 eða á kph@sindri.is. Umsóknnum skal skilað fyrir **22. september**.



Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- og þjónustufyrirtækin Johan Rönning, Rönning og Hebron. Hjá félaginu starfa 65 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi. Johan Rönning er þekktur fyrir að vera góður og eftirsóttur vinnustaður.

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI



Iðjubjálfun Hrafnista Reykjavík

2 störf er í boði á deildinni:

- Við óskum eftir iðjubjálfa Helstu verkefni eru þjónusta við skjólstaðinga í endurhæfing- og dagbjálfunarrýmum, í samstarfi við aðra fagaðila.
- Við óskum eftir t.d. iðjubjálfa, listmedferðarfræðing, músikþerapista, þorskaþjálfara eða félagsráðgjafa. Helstu verkefni eru þjónusta við 60 heimilismenn á 2 hjúkrunardeildum, s.s. með hópastarfi og einstaklingsmeðferð.

Í boði eru spennandi störf og umsækjendur þurfa að vera færir í mannlegum samskiptum, geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi.

Bæði störfin eru hlutastörf og vinnutími samkomulag. Nánari upplýsingar veitir: Sigurbjörg Hannesdóttir, deildarstjóri iðjubjálfunar og félagsstarfs, sigurbjorg.hannesdottir@hrafnista.is. vs.585 9383/693 9559

Sjúkraliðar – aðstoðarfólk Hrafnista Reykjavík

Lausar eru stöður sjúkraliða og aðstoðarfólks við umönnun á Hrafnistu í Reykjavík. Við leitum að vönu starfsfólki í eftirtaldir stöður:

- Næturvaktir 74,38% - tvær stöður
- 100% vaktavinna

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Hrafnistu: www.hrafnista@hrafnista.is og á skrifstofu Hrafnistu í Reykjavík. Öllum umsóknnum er svarað.

Hlutastarf eldhús

Matsöluastaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða lípran og hressan einstakling til afgreiðslu á heitum mat þrjá eftirmiðdaga í viku. Íslenskukunnátta nauðsynleg. **Upplýsingar í s. 557 3910 virka daga.**

STAR : ODDI**Stjörnu-Odda óskar eftir tveimur starfsmönnum í framleiðslu**

Laghentir starfsmenn óskast í samsetningu á rafeindabúnaði, unnið er með mjög fíngræða rafeindahluti. Það er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af rafeindasamsetningu og lóðavinnu, en er ekki skilyrði, við þjálfum sjálfir okkar starfsfólk.

Við förum fram á árangursmeðvitund, vandvirkni, samvirksemi og stundvísu.

Við bjóðum: Spannandi verkefni í samstarfi við samstilltan hóp starfsmanna í fyrirtæki sem á sér mikla framtíðarmöguleika. Stjörnu-Oddi framleiðir fyrst og fremst mælitæki, vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsóknna og til merkinga á dýrum/fiskum/fuglum, og til iðnaðar.

Umsóknin sendist með tölvupóst á sigmar@star-oddi.com eða bréflaga til Stjörnu-Odda, Vatnagörðum 14, 104 Reykjavík, **umsóknarfrestur er til mánudags 19 september.** Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson í síma 533 6060, heimasíða Stjörnu-Odda er www.star-oddi.com.



Íslenska félagið ehf. (Icegroup Ltd.) er fiskútflutningsfyrirtæki. Fyrirtækið er með starfsemi á Íslandi, í Noregi og í Marokkó. Eitt dótturfélaga Icegroup heitir Ice Africa og er staðsett í Marokkó. **www.icegroup.is**

Skrifstofumaður

Ice Africa óskar eftir að ráða skrifstofumann til starfa. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er íslenskur.

Starfssvið

- Útflutningsskjalagerð.
- Samskipti við flutningsfyrirtæki, (bókanir) og skýrslugerð.
- Skráning bókhalds.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Kunnátta í útflutningsskjalagerð.
- Góð almenn tölvukunnátta í Word, Excel o.fl.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, kunnátta í frönsku mikill kostur.
- Starfið krefst þess að viðkomandi sé talnaglögður, nákvæmur og skipulagður í öllum vinnubrögðum.

Upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



VAKI er leiðandi fyrirtæki í þróun og markaðssetningu tækniúnaðar fyrir fiskeldi. Nánast öll framleiðsla er seld á erlenda markaði í gegnum umboðsaðila eða dótturfyrirtæki erlendis. VAKI hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 2009. Starfsmenn eru 18 á Íslandi og 9 starfa í dótturfyrirtækum VAKA í Chile og Noregi. Sjá nánar á www.vaki.is

Rafeindavirki

Framtíðin er björt og við erum að stækka, þess vegna leitum við að öflugum liðsmanni til þess að takast á við spennandi verkefni með okkur.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starfsmaðurinn verður í framleiðslustýriteymi VAKA.

Helstu verkefni

- Lokafrágangur á framleiðslu.
- Tækniaðstoð við undirverktaka.
- Fjarþjónusta við notendur.
- Viðgerðarþjónusta á verkstæði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafeindavirkjun.
- Góð enskukunnátta skilyrði og eitt Norðurlandamál kostur.
- Góð þekking á Microsoft Windows nauðsynleg.

Við leitum að jákvæðum, vandvirkum, skipulögðum og áhugasömum liðsmanni sem getur unnið sjálfstætt.

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Treasury Specialist

Marel is looking for a responsible and ambitious Treasury Specialist to handle cash and liquidity management. The employee will be based in Group Treasury in Iceland and will cooperate closely with colleagues and managers based both domestically and abroad.

Responsibilities

- Daily liquidity and cash management
- Administration of Marel's global cash pool
- Internal reporting to management
- Monitoring of Treasury-related items in financial reports
- Follow-up on compliance with Treasury procedures
- Further development of Treasury processes

Requirements

- University degree in a relevant field
- Experience in corporate and/or banking treasury
- Accuracy and close attention to detail
- Excellent communications skills
- Excellent English language skills
- Advanced computer skills
- Willingness to travel as required

The closing date for applications is 26 September 2011. Applications are only accepted via the Marel website, at www.marel.com/jobs

For further information on this position, please contact Linda Jónsdóttir, Corporate Director of Financing and Treasury, tel.: +354 563 8000, or Heiðrún Helgadóttir (Heidrun.Helgadottir@marel.com), tel. +354 563 8243.

Marel is an international hi-tech company and a leading global provider of advanced equipment, software and solutions for the food processing industry. The company employs about 3,500 people across five continents, including 400 in Iceland.

We offer excellent working conditions, efficient staff training, flexible working hours, a canteen, a children's playroom, outstanding sports facilities and a lively social life.

www.marel.com

**marel**

Spennandi starf í góðu starfsumhverfi

Isavia ohf. óskar að ráða Flugfjarskiptamenn

Isavia hefur ákveðið að fjölga í hópi flugfjarskiptamanna og bjóða upp á nám í flugfjarskiptum. Ráðgert er að námið hefjist í byrjun nóvember n.k. og áætluð námslok eru í maí 2012. Þeim umsækjendum sem standast próf og aðrar tilskyldar hæfniskröfur verður að námi loknu boðið starf flugfjarskiptamanns hjá Isavia.

Námið er tvíþætt. Fyrri bóklegi hlutinn fer fram í ATS skóla Isavia, en seinni hlutinn er starfsþjálfun í flugfjarskiptadeild Isavia Gufunesi. Nemendur eru á launum á námstímanum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Áhersla er lögð á umsækjandi hafi mikla samskiptahæfileika með góða og örugga framkomu
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt miklum skipulagshæfileikum
- Hafa frumkvæði í starfi
- Fullnægja tilskyldum heilbrigðiskröfum

Unnið er á vöktum alla daga ársins.

Umsóknarfrestur er til 24. september. Umsóknareyðublöð má finna á: www.isavia.is/atvinna

Upplýsingar um starfið veitir Hallgrímur Sigurdsson í síma 563-6554/hallgrimur.sigurdsson@isavia.is

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia ohf. starfa um 570 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugleiðsögubjónustu fyrir innanlands jafnt sem millilandflug auk yfirflugbjónustu fyrir Norður- Atlantshafið.

Isavia ohf. leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



Sálfræðingur - Sálfræðipjónusta á geðsviði

Auglýst er eftir sálfræðingi við sálfræðipjónustu á geðsviði til að starfa í samfélagsgeðteymi sviðsins. Samfélagsgeðteymi geðsviðs starfar í takt við markmið sviðsins um bættu þjónustu við langveika geðsjúka einstaklinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starf sálfræðings í teyminu felur í sér sálfræðilega meðferð sjúklinga teymisins, handleiðslu og fræðslu, málástjórn og þátttöku í greiningu og áætlunargerð með sjúklingum, aðstandendum þeirra og starfsmönnum teymisins. Störf sálfræðinga á sviðinu eru í takt við meginhlutverk spítalans, að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra þjónustu, stunda rannsóknir og að fræða og þjálfa nemendur heilbrigðisstétta.

Hæfniskröfur

Leitað er eftir sálfræðingi með þekkingu og reynslu af meðferð langveikra geðsjúkra einstaklinga og reynslu af þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu heilbrigðisstétta. Mikilvæg ráðningarskilyrði eru þekking og reynsla af hugrænni atferlismeðferð, áhugi og góðir samstarfshæfileikar.

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 25.09.2011.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. nóvember 2011, eða eftir samkomulagi, til eins árs með möguleika á framlengingu.
- » Sótt er um á www.landspitali.is þar sem fram koma nánari upplýsingar um starfið.
- » Upplýsingar veita Jón F Sigurdsson, yfirsálfræðingur, netfang jonfsig@landspitali.is, sími 543 4060 og Guðbjörg Sveinsdóttir, teymisstjóri samfélagsgeðteymisins, guðsvei@landspitali.is, sími 825 3618.
- » Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Jóni F Sigurdssyni, yfirsálfræðingi, LSH Sálfræðipjónustu 34D við Hringbraut.
- » Mat á umsóknum byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksstötu 5. Tekið er mið af jafnréttisfestnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklusinn vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

ENGINEERS IN ELECTRO – MECHANICAL – HYDRAULIC – AUTOMATION

EXCITING JOB OPPORTUNITIES ARE WAITING IN NORWAY.



Jobconnect – Staffing and recruiting agency

On behalf of:

National Oilwell Varco Norway AS

National Oilwell Varco Norway AS is a 100% owned subsidiary of National Oilwell Varco Inc., which has its head quarter in Houston, Texas. National Oilwell Varco is a worldwide leader in the design, manufacture and sale of comprehensive systems and components used in oil and gas drilling and production. The National Oilwell Varco Norway AS headquarter is in Kristiansand, with branch offices in Stavanger, Molde, Asker and Arendal and subdivisions in Tønsberg and Trondheim.

www.nov.com

General qualifications and skills:

We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Applicants should have a background as engineers (BSc. or MSc.).

It is also important with good communication skills in English.

One or more of the following points is a plus:

- Experience from the offshore -, engineering- or mechanical industry.
- Knowledge of hydraulic systems and components.
- Work experience from oil-related or other relevant technical fields.
- Experience and knowledge of steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.

We can offer you:

- A young and informal environment that is characterized by trust and openness.
 - Good conditions and exciting career opportunities in Norway and worldwide.
 - Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development.
 - Competitive salary terms and good insurance.
- A great working environment.

Please send your CV, transcript of grades and application letter in English within the 20th of September to the contact person below. Interviews will be held in Reykjavik (depending on number of applicants). The applicants invited to an interview will be notified of exact date and time.

Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect, E-mail: karianne@jobconnect.no,

Web-page: www.jobconnect.no

Sjöntækjafraeðingur óskast

Óskum að ráða til starfa sjöntækjafraeðing í verslun okkar.

Reynsla æskileg, en ekki skilyrði.
Áhugasamir sendið umsókn á kringlan@prooptik.is

prooptik
GLERAUGU



Naturvörður hjá Alþingi

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir naturverði í fullt starf.

Sjá nánari upplýsingar á Starfatorg.is.

Framkvæmdastjóri

Iðnmennt ses. og IÐNÚ bókaútgáfa óska eftir að ráða framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur og ábyrgð á fjárreiðum félagsins
- Framkvæmd þeirra verkefna sem stjórn félagsins ákveður
- Samskipti við hagsmunaaðila, birgja og viðskiptavininn innanlands sem utan
- Önnur tilfallandi verkefni



Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði bókaútgáfu
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Mjög góð tungumálakunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu sem riti

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknarfrestur er til 17. september og skal senda umsóknir til formanns stjórnar Baldurs Gíslasonar á bg@tskoli.is. Nánari upplýsingar gefur Baldur Gíslason í síma 8955877.

Iðnmennt ses er sjálfseignarstofnun sem hefur að markmiði að standa vörð um iðn- og starfsmenntun, m.a. með útgáfu námsefnis undir merki Iðnú bókaútgáfu.

IÐNMENNT IÐNÚ

Hjúkrunarfræðingar

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarfræðinga á öldrunarlækningadeild L3 Landakoti. Deildin er fimm daga endurhæfingardeild fyrir aldraða. Störfin veitast annars vegar frá 1. nóvember 2011 eða fyrr og hins vegar frá 1. desember 2011. Um er að ræða dag- og kvöldvaktir, virka daga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstaðing og ber ábyrgð á henni
- » Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- » Þátttaka í teymisvinnu

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Góð samskiptahæfni
- » Faglegur metnaður



Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 24.09.2011.
- » Starfshlutfall er 80-100%.
- » Upplýsingar veitir Herdís Herbertsdóttir, deildarstjóri, netfang herdish@landspitali.is, sími 543 9879.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskráttinum og hjúkrunarleyfi.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast deildarstjóra, L3 Landakoti.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvoggi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksstötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

FORSTÖÐUMAÐUR DVALARHEIMILIS ALDRAÐRA Í STYKKISHÓLMUM

Stykkishólmsbær óskar eftir að ráða í starf forstöðumanns Dvalarheimilis aldraðra, Stykkishólmi. Um er að ræða 60%-100% starf, eftir samkomulagi. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á umönnun heimilisfólks og sjúklinga í hjúkrunarrýmum
- Umsjón og ábyrgð á rekstri Dvalarheimilisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hjúkrunarfræðimenntun eða jafngilt nám
- Frumkvæði og metnaður
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, sem er sjálfseignarstofnun, tók til starfa 9. ágúst 1978. Á heimilinu eru átján einsmanns- og tvö tveggja mannaherbergi. Sextán íbúðir fyrir aldraða eru tengdar Dvalarheimilinu.

Umsóknir skulu berast Stykkishólmsbæ, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða á netfangið baejarstjori@stykkisholmur.is.

Nánari upplýsingar veitir Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, sími: 433 8100 og netfang: gyda@stykkisholmur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk. Öllum umsóknum verður svarað.

www.stra.is
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík



Embætti umboðsmanns skuldara óskar eftir að ráða í eftirtalin störf

Sviðsstjóri úrræðasviðs hefur umsjón með daglegri starfsemi sviðsins, er annast fjölbreytt störf sem varðar úrlausnir fyrir umbjóðendur embættisins s.s. greiðsluaðlögun auk annarra þeirra sérhæfðu verkefna er falla til hverju sinni.

Hæfniskröfur eru háskólamenntun og/eða marktæk reynsla er nýtist í starfi. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni, fagleg vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum. Leitað er að árangursdrifnum og metnaðarfullum stjórnanda.

Sviðsstjóri stjórnáskilvæðis hefur umsjón með daglegri starfsemi sviðsins og veitir öðrum sviðum embættisins faglegan stuðning. Sviðið annast m.a. svörum erinda, umsagnir um lagafrumvörp og álitæfni auk úrlausnar vafamála og annarra sérverkefna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögfræði og marktæka reynslu af störfum og stjórnun á lögfræðisviði. Áhersla er lögð á sjálfstæð, skipuleg og fagleg vinnubrögð. Við leitum að metnaðarfullum og árangursdrifnum stjórnanda.

Störf umsjónarmanna sbr. lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun. Viðkomandi hafa m.a. umsjón með gerð greiðsluaðlögunarsamninga, annast innkallanir og samningsumleitunir við kröfuhafa.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögum eða meistarapróf í lögfræði, en kostur er umtalsverð reynsla af lögfræðistörfum hjá lögmannsstofum. Áhersla er lögð á skipuleg og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

Störf lögfræðinga, en meðal verkefna eru lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi BA próf og/eða meistarapróf í lögfræði, en marktæk reynsla af sambærilegu er kostur. Áhersla er lögð á sveigjanleika, þjónustulipurð og metnað til árangurs í starfi.

Viðskiptafræðingar, en meðal verkefna er ráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnslu erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi menntun á sviði reksturs og viðskipta, en marktæk þekking og reynsla af sambærilegu er nauðsynleg. Áhersla er lögð á skipuleg og fagleg vinnubrögð, þjónustulund, sjálfstæði og metnað til árangurs í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ, netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ veitir nánari upplýsingar, sjá nánar www.stra.is.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Stofnunin heyrir undir velferðarráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.

STRÁ

Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!

Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi.

Allar nánari uppl. í s. 848 5213 og 822 1919
skerjagardur@skerjagardur.is

Hlutastarf

Fjölskylda í Vesturbænum óskar eftir barngóðri og áreiðanlegri manneskju til að sækja 4ra ára stelpu úr leikskóla og taka á móti 7 ára stráka einn til tvo eftirmiðdaga í viku og sinna léttum heimilisstörfum.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Jónínu í s. 696 5404, Birgi í s. 8206343 eða í joninalar@gmail.com fyrir 14. september næstkomandi.

**STARFATORG.IS**

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Störf	Umboðsmaður skuldara	Reykjavík	201109/029
Næturvörður	Alþingi	Reykjavík	201109/028
Lögfræðingur	Umboðsmaður Alþingis	Reykjavík	201109/027
Verkstjóri	Vegagerðin	Borgarnes	201109/026
Sérfræðilæknar	LSH, háls-, nef- og eyrnalækn.	Reykjavík	201109/025
Sálfræðingur	LSH, geðsvið	Reykjavík	201109/024
Skrifstofustarf	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201109/023
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Selfoss	Selfoss	201109/022
Sérhæfður starfsmaður	LSH, sýklafræðideild	Reykjavík	201109/021
Sjúkraliði	LSH, blóðlækningadeild	Reykjavík	201109/020
Sjúkraliði	LSH, öldrunarlækningad.	Reykjavík	201109/019
Læknir í starfsnámi	LSH, háls-, nef- og eyrnadeild	Reykjavík	201109/018
Hjúkrunarfræðingar	LSH, öldrunarlækningadeild F	Reykjavík	201109/017

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is



Vélstjóri og rafvirki á flutningaskip Eimskip

Hjá Eimskip starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur öflugra starfsmanna og nú leitum við að einstaklingum til að slást í þann hóp og takast á við spennandi störf.

Eimskip vill ráða vélstjóra með full STCW réttindi og rafvirkja á skip félagsins. Almennt gildir að siglt er í 2 vikur og frí í 2 vikur.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Full réttindi STCW samkvæmt reglum III/2 (vélstjóri)
- Sveinspróf eða reynsla af viðgerðum og viðhaldi raflagna og/eða frystigáma (rafvirki)
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Jákvæðni og samskiptahæfileikar
- Íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Guðni Sigurmundsson í síma 525 7162.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september 2011. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík
Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM



Óskum eftir starfskrafti í 70% stöðu.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið
kjotkompani@kjotkompani.is

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 Hafnarfröi

Kringlan

Ævintýraland Kringlunnar

– Vinna með námi

Rekstrarfélag Kringlunnar óskar eftir umsóknum frá aðilum 22 ára og eldri í í stöðu umsóknarmanns barnagæslu Ævintýralands Kringlunnar. Um er að ræða hentugt starf fyrir skólafólk þar sem vinnutíminn er milli kl. 14 og 19.

Umsóknir berist til Viðars J. Björnssonar á netfangið vidar@kringlan.is fyrir fimmtudaginn 15. september.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Sími 517 9000 | www.kringlan.is

**NORÐLINGASKÓLI 2011 - 2012****Viltu slást í hópinn?**

Norðlingaskóli óskar eftir liðsmönnum í **Frístund Norðlingaskóla** sem starfrækt er fyrir nemendur 6 - 9 ára.

Um er að ræða stöður:

Deildar-, eða verkefnastjóra í 100% starf og aðra liðsmenn í fullt starf og hlutastarf.



Á skólaárinu 2011 - 2012 fer fram spennandi mótunarstarf nýrra leiða í frístund barna undir yfirskriftinni Dagur barnsins. Markmiðið er að flétta saman frístundastarf og skólalag yngstu nemenda.

Skólinn sækist eftir áhugasömum liðsmönnum sem náð hafa tvítugs aldri og eru tilbúnir að vinna með skemmtilegri og gefandi liðsheild nemenda og starfsmanna Norðlingaskóla.

Nánari upplýsingar í síma 411-7640 (Sif eða Ellert) eða tölvupósti sif.vigthorsdottir@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 23. september nk.



Skemmtigarðurinn Í SMÁRALIND

Viltu taka þátt í ævintýri?

Glæsilegur 2000 fermetra skemmtigarður verður opnaður í verslunarmiðstöðinni Smáralind í haust og okkur vantar því fólk í margskonar störf.

Skemmtigarðurinn verður fyrir alla aldurshópa og því leitum við að fólki á öllum aldri (16 ára og eldri) af báðum kynjum, bæði í fullt starf og hlutastarf. Um er að ræða vaktavinnu, ýmist í dagvinnu eða eftirvinnu, bæði langar og stuttar vaktir. Störfin geta bæði hentað þeim sem eru að leita að framtíðarstarfi eða tímabundnu starfi og verið góð viðbót fyrir heimavinnandi einstaklinga, skólafólk og fólk á besta aldri.

Dæmi um störf:

- Almennir starfsmenn til að stjórna og stýra leiktækjum og þjónusta viðskiptavini
- Rafvirkja/rafeindavirkja/vélstjóra eða sambærilegt til að sjá um viðhald og umsjón leiktækja
- ▲ Vaktstjórar sem bera ábyrgð á vöktum, mönnun og uppgjöri
- Starfsmenn til að hugsa um börn á barnasvæði okkar
- ▶ Starfsmaður sem hefur umsjón með veitingasvæði

Skemmtigarðurinn verður líflegur og skemmtilegur vinnustaður og starfsfólk okkar mun endurspegla þann anda. Sendu okkur umsókn ef þú hefur áhuga á að taka þátt í nýju og skemmtilegu ævintýri og tilgreindu hvaða starf þú ert að sækja um og hvaða vinnutími hentar þér.

Umsóknir sendist á vinna@skemmtigardur.is fyrir sunnudaginn 18. september.



Okkur vantar vana stálsmiði til starfa.

Mikilvægt er a viðkomandi sé íslenskumælandi. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera vanur allri fínsmíði úr ryðfríu og svörtu stáli. Gott væri að meðmæli og ferilskrá fylgi starfsumsókninni. Um framtíðarstarf er að ræða og lágmarksaldur er 24 ára. Áhugasamir senda umsókn á netfangið skh@internet.is



Áfengis- og vímuefnaráðgjafi

Laus er til umsóknar staða áfengis- og vímuefnaráðgjafa í Hlaðgerðarkoti, meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Um fullt starf er að ræða og óskað er eftir aðila með reynslu.

Matráður

Einnig óskum við eftir matráði á vöktum í 50% stöðu.

Upplýsingar um þessar stöður gefur Guðrún M. Einarsdóttir í síma 566 6148 eða á gudrun@samhjalp.is

ERT ÞÚ GÓÐUR SÖLUMANNAÐUR ?

Viðskiptatorg/Leiguhús.is óskar eftir sölumanni til starfa nú þegar, þarf að hafa metnað til að ná langt, geta unnið sjálfstætt, vera áráðinn, skipulagður, stundvís og duglegur. Laun eru hlutfall af sölu. Til staðar góð vinnuaðstaða í þekktu fyrirtæki sem stefnir á að vera ávallt leiðandi í sinni grein. Sendið umsókn fyrir 15. september til gjy@leiguhus.is



Í hjarta borgarinnar, þar sem fólkíð hittist

Óskum eftir þjónum og barþjónum

Café Paris, eitt af stærri og fjölsóttustu kaffihúsum og matsölustöðum höfuðborgarinnar, leitar eftir einstaklingum í þjónustörf og vönum barþjónum. Óskað er eftir menntuðum þjónum eða einstaklingum sem hafa viðtæka reynslu af störfum á veitingahúsum. Um fullt starf er að ræða og þurfa umsækjendur að vera reyklausir.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir á cafeparis@cafeparis.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



SIX er alþjóðleg verslunarkeðja með höfuðstöðvar í Köln í Þýskalandi og rekur yfir 400 verslanir um heim allan sem gefur starfmönnum SIX möguleika á að vinna víða á framandi slóðum.

Frekari upplýsingar um SIX má sjá á www.beeline-group.com og www.click-six.com

ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSFÓLK

SIX verslanirnar sem staðsettar eru í Kringlunni og Smáralind óska eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu.

Um er að ræða 100% störf og einnig 50% störf sem geta verið með vinnutímann frá 10:30 – 14:30 eða 14:30 – 18:30

SIX leitar að ábyrgarfullum einstaklingi með miklum áhuga fyrir að vinna við sölu á tískufylgihlutum.

Ef þú ert sá einstaklingur sem við leitum að þá endilega sendu umsókn á six@hlc.is



VILTU VINNA

OKKUR VANTAR STARFSFÓLK Í VERSLUN OKKAR Í REYKJAVÍK



VERSLUN

Sölumaður óskast í fullt og hlutastarf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina auk tilfallandi starfa í verslun. Viðtæk og góð þekking á tölvubúnaði skilyrði

INNKAUP

Innkaupafulltrúi óskast í fullt starf við vörustjórnun, innskráningu og tilfallandi verkefni. Góð Excel kunnátta og viðtæk þekking á PC tölvubúnaði skilyrði.

Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Mata hf. • Sundagörðum 10 • 104 Reykjavík

Mata hf/Salathúsið óskar að ráða starfsmann við uppraðanir í verslanir

Starfssvið:

- Uppröðun í verslunum á vörum fyrirtækisins.
- Birgðartalningar í verslunum.
- Útkeyrsla.
- Almenn lagerstörf.

Við óskum eingöngu eftir starfsmanni sem er vanur á þessu sviði og íslenskumælandi.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er skipulagður og sveigjanlegur og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Mata/Salathúsið er rótgróin heildsala sem sérhæfir sig í dreifingu á ávöxtum, grænmeti og salötum.

Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið steinar@mata.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sunnuhvöll

- Deildarstjóri
- Sérkennslustjóri
- Leikskólakennari/leiðbeinandi

Bæjarból

- Leikskólakennari/leiðbeinandi

Lundaból

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Hæðarból

- Leikskólakennari

Sjálundsskóli

- Kennari í hönnun og smíði
- Starfsmaður í tómsundaheimili

Bæjarskrifstofur

- Þjónustufulltrúi

Fræðslu- og menningarsvið

- Íþróttafulltrúi

Fjölskyldusvið

- Stuðningsfjölskylda

Sjá nánar á vef Garðabæjar www.gardabaer.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Lagerstarf

Eggert Kristjánsson hf. óskar eftir að ráða starfsmann í birgðageymslu sína að Sundagörðum 4. Óskað er eftir einstaklingi með reynslu af lagerstörfum sem á auðvelt með að starfa í hóp. Lyftararéttindi áskilin.

Upplýsingar um starfið veitir Þorgeir Pálsson lagerstjóri í síma 660 4406.

Umsóknir um starfið óskast sendar á netfangið eggert@eggert.is fyrir fimmtudaginn 15. september.

Bílstjóri óskast

Prentmet, Lynghási 1 í Reykjavík, óskar eftir að ráða **bílstjóra með meirapróf** í 50% starf, vinnutími 13-17.

Atvinnuumsókn er á heimasíðunni www.prentmet.is
Umsóknarfrestur er til 7. október.

Við leitum að aðila sem er ábyrgðarfullur, duglegur, heiðarlegur, traustur, góður í samvinnu, sýnir frumkvæði, hefur góða þjónustulund og effir heildina.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Nánari upplýsingar um starfið eru hjá framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, netfang: ingasteina@prentmet.is, sími: 8560604.



Lynghási 1, 110 Reykjavík • sími 5 600 600 • prentmet@prentmet.is • www.prentmet.is

Við leitum að flokkstjóra

Sólaræsting óskar eftir að ráða flokkstjóra til starfa í 100% starf. Flokkstjóri fer með yfirumsjón ræstinga á staðnum og dagleg samskipti við verkkaupa. Sér um kennslu og þjálfun starfsfólks.

- Tungumálakunnátta: Íslenska (góð kunnátta nauðsynleg), enska
- Kunnátta í austur evrópsku máli er kostur (t.d. pólska)
- Reynsla af ræstingum kostur

Nánari upplýsingar gefur Daiva í síma 820-4062 milli 9-11 og 13-16 á virkum dögum.

Hægt er að fylla út umsókn á skrifstofu Sólar, Kleppsmýrarveg 8 á sama tíma.



Sólaræsting ehf er þjónustufyrirtæki í sérflokki á sviði ræstinga. Við leggjum áherslu á umhverfisvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 100 frábærir starfsmenn.



Kerfisstjóri

Við leitum að öflugum kerfisstjóra á upplýsingatæknisvið fyrirtækisins. Starfið felst í rekstri og uppsetningu netþjóna, umsjón með afritatöku og rekstri símsstöðvar ásamt almennri notendabjónustu við starfsmenn.

Hæfnisþættir

- Stundvísi, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Árangursþörf og metnaður
- Geta til að vinna undir álagi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samskiptahæfileikar

Menntun og starfsreynsla

- MCITP- gráða eða sambærilegt
- Umfangsmikil þekking á Microsoft hugbúnaði
- Þekking og reynsla á rekstri netþjóna og gagnagrunna
- Þekking á afritunarbúnaði og afritunarreglum
- Þekking á rekstri símsstöðvar
- Þekking á uppsetningu forrita og vélbúnaðar
- Reynsla af notendabjónustu

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2011. Ráðið verður í starfið eins fljótt og kostur er.

Motus er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services). Hjá Motus starfa 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Motus aðstoðar viðskiptavini sína við að bæta fjárstreymi sitt og langtímaafkomu. Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia sem er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar í Evrópu.

Sölu- og markaðsstjóri

Við viljum ráða hugmyndafræðing, metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf sölu- og markaðsstjóra Novartis Consumer Health en deildin er sjálfstæð rekstrareining innan Artasan ehf.



Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar
- Gerð sölu- og rekstraráætlana
- Hvatning, stuðningur og stjórnun starfsmanna
- Stjórnun samskipta við birgja og viðskiptavini
- Greining á markaði og sölutækifærum
- Gerð og dreifing kynningarefnis og umsjón með birtingu auglýsinga
- Eftirfylgni í sölu- og markaðsmálum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða viðskipta
- Mikil reynsla af sölu- og markaðsstarfi á neytendavörumarkaði
- Einskær áhugi á markaðsmálum
- Skipulagshæfni og reynsla af áætlanagerð
- Góðir greiningar- og samskiptahæfileikar
- Mjög góð ritfærni á íslensku
- Góð kunnátta í ensku og dönsku
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Artasan ehf. er sérhæft fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lausasölulýfjum, heilsuvörum og neytendavörum.

Artasan er umboðsaðili Novartis Consumer Health sem er einn stærsti framleiðandi lausasölulýfja í Evrópu. Helstu vörumerki fyrirtækisins eru m.a. Nicotinell, Otrivin, Vectavir, Lamisil og Voltaren.

Gildi Artasan eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni!

Nánari upplýsingar um starfið veita Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri bg@artasan.is s. 414 9220 og Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri vilborg@artasan.is s. 535 7136. Umsóknarfrestur er til 19. september næstkomandi. Umsóknir og ferilskrár með nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@artasan.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.



Verslunarstjóri

Fataverslun á Höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa. Leitað er að jákvæðum og drifandi aðila með mikla þjónustuvitund og söluhæfileika.

Starfssvið:

- Umsjón með rekstri verslunarinnar
- Starfsmannastjórnun, skipulag verkefna, þjálfunarmál o.fl.
- Aðkoma og umsjón með innkaupum ásamt eftirlit með vöruinnkaupum, lagerhaldi og rýrnun
- Ábyrgð og umsjón á vöruframboði og framsetningu vöru í versluninni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði verslunar eða rekstrar æskileg
- Reynsla af verslunarstjórnun mikill kostur
- Leiðtogaþæfileikar, dugnaður og metnaður í starfi
- Góð framkoma og færni í mannlegum samskiptum

Umsóknir sendist á 101verslunarstjori@gmail.com fyrir 30.09. n.k

Störf í ferðapjónustu

AD Travel ehf óskar eftir þýsku-mælandi starfsfólki í störf við framleiðslu og úrvinnslu hópferða.

Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða þýsku.
- Góð tölvukunnátta.
- Hefur reynslu af ferðapjónustustörfum (s.s. unnið sem leiðsögumaður eða þekkir Ísland vel).
- Getur unnið mikið yfir sumartímann.

Um fullt starf er að ræða.

Umsóknir og ferilskrá sendist á daniel@adtravel.is



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í hópferðum fyrir franska og þýska ferðamenn. Við erum að leita að hressu starfsfólki sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.

Icelandic
Meteorological Office

Veðurstofa
Íslands

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeyra hlutverk í vöktun og rannsóknun en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

Aðstoðarmaður í mótuneyti

Veðurstofa Íslands óskar eftir því að ráða starfsmann í mótuneyti og er vinnutími frá 11:00 til 15:00. Helstu verkefni eru að annast öll almenn störf í eldhúsi í samráði við matráð.

Óskað er eftir einstaklingi sem er röskur, skipulagður og ábyrgur ásamt því að hafa góða færni í mannlegum samskiptum. Farsæl reynsla af eldhússtörfum er nauðsynleg.

Um er að ræða 50% starf og fara laun eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Borgar Ávar Axelsson
mannauðsstjóri
Veðurstofu Íslands
borgar@vedur.is / 522 60 00

Hafdis Karlsdóttir
framkvæmdarstjóri
Fjármála- og rekstrarsviðs
hafdis@vedur.is / 522 60 00

Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2011

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Á. Axelssyni, Bústaðavegi 7, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „aðstoðamaður í mótuneyti“.

Starfsmaður á vélaverkstæði



Hamar ehf er málmíðnaðarfyrirtæki með aðsetur á Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn.

Við leitum eftir stálsmiðum, vélvirkjum, rafsuðumönnum og rennismiðum á allar okkar starfsstöðvar. Eitt af okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan starfsanda á vinnustað og skila faglegum vinnubrögðum.

Gott tak á íslenski eða enski tungu skilyrði
Samkeppnishæf laun í boði.
Fullum trúnaði heitið.
Frábær vinnustaður skemmtilegt fólk.
AtH. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar í síma 660-3613
Umsóknir sendist á siggil@hamar.is

AP-ÞRIF

Ræstingastjóri

Við óskum eftir kraftmiklum einstaklingi í starf ræstingastjóra. Í starfinu felst umsjón og eftirlit með ræstingum, samskipti við verkkaupa, þjálfun starfsfólks o.fl.

Viðkomandi þarf að vera drifandi og samviskusamur, skipulagður og sjálfstæður, tala íslensku og hafa ríka hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af ræstingum er kostur en ekki skilyrði.

Ræstitæknir I Sanitary technician

Við óskum eftir duglegu og samviskusömu fólki til starfa við ræstingar. Í starfinu felst almennar ræstingar hjá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða.

We are looking for efficient and reliable people, that can speak english, to work in the daily cleaning sector of our company. To apply, you can fill out an application at our office in Skeiðarárs 12 in Garðabær or send your application to ath-thrif@ath-thrif.is. The application deadline is the 18th of september 2011. For more information please call 821-7741.

Umsóknun óskast skilað á netfangið ath-thrif@ath-thrif.is eða á skrifstofu AP-Þrifa, Skeiðarársi 12 í Garðabæ. Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni J. Hallgrímsson í síma 821-7741.

Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.



Þingeyjarsveit

TILKYNNING UM FRAMKVÆMDALEYFI

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 8. september 2011 umsókn Þeistareykja ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðaplan verkeftirlits á Þeistareykjum.

Samþykktar eru framlagðar yfirlitsmyndir auk framkvæmdalýsingar í umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 29. júlí 2011. Framkvæmdaleyfið, ásamt framlögðum gögnum, er aðgengilegt á heimasíðu Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og veitir framkvæmdaleyfi með skilyrðum sem tilgreind eru í útgefnum leyfisgögnum.

Samið hefur verið um greiðslu framkvæmdagjalds. Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess. Í samræmi við 15. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er ákvörðun framkvæmdaleyfis kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá útgáfudagsetningu, þ.e. til 9. október 2011.

Þingeyjarsveit, 9. september 2011,
Sveitarstjóri

ÚTBOÐ

F.h. Reykjavíkurborgar:

Rammamningur um kaup á rekstrarvörum fyrir prentara, ljósritunarvélar og faxtæki, EES útboð nr. 12690.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá og með 13. september 2011 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð.

Opnun tilboða: 3. október 2011 kl. 10.00, í Borgartúni 12-14. Tilboðum skal skilað í þjónustuver. 12690

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ ÚTBOÐ

ENDURBÆTUR Á RAFLÖGNUM Í BYGGINGUM 615, 616, 617 OG 618 OG GEYMSLUM 608 OG 609 KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÚTBOÐ NR. 15116

